



| | |
|--|-----------|
| PISTILL FORMANNS | 4 |
| PISTILL FRAMKVÆMDASTJÓRA | 5 |
| SAMTÖKIN Í TÖLUM | 6 |
| VIÐBURÐAANNÁLL | 7 |
| STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR | 8 |
| ALÞJÓÐASTARF | 10 |
| Verkefni með erlendum félögum | |
| Regnbogakort ILGA-Europe | |
| Samtöðufundur með Ítalíu | |
| Árspaning ILGA-Europe | |
| Norræn ráðstefna og norrænt tengslanet | |
| Norðurslóðanet Íslands | |
| Heimsókn til Grænlands – Vestnorræn samvinna | |
| Kvennafundur Sameinuðu þjóðanna í New York | |
| European Solidarity Corps námsferð TOSCA | |
| Active citizens fund – fyrirlestur | |
| Námsferð til Finnlands á vegum European Solidarity Corps | |
| IDAHOT+ Forum 2023 | |
| Norrænt samstarf um málefni hinsegin eldra fólks | |
| Téténía | |
| Úganda | |
| FÉLAGSSTARF | 15 |
| Félagatal, félagsgjöld og félagsskírteini | |
| Starfsemi í Regnbogasal | |
| Landsþing hinsegin fólks | |
| Samtökin '78 á Hinsegin dögum | |
| 60+ hittingar | |
| Bókaklúbbur Samtakanna '78 | |
| Jólastund | |
| Hinsegin kaupfélagið | |
| FRÆÐSLUSTARF OG HINSEGIN VOTTUN | 18 |
| Almennt um fræðsluna | |
| Tölulegar upplýsingar | |
| Viðbragð við breyttum aðstæðum | |
| Próunarvinna | |
| Námskrár aðgengilegar á vefnum | |
| Framtíð fræðslunnar | |
| Sértæk fræðsluerindi | |
| Hinsegin vottun – fræðsla til vinnustaða | |
| Fræðsla til íþróttahreyfinga | |
| HAGSMUNA- OG MANNRÉTTINDABARÁTTA | 22 |
| Greinaskrif starfsfólks og stjórnar | |
| Héraðsdómur snýr við ákvörðun kærunefndar | |
| Samvinna með félagasamtökum vegna nýrra útlendingalaga | |
| Heilbrigðismál trans fólks og sjúkratryggingar | |
| Málefni hinsegin fólks á vinnumarkaði | |
| Málefni eldra hinsegin fólks | |
| Bælingarmeðferð | |
| Kvenna- og kváraverkfall | |
| Aðgerðaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks | |
| Þingsályktunartil laga um hatursorðræðu | |
| Upplýsingaóreiða og falsfréttir | |

Könnun um viðhorf til hinsegin fólks
 Blóðgjafir MSM
 Niðurgreiðsla á geymslu og upptöku kynfruma hjá Livio
 Reglugerð um hollustuhætti og reglugerð um vinnueftirlit
 Trans fólk og tryggingafélög
 Skráning á alvarlegum atvikum
 Kærur og lögreglumál
 HIV-jákvæð og tryggingafélög
 Íþróttir og íþróttahreyfingin
 Píeta samtökin
 Rauði krossinn
 Umboðsmaður barna
 Barna- og fjölskyldustofa
 Embætti landlæknis
 Sóttvarnalæknir
 Heilbrigðisráðuneytið
 Forsætisráðuneytið
 Landspítali – Háskólasjúkrahús
 Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
 Sanngirnisbætur til intersex fólks
 Trans teymi BUGL
 Trans teymi LSH
 Viðbragðsaðilar
 Sjúglumannsembætti
 Lögreglan og nám í lögreglufræðum
 Fangelsismálastofnun

MENNING OG SAGA _____ **35**

Hýrýrði 2023
 Skjalasafn Samtakanna, framtíð vegna lokunar borgarskjalasafns

RÁÐGJÖF _____ **36**

Almennt um ráðgjafarþjónustuna
 Markmið ráðgjafarstarfsins
 Ráðgjafateymi
 Notendur þjónustunnar
 Tölfræði ársins 2023
 Stuðningshópar og námskeið
 Starf fyrir 13–17 ára
 Tónsmiðja
 Sjálfstyrking og jóga
 Fræðslufundir
 Starf fyrir 18 ára og eldra trans fólk
 Stuðningshópar á erlendum tungumálum fyrir hinsegin fólk
 Stuðningur fyrir aðstandendur
 Regnbogastund
 Listmeðferð
 Heilsa og styrkur
 Lögfræðiráðgjöf
 Próun ráðgjafarþjónustunnar
 Framtíð ráðgjafarþjónustunnar
 Skjólstaðingar Samtakanna '78 sem leita að alþjóðlegri vernd
 Samskipti við Vinnumálastofnun
 Neyðaraðstoð

SKRIFSTOFA, FJÁRMÁL OG REKSTUR

 45

Samningur við forsætisráðuneytið
 Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið
 Samningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
 Samningur við Alþingi
 Mögulegir samningar
 Þróun samninga frá 2016
 Samningar við sveitarfélög
 Samningar við aðrar stofnanir
 Regnbogavinir Samtakanna '78
 Aðrir styrkir
 Komandi rekstrarár
 Bókhaldslyklar og kostnaðarstaðir
 Bókhaldsreglur- og ferlar
 Starfsfólk
 Álag á starfsfólk
 Verktakar
 Starfsmenn á skrifstofu – European Solidarity Corps
 Húsnæðismál
 Heimasíða
 Facebook
 Instagram
 Twitter

STJÓRN, FÉLÖG, RÁÐ OG NEFNDIR

 54

Aðalfundur 2023
 Félagsfundir
 Stjórn
 Félagaráð
 Hagsmunaráð
 Ungmennaráð
 Félagslegir skoðunarmenn reikninga
 Starfshópar og nefndir innan Samtakanna '78
 Fagráð Samtakanna '78
 Hagsmunafélög
 Hinsegin dagar - Reykjavík Pride
 Trans vinir
 Bangsafélagið
 HIN – Hinsegin Norðurland
 Hinsegin Vesturland
 Hinsegin kórinn
 Ásar á Íslandi
 Trans Ísland
 BDSM á Íslandi
 Q-félagið
 Intersex Ísland
 Önnur félög

UNGMENNASTARF

 63

10–12 ára starf
 13–15 ára starf
 16–17 ára starf
 18–30 ára starf



Kæra félagsfólk,

Síðastliðið starfsár skiptust á skin og skúrir. Á meðan bakslagið í réttindum hinsegin fólks varð öllum ljóst var stuðningurinn samt sem áður yfirgnæfandi. Til að mynda sló þátttaka í Gleðigöngu Hinsegin daga öll met og regnbogavinir Samtakanna '78 hafa aldrei verið fleiri, þrátt fyrir háværa og ógeðfellda umræðu um trans fólk.

Í kjölfar langvarandi tímabils framfara, réttarbóta og vaxtar Samtakanna '78 er ekki ófyrirséð að hluti samfélagsins bregðist við með þeim hætti sem þau hafa gert. Samtökin '78 hafa mætt þessu bakslagi með fjölbreyttum hætti ásamt hinsegin samfélaginu öllu. Saman höfum við brugðist við rangfærslum og stýrt meginstraumsumræðunni til jákvæðara horfs. Engu að síður mun neikvæð, þung umræða ávallt finnast á sumum vettvöngum samfélagsins. Þá er mikilvægt að hvert og eitt okkar meti hvaða slagi við erum tilbúin að taka og hverja ekki og að við munum að við erum mörg sem stöndum saman í þessari baráttu.

Það er einmitt í þeim anda sem ég ákvað að sækjast ekki eftir endurkjöri til formanns á komandi starfsári. Vissulega eru nokkrar breytingar á skrifstofu Samtakanna '78 og í stjórninni yfirvofandi og við slíkar aðstæður getur óvissan verið óþægileg. En þegar ég hugsa til samfélagsins okkar og allra þeirra hæfileika og samtakamáttar sem þar er að finna fyllist ég þvert á móti öryggistilfinningu. Ég veit að innan Samtakanna starfar fært og vandað fólk og ekkert bendir til að breyting verði þar á.

Að endingu langar mig að þakka ykkur öllum það traust og stuðning sem ég hef fundið undanfarin tvö ár. Ég vona að komandi stjórn njóti sama stuðnings samfélagsins og óska öllum þeim sem munu starfa á vettvangi Samtakanna '78 næstu misserin alls velfarnaðar.

Ykkar,
Álfur Birkir



Kæra samfélag.

Starfsárið 2023-2024 hefur verið eitt íburðarmesta starfsár frá upphafi. Mikil fjölgun er í alla þjónustu Samtakanna '78, mikil aukning erfiðra mála hjá starfsfólki og sjálfbóðaliðum, og aukinn þungi í almennings-umræðunni. Snemma í haust urðum við þess áskynja að lítill hópur fólks rægði starfsfólk og starfsemi Samtakanna '78 á grófan og ósanngjarnan hátt. Var tilgangur hópsins sá að rýra trúverðugleika okkar sem samtaka, og svifust þau einskis við að breiða út falsfréttir og upplýsingaóreiðu um starfsemi okkar.

Þessu var vitaskuld svarað af fullum krafti með nærgætni, heiðarleika og staðreyndum að vopni. Aukinn þungi var lagður í að gera allt okkar efni aðgengilegra sem og að gagnsæi var eftt til muna. Það ætti því ekki að vera neinn vafi á því hvornig við vinnum og fyrir hver. Við tókum því alvarlega að vinna fyrir allt hinsegin fólk, með það að leiðarljósi að öllum líði vel og séu örugg í eigin skinni og eigin lífi.

Samtökin '78 eru nefnilega merkilegustu félagsamtök landsins. Vinna hratt, vinna faglega og þrátt fyrir einhver nettröll gera þau það með afar takmörkuðu fjármagni og starfsfólki. Þó eru blikur á lofti því Samtökin hafa aldrei verið með jafn sterka og öfluga samninga við hið opinbera og hafa á sama tíma bætt sjálfsaflafé svo um munar.

Kæri félagi. Þetta er sjötti og síðasti pistill minn í árs-skýrslu sem framkvæmdastjóri en í byrjun ársins tók ég þá ákvörðun að segja starfi mínu lausu. Sjö ár eru langur tími, og sérstaklega er hann langur þegar litið er til baka og séð hve mikið samtökin hafa vaxið og breyst á þessum tíma. Það hefur verið mitt helsta stolt í lífinu (hingað til) að vinna fyrir Samtökin '78. Verkefni voru ærin í byrjun en ég geng stoltur frá borði og hlakka til að sjá samtökin halda áfram að blómstra.

Takk fyrir mig, fallega samfélag. Takk fyrir öll ráðin, alla leiðsögnina, alla hjálpina, alla vinnuna, sjálfbóðaliðastörfin, símtölin, spjöllin, vináttuna og traustið. Ég hlakka til að verða sjálfbóðaliði fyrir þessi mögnuðu félagsamtök.

Takk fyrir ykkur,
Daníel

551

FRÆÐSLUERINDI

15.501

MANNS SEM FENGU
FRÆÐSLU

1.622

RÁÐGJAFATÍMAR
Á ÁRINU

53%

AUKNING Í RÁÐGJÖF
Á SÍÐUSTU FIMM
ÁRUM

624

EINSTAKLINGAR
Í VIRKRI RÁÐGJÖF

55

EINSTAKLINGAR
SEM LEITA AÐ
ALÞJÓÐLEGRI VERND

38

STUÐNINGSHÓPAR
Á ÁRINU

122

MEÐALTALS-
MÆTING Í
UNGMENNASTARF

1.505

SKRÁÐ Í FÉLAGIÐ

25+

VIÐBURÐIR

200%

AUKIN AÐSÓKN Í
UNGMENNASTARF
SÍÐUSTU FIMM ÁRIN

250+

BEIÐNIR, ERINDI OG
FYRIRSPURNIR Á VIKU

Hér má sjá yfirlit yfir viðburði aðra en fasta viðburði sem haldnir voru á árinu. Nánar má lesa um fasta viðburði undir köflum um ráðgjöf og fræðslu í ársskýrslu þessari.

2023

| | |
|-------------------|--|
| 30. mars | Bókaklúbbur: <i>Að eilífu, ástin</i> |
| 4. maí | Opið hús: Spilakvöld |
| 9. maí | 45 ára afmæli Samtakanna '78 |
| 11. maí | Idahot ráðstefna |
| 20.maí | Félagsfundur að vori: Hinsegin sjálfsmynd í 45 ár |
| 24. maí | Tökum til varna – vinnustofa |
| 12. ágúst | Samtökin '78 í gleðigöngunni |
| 21. maí | HIV sátta- og minningarstund í Fríkirkjunni |
| 27. ágúst | Samstaða með ítölskum regnbogafjölskyldum |
| 25.-27. september | Nordic LGBTI ráðstefna |
| 24. október | Kvennaverksfall: Kaffi og kruðerí |
| 29. október | Bókaklúbbur: <i>Fried Green Tomatoes</i> |
| 16. nóvember | Félagsfundur að hausti: Hýrgrði 2023 |
| 19. nóvember | Bókaklúbbur: <i>Heartstopper</i> |
| 1. desember | Alþjóðlegi alnæmisdagurinn – HIV hraðpróf |
| 16. desember | Bókaklúbbur: <i>Pageboy</i> |
| 17. desember | Jólastund / Holiday gathering með Samtökunum '78 |

2024

| | |
|-------------|---|
| 15. janúar | Fundur um lífeyrismál |
| 18. janúar | Bókaklúbbur: <i>On a Sunbeam</i> |
| 24. janúar | 60+ hittingur |
| 8. febrúar | Bókaklúbbur: <i>DJ Bambi</i> |
| 14. febrúar | 60+ hittingur |
| 22. febrúar | Bókaklúbbur: <i>Fellow Travelers</i> |

Líkt og fyrri ár setti ný stjórn sér ákveðin markmið og meginverkefni fyrir starfsárið 2023–2024. Enn er unnið eftir grunngildum sem fyrri stjórn setti sér og kynnti fyrir félagsfundi sem og félagaráði og hagsmunaráði:

Samtökin '78 eru hagsmuna- og baráttusamtök hinsegin fólks á Íslandi. Markmið félagsins er að hinsegin fólk verði sýnilegt og viðurkennt og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Gildi Samtakanna '78 eru hugrekki og samstaða.

Leiðarvísar Samtakanna '78 eru að Samtökin '78

- hafa hugrekki til að ögra ríkjandi viðhorfum
- eru samtök alls hinsegin fólks og sá fjölbreytti hópur fólks endurspeglast í sýnileika okkar
- nálgast viðfangsefni sín af fagmennsku og ábyrgð

Meginstefnu stjórnar fyrir árið 2023-2024 var skipt í fimm flokka: Fræðslu, ráðgjöf, skrifstofu, mannréttindi og félagsstarf - samfélag. Byggði þessi stefna á fyrri stefnum stjórnna á tímabilinu 2021-2023. Líkt og áður var stefnan sett fram á þann hátt að lítið var til eins árs, tveggja ára og fimm ára.

Niðurstöður þessarar vinnu voru eftirfarandi, en hér er stiklað á stóru er kemur að áætlun til næstu tveggja ára.

FRÆÐSLA

- Námskrá og kennsluáætlun verði aðgengileg á vef Samtakanna '78
- Markvisst fræðsluefni verði keyrt á samfélagsmiðlum allt árið
- Unnin verði framtíðarstefna um hinsegin fræðslu á Íslandi
- Unnin verði stefna um mannauð fræðara Samtakanna '78
- Viðvera Samtakanna '78 verði aukin á þemadögum framhaldsskóla

RÁÐGJÖF

- Unnin verði framtíðarstefna um ráðgjöf Samtakanna '78
- Tryggt verði langtímafjármagn um ráðgjöf við ríkið
- Stuðningshópar verði áfram þróaðir með tilliti til fjölbreyttra þarfa, svo sem vegna aldurs, tungumála og mismunandi gerðar hinseginleika
- Ráðgjafaskýrslur og tölfraedi skjólstaðinga verði útvíkkuð

SKRIFSTOFA

- Tryggt verði fjármagn til Samtakanna '78 í samræmi við önnur sambærileg félög
- Kannaður verði möguleiki á ráðningu samfélagsmiðlafulltrúa/kynningarstjóra
- Unnar verði stefnur og verklagsreglur á skrifstofu vegna risnu, afmælisviðburða, jólagjafa, innkaupa og þess háttar

- Hinsegin kaupfélagið verði endurvakið og snið þess endurskoðað
- Vakin verði athygli almennings á að hægt sé að setja Samtökin '78 í erfðaskrár og að við bjóðum upp á minningarkort
- Fundin verði lausn á húsnæðisvanda Samtakanna '78 sem til kemur vegna ört vaxandi eftirspurnar

MANNRÉTTINDI

- Áfram verði áhersla á málefni hinsegin flóttafólks og þeirra sem leita að alþjóðlegri vernd
- Vitundarvakning um kynhlutlausu klefa
- Skerpt verði á hlutverki hagsmunaráðs og félagaráðs, og þeirra samvinnu við stjórn
- Átaksverkefni um ofbeldi innan hinsegin samfélagsins
- Aðgerðaráætlun um málefni hinsegin fólks sem orðið hefur fyrir ríkisofbeldi
- Blóðgjafir manna sem sofa hjá mönnum verði að veruleika

FÉLAGSSTARF –SAMFÉLAG

- Stofnað verði list- og menningarráð
- Fjárfest verði í sögu Samtakanna '78
- Haldin verði hinsegin menningarráðstefna
- Boðið verði upp á eflandi námskeið fyrir hinsegin fólk, t.a.m. í viðburðastjórnun, fjölmiðlum og framkomu, stjórnun og þess háttar
- Unnið verði að því að ná til og efla samheldni fólks yfir fimmtugu
- Haldið verði áfram með starf fyrir yngri en 12 ára
- Byggðar verði brýr milli kynslóða hinsegin fólks
- Fundinn verði farvegur fyrir sjálboðaliðastarf

VERKEFNI MEÐ ERLENDUM FÉLÖGUM

Á árinu hittu samtökin fulltrúa frá Prague Pride, pólsku samtökunum Rownosc, embættismann kynjajafnréttis frá Eistlandi, Ljubljana Pride, samtökin LGL frá Litháen og auk þess fengum við heimsókn frá grænenskum embættismönnum jafnréttisskrifstofu í vor, svo eitthvað sé nefnt.

REGNBOGAKORT ILGA-EUROPE

Í maí 2023 gáfu ILGA-Europe, regnhlífarsamtök hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, út árlegt regnbogakort sem sýndi að staða Íslands í evrópsku samhengi hefur batnað mikið á síðustu árum. Á þessu ári situr Ísland í 5. sæti listans og færast upp um sex sæti á milli ára, enda margt nýtt sem kom inn sem bætti stöðu Íslands á kortinu. Regnbogakortið skiptist nú í sjö flokka, en flokknum lagaleg viðurkenning og líkamleg friðhelgi hefur nú verið skipt í tvennt og eru flokkarnir því sjö í stað sex. Árið 2023 uppfyllti Ísland 70% af lagalegum réttindum hinsegin fólks, sem er hækkun um níu prósentustig frá því í fyrra. Staða Íslands í dag skiptist svo í eftirtöldum flokkum:

Heildarstaða Íslands í lagalegum réttindum hinsegin fólks: 70%



Jafnrétti og bann við mismunun: 87%



Fjölskyldumál: 90%



Hatursorðræða og hatursglæpir: 26%



Líkamleg friðhelgi og viðurkenning á skráðu kyni: 80%



Líkamleg friðhelgi intersex fólks: 50%



Funda-, féлага-, og tjáningarfrelsi: 100%



Málefni hinsegin hælisleitenda: 50%



Ef við berum þessar tölur saman við ársskýrslu starfsársins 2022-2023 þá er langmesta hækkunin og í raun sú eina þegar kemur að líkamlegri friðhelgi og viðurkenning á skráðu kyni, en nú loks er flest það sem vannst við frumvarp um kynrænt sjálfræði komið í lög og reglugerðir. Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu var því miður ekki á þingmálistu ríkisstjórnarinnar. Þó hefur 70. gr. almennra hegningarlaga verið breytt svo Ísland ætti að fá punkta fyrir það á næsta Regnbogakorti.

Þverfagleg nefnd sem sér um eftirlit við aðgerðum intersex barna var skipuð á árinu og því ætti Ísland einnig að fá punkt fyrir það. Næstu verkefni eru blóðgjafir MSM, sjálfkrafa foreldraskráning og almennileg stefna þegar kemur að hatursglæpum- og áróðri. Það sem er ekki á Regnbogakortinu en Samtökin telja mikilvægt að beita sér fyrir er réttarstaða og fæðingarorlof þriðja og fjórða foreldris, þ.e. í tilvikum þar sem fleiri en tveir einstaklingar stofna fjölskyldu saman.

Þrátt fyrir umtalsverða hækkun á kortinu og jákvæðar fréttir á síðustu árum þá þarf að gera enn betur og Samtökin '78 eru hvergi nærri hætt. Samtökin þakka Kitty Anderson, Uglu Stefaníu og Kristínu Þóru Harðardóttur við aðstoð við uppfærslu á kortinu.

SAMTÖÐUFUNDUR MEÐ ÍTALÍU

Samtökin '78 boðuðu til samstöðufundar með ítölskum hinsegin fjölskyldum sunnudaginn 27. ágúst. Ríkisstjórn Giorgiu Meloni hefur frá því hún tók við völdum á Ítalíu unnið gegn hinsegin fólki og þá sérstaklega fjölskyldurétti þeirra í nafni 'hefðbundins' fjölskyldumynsturs'. Um er að ræða grófa aðför að ítölskum hinsegin foreldrum og rétti barna þeirra til foreldra sinna. "Samtökin '78 eru samtök alls hinsegin fólks á Íslandi en við megum ekki gleyma því að horfa út fyrir landsteinana því það er verið að veitast að réttindum hinsegin fólks víða um heim. Það er skylda okkar að sýna þeim samstöðu og stuðning." sagði Bjarndís Helga Tómasdóttir, varaformaður Samtakanna '78 í samtali við mbl.is.

Um 50 manns hittust á torginu fyrir framan Hörpu í samstöðu og stuðning með ítölskum systkinum, auk þess að krefjast þess að íslensk stjórnvöld beiti sér gegn þessari óhugnanlegu þróun á alþjóðlegum vettvangi. Ræður fluttu Anna Buttice og Eva María Þórarinsdóttir Lange.

ÁRSPING ILGA-EUROPE

Árสปing ILGA-Europe var haldið með pompi og prakt í höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, 25.–28. október. Legebitra, Ljubljana Pride, ŠKUC, og TransAkcija stóðu að ársþinginu með ILGA-Europe.

Álfur Birkir Bjarnason, formaður, og Kristmundur Pétursson, stjórnarmeðlimur, ferðuðust um álfuna og sóttu þingið fyrir hönd Samtakanna '78. Ásamt þeim var Kitty Anderson, formaður Intersex Íslands, einnig í íslensku sendinefndinni.

Yfirskrift ársþingsins var "Rising to the Moment" og var bakslag í baráttu hinsegin fólks áberandi umræðuefni á dagskránni. Einnig er stríðið í Úkraínu enn stórt umræðuefni, sem og ástandið undir botni miðjarðarhafs. Hinsegin aktivistar frá öllum löndum Evrópu og flestum löndum Mið-Asíu áttu sæti á þinginu.

Það er okkur mikilvægt að læra af ILGA-Europe en ekki síður að miðla þeim góðu málum sem við höfum náð í gegn á Íslandi undanfarin ár, og finna samtökin fyrir miklum áhuga þegar kemur að lögum um kynrænt sjálfræði.

NORRÆN RÁÐSTEFNA OG NORRÆNT TENGLANET

24.–25. september héldu Samtökin '78 í samstarfi við forsætisráðuneytið og norrænu ráðherranefndina stóra ráðstefnu um hinsegin málefni á Norðurlöndunum. 111 þátttakendur úr 48 ólíkum félagasamtökum um hinsegin mál frá öllum Norðurlöndunum (auk Litáen) sóttu ráðstefnuna heim. Er þetta stærsta ráðstefna sem haldin hefur verið um hinsegin málefni á Íslandi og ein sú stærsta á síðasta áratug á öllum Norðurlöndunum.

Ráðstefna hófst á móttöku í ráðhúsi Reykjavíkur þar sem borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, bauð fólk velkomið. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, kom einnig í móttökuna og bauð fólk velkomið.

Gestir ráðstefnunnar höfðu margt fyrir stafni, en ráðstefnan í ár var vinnustofumiðað þar sem þátttakendur tóku virkan þátt. Tvö meginþemu voru á vinnustofunum: Bakslagið og heilbrigðisþjónusta hinsegin fólks. Sex vinnustofur voru undir þessum meginþemum, það voru: Haturshreyfingar gegn trans fólki, hatursorðæða og upplýsingaóreiða undir bakslaginu og svo kynstaðfestandi aðgerðir trans fólks, intersex málefni og vinnustofa um andlega heilsu undir heilbrigðisþjónustu hinsegin fólks. Komu margar góðar tillögur úr þessari vinnu sem dregin verður saman í sérstaka skýrslu.

Að auki var hraðvinastefnumót á dagskrá ásamt því að norrænu jafnréttisráðherrarnir mættu og svöruðu spurningum þátttakenda. Þeir ráðherrar sem tóku þátt voru Síríð Stenberg, Annika Hambrudd, Maria Bjerre, Lubna Jaffery, Sanni Grahn Laasonen, Paulina Brandberg og Katrín Jakobsdóttir. Er þeim öllum þakkað innilega fyrir.

Eftir góðan og kröftugan ráðstefnudag buðu Samtökin '78 til hátíðarkvöldverðar í Gamla Bíó. Afskaplega falleg og góð stemning myndaðist á milli ólíkra einstaklinga frá alls konar félögum og löndum. Sameiningarkrafturinn var fallegur og sterkur. Friðrik Ómar, Hera Björk, Selma Björnsdóttir, Systur og Sunna Ben léku fyrir dansi.

Sá leiði atburður átti sér stað eftir skemmtunina að ráðist var á einn ráðstefnugestanna á göngu sinni á leið heim. Það mál telst enn óupplýst hjá lögreglu, en einstaklingurinn sem varð fyrir árásinni slasaðist töluvert.

Eftir dagskrána réttu svo Samtökin '78 systurfélagi sínu í Svíþjóð, RFSL, kyndilinn, en þau munu bjóða félögin velkomin til Stokkhólms á árinu 2024.

NORÐURSLÓÐANET ÍSLANDS

15.–16. mars tók framkvæmdastjóri Samtakanna '78 þátt í tveggja daga vinnustofu um kynjaða gagnasöfnun og gagnamiðlum á vegum Norðurslóðanets Íslands. Vinnustofan fór fram á Akureyri. Tilgangur vinnustofunnar var sá að gefa tillögur og ráðleggingar þegar kemur að kynjaðri söfnun gagna. En eins og sagði í kynningu um vinnustofuna:

„During the development of the report on Gender Equality in the Arctic, authors of most chapters identified the paucity of data and the challenges this brings for analysis and comparisons. In the Migration and Mobility chapter, the lack of data that coupled migration, the Arctic, and gender is particularly problematic. Further, too few studies are grounded in feminist, masculinity, intersectional, LGBTQIA2S+, and Indigenous gender perspectives.“

HEIMSÓKN TIL GRÆNLANDS – VESTNORRÆN SAMVINNA

Síðustu ár hafa Samtökin '78 lagt mikilvægan grunn að vestnorrænu samstarfi. Árið 2022 fór sendinefnd frá samtökunum til Færeyja, tók þátt í hátíðardagskrá Tórshavn Pride og vann markvisst að því að koma á tengingu við LGBT Føroyar. Á þessu starfsári fylgdi stjórn eftir áætlunum sínum um þátttöku í Nuuk Pride sem haldið var í fyrsta sinn í fjögur ár. Varaformaður og ritari, Bjarndís Helga Tómasdóttir og Vera Illugadóttir, fóru fyrir hönd samtakanna til Nuuk í júlí og tóku þar þátt í hátíðardagskrá auk þess sem þær funduðu með forsvarsfólki tveggja nýstofnaðra samtaka hinsegin fólks í Grænlandi.

Enn er unnið að því að tryggja fjármagn sérstaklega í þetta verkefni en eftir frekari samtöl félaga á milli teljum við mikilvægt að þessar þjóðir eigi í góðu samtali um ýmis mál og að reynsla Samtakanna '78 af ýmsum málaflokkum geti komið að góðum notum. Við stöndum alltaf sterkari þegar við stöndum saman, einnig landa á milli.

KVENNAFUNDUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í NEW YORK

Af því tilefni að Ísland var með formennsku í norrænu ráðherranefndinni árið 2023 bauð forsætisráðuneytið fjölmörgum samtökum að þiggja styrk til þess að heimsækja 67. kvennafund Sameinuðu þjóðanna heim í New York 8. mars 2023. Bergrún skrifstofustjóri sótti fundinn fyrir hönd Samtakanna '78, en forsætisráðuneytið styrkti samtökin um ferða- og gistikostnað. Á dagskrá norrænu ráðherranefndarinnar voru þrjú fundir, og fjölluðu þeir um kynbundið ofbeldi á internetinu, lífeyrissjóðsbil kynjanna og einnig var samnorrænn fundur með Eystrasaltsríkjum um hvernig á að standa vörð um mannréttindi á internetinu. Hliðardagskrá félagasamtaka var einnig mjög áhugaverð, en þar var á dagskrá sameiginlegur fundur Rainbow City Network og GLAAD um áhrif ofbeldis á internetinu og þverþjóðlegur fundur hinsegin kvenna um hatursorðræðu.

EUROPEAN SOLIDARITY CORPS NÁMSFERÐ TOSCA

Í ár bauðst starfsmanni samtakanna að taka þátt í námsferð til Oostende í Belgíu með fjölda fulltrúa annarra frjálsra félagasamtaka og sveitarfélaga sem taka þátt í European Solidarity Corps (ESC) starfinu. Námsferðin miðaði að því að styðja og byggja upp getu samtaka sem taka virkan þátt í sjálfbodaliðaaðgerðum ESC verkefnisins til að tryggja gæði og áhrif í viðkomandi verkefnum.

Bergrún skrifstofustjóri fór fyrir hönd samtakanna og kynntist þar starfsemi ESC. Ávinningur samtakanna af þessari ferð var fyrst og fremst að fá frekari þjálfun um gæðaviðmið verkefnisins, hvernig sé best hægt að tryggja skýrleika og stuðning um formlega virkni áætlunarinnar, meðal annars varðandi verklagsreglur og skipulag. Þarna gafst einnig tækifæri á endurgjöf og jafningjastuðningi þeirra sem taka þátt í verkefninu.

Einnig fór fram þjálfun og fræðslu um móttöku og utanumhald sjálfbodaliða, svo best sé hægt að styðja þau sem vilja koma og leggja eitthvað af mörkum til samtakanna. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

ACTIVE CITIZENS FUND – FYRIRLESTUR

Þorbjörg verkefnastjóri flutti fyrirlestur um hinsegin fræðslu á fundi Queerowy Maj í Krakow í Póllandi í nóvember, en það var liður í samstarfi félaganna sem styrkt var af Active Citizens Fund. Active Citizens Fund er sjóður á vegum EEA og norska fjármálaráðuneytisins. Mikilvægt er að geta lært hvert af öðru, en pólskum hinsegin aktívistum þótti forvitnilegt að sjá hversu skýr skil Samtökin '78 hafa dregið á milli hinsegin fræðslu og kynfræðslu. Að sama skapi geta pólsk hinsegin félög deilt langri reynslu sinni af erfiðu baráttuumhverfi, sem á sér afmarkaðar hliðstæður í íslensku samfélagi nútímans.

NÁMSFERÐ TIL FINNLANDS Á VEGUM EUROPEAN SOLIDARITY CORPS

Í nóvember fóru Bjarndís varaformaður og Bergrún skrifstofustjóri til Kokkola í Finnlandi ásamt hópi fólks frá íslenskum félagasamtökum. Markmið námsferðarinnar var að læra um sjálfbodaliðateymi og sjálfbodaliðastarf innanlands, kynnast æskulýðssamtökum í Finnlandi og efla innlent og alþjóðlegt tengslanet samtakanna.

Fyrst á dagskrá var heimsókn til höfuðstöðva Alliansi samtakanna í Helsinki sem reka félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi, og svo var ferðinni heitið til Kokkola þar sem gist var hjá Villa Elba samtökunum. Ferðin var liður í því að vinna að stefnu samtakanna að efla og styrkja sjálfbodaliðastarf félagsins. Við þökkum Rannís kærlega fyrir utanumhald og farsæla námsferð.

IDAHOT+ FORUM 2023

Þann 11. maí fór fram evrópsk ráðstefna í Hörpu til að marka alþjóðlegan dag gegn hinsegin fordómum, sem er 17. maí ár hvert. Ráðstefnan er vettvangur þeirra sem eru leiðandi á sviði hinsegin málefna, svo sem evrópskra löggjafa, frjálsra félagasamtaka og aðgerðasinna. Fundurinn er liður í því að efla þau til aðgerða um réttindi hinsegin fólks í Evrópu. Í ár var IDAHOT+ haldið af forsætisráðuneyti Íslands vegna formennsku í Evrópuráðinu. Dagskrá var þétt og stóð yfir allan daginn. Dagskrárliðir fjölluðu um stöðu hinsegin réttinda í Evrópu árið 2023, áreitni og ofbeldi á grundvelli kyntjáningar, stefnumótun til að efla réttindi intersex fólks, hvernig skuli styðja við þau sem vinna að réttindum hinsegin fólks og hvernig skuli vinna gegn hatursorðræðu sem beinist gegn ungu fólki, og margt fleira.

NORRÆNT SAMSTARF UM MÁLEFNI HINSEGIN ELÐRA FÓLKS

Samtökin '78 hafa verið í samskiptum við norrænt samstarfsnet í málefnum hinsegin eldri borgara. Starfsfólk samtakanna sótti fund á vegum NIKK (jafnréttisskrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar) og norrænu ráðherranefndarinnar í Reykjavík í nóvember þar sem ný skýrsla um stöðu hinsegin eldra fólks á Norðurlöndum var kynnt.

TÉTÉNÍA

Á starfsárinu voru reifaðar hugmyndir þess að koma fólki frá Téténíu í öruggt skjól á Íslandi. Fordæmi eru fyrir svipuðum aðgerðum í Kanada og Hollandi. Vegna stríðsins í Úkraínu er enn erfiðara að koma slíku verkefni af stað en þó munu Samtökin '78 halda áfram samtali við tengda aðila vegna þessa.

Aukinheldur unnu Samtökin '78 með Bíó Paradís að sýningu myndarinnar *Welcome to Chechnya*. Umræður voru um myndina eftir sýningu með framleiðanda og leikstjóra.

ÚGANDA

Hópur einstaklinga frá Úganda leituðu til Samtakanna til að ræða stöðuna í ríkinu vegna nýrra strangra laga sem alfarið banna gð. Skv. nýju lögunum er refsivert athæfi að vera samkynhneigð manneskja og eiga allir sem „stuðla að samkynhneigð af ásettu ráði“ yfir höfði sér allt að 20 ára fangelsi. Þó er ekki refsivert fyrir fólk að skilgreina sig sem samkynhneigt, en það að „taka þátt í samkynhneigðu athæfi“ getur varðað lífstíðarfangelsi. Þá geti fólk átt yfir höfði sér dauðarefsingu fyrir endurteknar athafnir, en Úganda hefur ekki gripið til dauðarefsingar í mörg ár. Þá gætu samtök sem „hvetja til samkynhneigðs athæfis“ átt yfir höfði sér tíu ára bann. Í upphaflegri útgáfu laganna var einnig krafist þess að Úgandamenn skyldu tilkynna hinsegin fólk til lögreglu, en það rataði ekki í lokaútgáfu laganna.

Vegna þessara laga er staðan í Úganda vægast sagt hrollvekjandi. Eru Samtökin '78 nú að vinna að því að fá fund með utanríkisráðherra til að aðstoða hinsegin fólk í landinu.

FÉLAGATAL, FÉLAGSGJÖLD OG FÉLAGSSKÍRTEINI

Félagar Samtakanna '78 eru 1.505 þegar þetta er skrifað og hefur fjölgað um 50 á starfsárinu. Það fyrirkomulag að bjóða upp á þrjú félagsgjöld hefur reynst vel en fyrst var notast við fyrirkomulagið þegar félagsgjöld voru send út í fyrra. Í boði er almennt gjald upp á 5.900 kr., lægra gjald upp á 2.900 kr. og við bættist þriðja gjald upp á 500 kr. Gjaldinu er ætlað að vinna gegn því að hinsegin fólk veigri sér við að taka virkan þátt í starfinu vegna efnahagslegrar stöðu. Félagsfólk velur sjálf hvaða gjald þau vilja greiða og er engra útskýringa krafist. Einfalt er að uppfæra félagsgjald, sem og aðrar upplýsingar í félagatali á vefnum okkar, undir síðunni „Gerast félagi“.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2023 námu 3.468.869 kr. Þetta er um það bil svipuð upphæð og fyrri ár. 737 einstaklingar greiddu félagsgjöld fyrir árið 2023 og hafa sjaldan verið fleiri greiðandi félagar.

Reynslan af rafrænum félagsskírteinum hefur verið góð en það háir útgáfu þeirra hve fá á félagatali hafa þar skráð tölvupóstfang. Nauðsynlegt er að hafa tölvupóstfang til að geta sent út hlekk til að sækja skírteinið. Á sjötta hundrað sóttu skírteinið sem er umtalsverð aukning frá um 400 félögum í fyrra. Um 100 einstaklingar sóttu skírteinið á pappírform á síðastliðnum árum en sú tala er nú rétt um 20.

Hýsing skírteinanna er í höndum Smart Solution. Til að gæta allrar persónuverndar þá eru félagsskírteinin ekki persónugreinanleg, því á þeim er ekki að finna kennitölu heldur einungis félaganúmer sem aftur eru orðin hluti af félagatali Samtakanna '78. Nú geta félagar einfaldlega auðkennt sig með félaganúmeri. Félagsskírteinin, félaganúmerin og fleira því tengt má nánar lesa um á vefsíðunni okkar.

STARFSEMI Í REGNBOGASAL

Regnbogasalurinn hefur að vanda verið vel nýttur undir hina ýmsu starfsemi á starfsárinu sem er að líða. Hann er í senn biðsalur og fundarsalur, matsalur og viðburðasalur. Á meðal þess sem innra starfið nýtir salinn í er bókaklúbbur, fræðslufundir, fundir með félagasamtökum, fyrirtækjum, stofnunum, erlendum hinsegin félögum auk þess að sjö stuðningshópar halda til í salnum mánaðarlega. Ungmennastarfið er virkt í salnum, en 16-17 ára hópurinn úr félagsmiðstöðinni hittist þar vikulega, hópurinn HinUng hittist annað hvert sunnudagskvöld og Q félagið nýtir rýmið einnig hálfsmánaðarlega, auk þess að bjóða nemendafélögum háskólanna í vísindaferðir af og til.

Aðildarfélögin eru dugleg að nýta sér aðstöðuna, en stjórn Trans Ísland fundar vikulega og stjórn Hinsegin daga í hverjum mánuði. Bangsafélagið, Ásar á Íslandi og BDSM á Íslandi eru meðal þeirra félaga sem nýta salinn reglulega í hittinga og fræðsluviðburði auk sinna aðalfunda. Það hefur í raun varla liðið dagur undanfarið ár sem salurinn er ekki í notkun.

Á árinu hafa einnig orðið smávægilegar breytingar en Samtökin fengu gefins sjónvarpsskjá og festu kaup á fjarfundarbúnaði og hátölurum sem eru vel nýttir á fræðsluviðburðum, stuðningshópum og öðrum viðburðum. Einnig hafa örlitlar fagurfræðilegar breytingar orðið á rúminu en stólar og sófar eru nokkuð úr sér gengnir og von er að geta endurnýjað þau húsgögn á næstunni.

LANDSPING HINSEGIN FÓLKS

Samtökin '78 hófu starfsárið á stórrí aðalfundarhelgi með aðalfundi og ráðstefnu-dagskrá. Aðalfundur fór fram föstudaginn 10. mars í lðnó, með farsælum lagabreytingum og stjórnarkjöri, en fundurinn var mjög vel sóttur.

Landsþing hinsegin fólks fór svo af stað á laugardegi í lðnó, Tjarnarbíó og í húsnæði Samtakanna '78. Eins og árið 2022 var blönduð dagskrá af fræðslu og skemmtun fyrir allan aldur í fjórum söllum á sama tíma. Vegleg unmenndagskrá fór fram í Tjarnarbíó og Regnbogasal Samtakanna '78 þar sem meðal annars var kennd drag förðun af Gogo Starr. Í lðnó var dagskrá fyrir þau sem eldri eru, þar sem boðið var upp á upplýsingafund um málefni trans fólks í heilbrigðiskerfinu, fræðslufund um PrEP með kynningu frá deild A3, málstofa um ofbeldi í nánnum samböndum, boðið var upp á samtal REC Arts um inngildinguna í hinsegin samfélaginu, hinsegin hitting og loks viðburðinn Kyngleði, þar sem lögð var áhersla á þá hlið sem stundum verður undir í umfjöllun um kynvitund og kyntjáningu og var gríðarlega vel sóttur. Á sunnudag var boðið upp á sýningu á kvikmyndinni *Welcome to Chechnya* í Bíó Paradís og í lok sýningar var Spurt & svarað með aðstandendum myndarinnar. Samtökin þakka fyrir mjög góða mætingu og enn betri samveru.

SAMTÖKIN '78 Á HINSEGIN DÖGUM

Hinsegin dagar 2023 voru glæsilegir að vanda og við óskum Reykjavík Pride hjartanlega til hamingju með hátíðina. Setning hátíðarinnar var að vanda í miðbæ Reykjavíkur, en í ár var trans fáninn málaður á Vegamótastíg. Fyrir hönd Samtakanna dró Sigga Birna, teymisstýra ráðgjafar fram pensilinn. Á hinsegin dögum er starf Samtakanna '78 fyrst og fremst að styðja við Reykjavík Pride, m.a. með húsnæði og sýnileiki Samtakanna '78 var sem áður helst á fræðsluviðburðum, sem í ár var hin veglega Regnbogaráðstefna. Fulltrúar frá Samtökunum '78 voru meðal annars Þorbjörg Þorvaldsdóttir verkefnastjóri og Sveinn Sampsted íþróttifræðari. Einnig sátu Guðbjörg Ottósdóttir ráðgjafi og Sigur Huldur Ellerup pallborð fyrir hönd Samtakanna '78.

Atriði Samtakanna '78 í gleðigöngunni var hið allra stærsta undanfarin ár. Skilaboðin voru *Frelsi – Fjölbreypni – Mannréttindi*. Óskað var eftir fólki sem vildi bera skilti, halda á fána eða vera sýnileg. Skráning fór fram úr okkar björtustu vonum en rúmlega 200 manns gengu fyrir Samtökin '78 í ár og báru stórglæsilega fánaborg. Stjórn og starfsfólk þakka þeim sem gengu með innilega fyrir og hlakka til að vera með ykkur næst.

60+ HITTINGAR

Á síðustu árum hefur verið lögð mikil vinna í að efla tengsl við kynslóðina sem ruddi brautina. Það er von Samtakanna '78 að tengjast hópnum betur og bjóða m.a. upp á félagslega viðburði. Á starfsárinu voru stigin stór skref við þessa vinnu.

Tveir 60+ hittingar voru haldnir á starfsárinu, 24. janúar á Aldamótum og 14. febrúar 2024 á Parliament hotel. Báðir voru vel sóttir. Stefnt er að því að um mánaðarlegan viðburð verði að ræða. Ráðgjafi frá Samtökunum '78 er alltaf á staðnum auk starfsfólks.

BÓKAKLÚBBUR SAMTAKANNA '78

Bókaklúbburinn hefur starfað með hléum síðan árið 2017. Lengi vel var hann leiddur af Ástu Kristínu Benediktsdóttur og Maríu Helgu Guðmundsdóttur. Bergrún Andradóttir og

Bjarndís Helga Tómasdóttir tóku við keflinu eftir Covid og núna er klúbburinn leiddur af Mars M. Proppé.

Ýmis bókmenntaverk, bæði íslensk og erlend, hafa verið tekin fyrir en þau eiga það öll sameiginlegt að vera eftir og/eða um hinsegin fólk. Klúbburinn er haldinn að meðaltali einu sinni í mánuði og er öllum opið að sækja hann. Viðburðir eru auglýstir á samfélagsmiðlum samtakanna og á hópnum *Hinsegin bókmenntaklúbbur – Samtökin '78* á Facebook.

JÓLASTUND

17. desember stóðu Samtökin '78 fyrir notalegri jólahátíð á Suðurgötu. Inni í hlýjunni var fönðurborð fyrir jólaföndrið og á bílplaninu var slegið upp heljarinnar tjaldi þar sem ýmsar stjórnur spiluðu jólatónlist fyrir glaða gesti. Boðið var upp á heitt kakó og smákökur og stemningin var góð. Grúla og Leppalúði voru í óvenju góðu skapi og reyndu ekki að éta nein börn, heldur léku og sprelluðu í góðu gamni.

Ukulellur spiluðu sína þekktustu slagara, Inga Auðbjörg söng þekkt jólalög við eigin texta við mikin fögnuð. Junior Sanchez, flóttamaður frá Venesúela, söng með sinni ótrúlega sterku englaröddu þrjú falleg jólalög, eitt á íslensku, eitt á ensku og eitt á móðurmáli sínu; spænsku. Síðust var stórstjarnan Elín Ey sem söng angurvær en afskaplega falleg jólalög. Það er óhætt að segja að jólastundin hafi heppnast vel og að gestir og skipuleggjendur hafi verið glöð með þessa nærandi aðventusamveru.

HINSEGIN KAUPFÉLAGIÐ

Kaupfélagið hefur verið sameiginlegt fjáröflunarverkefni Hinsegin daga og Samtakanna '78, en almennur rekstur þess hefur verið hjá sjálfboðaliðum. Hlutverk þess hefur verið að selja ýmsan varning til styrktar Samtökunum '78 og Hinsegin dögum en einnig til að sinna miðasölu viðburða á Hinsegin dögum - Reykjavík Pride í kringum hátíðina. Undanfarið hefur reksturinn verið í endurskoðun og kaupfélagið aðeins verið vefverslun síðustu mánuði. Samtökin og Hinsegin dagar eru áfram í góðu samstarfi með fyrirkomulag og framtíð kaupfélagsins svo hægt sé að bjóða upp á regnbogavarning og vonandi fleiri praktískar vörur þar sem ágóði rennur beint til starfsemi hinsegin félaga á Íslandi.

ALMENNT UM FRÆDSLUNA

Ein af grunnstoðum Samtakanna '78 er fræðslustarf. Tóttla I. Sæmundsdóttir var fræðslustýra 2023 eins og síðustu ár, en sagði starfi sínu lausu undir lok ársins. Fræðslan stuðlar að upplýstri umræðu og þekkingu á málefnum hinsegin fólks. Algengasta formið er fræðsla í skólum á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Fagþekking þeirra sem starfa með börnum og ungmennum er mikilvægur hlekkur í að styðja við öryggi og heilbrigði unga hinsegin fólksins okkar.

Á starfsárinu hefur eftirspurn aukist eftir stafrænu fræðsluefni, fjarfræðsluerindum og fræðslu til sértækari hópa, t.d. til viðbragðsaðila, lögreglu, slökkviliðsfólks, starfsfólk neyðarþjónustu, Landspítala og fleiri. Einnig hefur aðsókn í fræðsluerindi verið meira utan af landi heldur en síðustu ár og því upplagt að leggja enn frekari vinnu í það að ráða fræðara víðs vegar um landið svo Samtökin '78 geti verið betur í stakk búin til að fræða á landsbyggðunum.

Tilgangur fræðslustarfsins er að ná til þeirra sem á einhvern hátt tilheyra hinsegin heiminum, kynna þau fyrir þjónustu og félagsskap sem þeim býðst. Stuðla að upplýstri umræðu og og þar með að opnara og réttlátara samfélagi fyrir okkur öll sem gerir ráð fyrir hvers kyns fjölbreytileika. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þau sem standa utan hinsegin samfélagsins að opna hugann og læra að mannflóran er fjölbreytt. Í lok hvernar fræðslu hefur verið gefið rými fyrir trúnaðarsamtöl og fólk nýtir gjarnan tækifærið til að spjalla.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Á árinu 2023 voru haldin 551 erindi fyrir um það bil 15.500 manns. Yfirlit yfir allflest fræðsluerindi ársins má finna í viðauka við ársskýrslu þessa.

VIÐBRAGÐ VIÐ BREYTTUM AÐSTÆÐUM

Á árinu var fræðslustarf Samtakanna '78 tekið úr samhengi og víða var því haldið fram að hinsegin fræðsla Samtakanna '78 væri kynfræðsla. Svo er ekki, og svo hefur aldrei verið. Samtökin brugðust við með því að ræða við alla samningsbundna aðila og fundu fyrir miklum stuðningi við hinsegin fræðsluna. Svo miklum að nokkur sveitarfélög bættust við á árinu.

Það tók töluverðan tíma að bregðast við þessari markvissu upplýsingaóreiðu en Samtökin '78 ákváðu ekki síst að bregðast við með því að skýra enn betur út til hvers fræðsluerindin okkar eru og skerpa á allri upplýsingagjöf um hana.

ÞRÓUNARVINNA

Samtökin '78 munu fara í markvissari vinnu á næsta starfsári til að gera fræðsluefni okkar aðgengilegra á netinu og framleiða meira af myndböndum og stafrænu fræðsluefni. Eins hefur starfsfólk farið í vinnu við það að endurskrifa alla fræðslupakka með það að leiðarljósi að einfalda erindin og miða þau betur að sértækum markhópum. Áfram er stuðst við ritrýndar og vandaðar rannsóknir við gerð fræðslupakkanna.

Ásamt þessu hafa Samtökin breytt pökkum sínum fyrir aðra en grunnskólana, og bjóða nú upp á þrenns konar fræðsluerindi: Kynningu, fræðsluerindi og námskeið. Hvert einasta erindi er svo miðað að markhópnum sjálfum, t.d. opinberir aðilar, fólk sem vinnur í félagsþjónustu, fagfólk í skólastarfi, lögregla, heilbrigðisstarfsfólk og svo mætti lengi telja.

Áætlað er að setja af stað tengiliðanet víða um land þar sem Samtökin geta verið í öfluglu og beinu samtali við þau sem vinna í skólum, þau sem eru í nemendafélögum, þau sem vinna í mannauðsmálum og svo framvegis.

NÁMSKRÁR AÐGENGILEGAR Á VEFNUM

Til að gera efnistöð fræðslu Samtakanna '78 sem allra aðgengilegust var farin sú leið að skrifa námskeiðslýsingar í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Þar er á greinargóðan hátt farið yfir nákvæmlega hvað er gert, sagt og fjallað um í fræðsluerindum Samtakanna til nemenda í grunnskólum.

Ásamt því áttu Samtökin gott samráð við mennta- og barnamálaráðuneytið og Menntamálastofnun við gerð námskeiðslýsingarinnar.

FRAMTÍÐ FRÆÐSLUNNAR

Fræðslustarf Samtakanna '78 hefur vaxið og eflst gríðarlega síðustu ár og samningunum við sveitarfélögin hefur fjölgað sem er mikið fagnaðarefni. Á komandi starfsári er mikilvægt að tekið verði utan um fræðslustarfið og skipulag þess svo fræðsluerindin megi verða lykilþáttur í skipulögðu forvarnar- og uppbyggingarstarfi skóla, opinberra aðila og vinnustaða en ekki að megninu til viðbragðsdrifin.

Fræðsla til vinnustaða, fyrirtækja og stofnana, mun að miklu leyti falla undir nýtt verkefni hinsegin vottunar. Það verður spennandi að sjá það verkefni þróast og munu nýr verkefnisstjóri hinsegin vottunar og fræðslustýra vinna saman að útfærslu og þróun þess hluta fræðslustarfsins.

Ljóst er að fjölga þarf verktökum í fræðsluteyminu á komandi starfsári. Mun þar áfram vera mikilvægt að velja fólk sem er fært í og hefur menntun eða reynslu af starfi með börnum og unglingum. Íþróttufræðslustarf Sveins Sampsted hefur gefist vel og er forðæmisgefandi fyrir mikilvægi fjölbreytts bakgrunns fræðara nú þegar gera þarf stefnu um mannauð fræðara.

Til stendur að fara í markvissa stefnumótunarvinnu til þess að kortleggja skýrt og greinilega áherslur og stefnur í fræðslustarfinu. Eins og áður segir hefur fræðslustarfið vaxið og eflst gríðarlega síðustu ár undir stjórn Tóttlu I. Sæmundsdóttur og búa samtökin að afar sterkum grunni sem þar hefur verið lagður. Það er mikilvægt hjá metnaðarfullum samtökum og í vaxandi starfi að staldra reglulega við, skoða hvar við stöndum og móta framtíðarstefnu. Það er komið að þessari vinnu og verður spennandi að sjá hvert ný stjórn og fræðslustýra meta að best sé að stefna.

Sem dæmi um atriði sem stendur til að bæta má nefna að erfitt hefur reynst að nálgast foreldra og ekki eins góð mæting í foreldrafræðslur og opnar fræðslur eins og Samtökin myndu vilja. Það er gríðarlega mikilvægt að ná eyrum þeirra og virkja þau bæði í foreldrastarfi og á vinnustöðum.

Framundan er einnig vinna við gerð hinsegin námsefnis og stuðningsefnis fyrir kennara og þau sem starfa með börnum og unglingum. Þörf er á námsefni fyrir öll aldrsstig um hinseginleika, enda kveðið á um jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileika mannlífs í aðalnámskrá grunnskóla. Eins er mikilvægt að kennarar og starfsfólk skóla og félagsmiðstöðva hafi aðgang að kennsluefni bæði til þess að fylgja fræðsluerindum Samtakanna '78 eftir og til að styðja við uppbyggingu hinseginvæns skólabrags.

SÉRTÆK FRÆDSLUERINDI

Hér má sjá dæmi um sértæk fræðsluerindi sem starfsfólk Samtakanna '78 hefur flutt á árinu:

- Fræðsla um kynhlutlaust mál fyrir starfsfólk Gallup
- Fræðsla um fordóma meðal ungmenna fyrir félagsmiðstöðvarstarfsfólk
- Fræðsla fyrir hinsegin fólk um hatursáróður (Tökum til varna – vinnustofa)
- Gagnræðunámskeið fyrir starfsfólk skrifstofu
- Lögreglufræði við HA, rannsóknarlögreglan, varðstjórar, stöðvar um allt land
- Slökkviliðið
- Viðbragðsaðilar
- Áfallateymi Landspítalans
- Heimilisfriður
- Sérnámslæknar - kandítasárið & hjúkrunarfræðingar
- Menntavísindasvið HÍ - kennarar, þroskaþjálfar, tómstunda- og félagsmálafræði

HINSEGIN VOTTUN – FRÆÐSLA TIL VINNUSTAÐA

Á starfsárinu kynntu Samtökin '78 nýtt verkefni sem ber heitið Hinsegin vottun og er sérstaklega miðað að vinnustöðum, hvort sem það eru fyrirtæki eða stofnanir. Verkefnið fór hratt af stað og þurfti starfsfólk Samtakanna að hafa hraðar hendur við skipulagningu, gerð ferla, úttektarvísi og handbók um vottunarferlið. Verkefnið er að sænskri fyrirmynd en systursamtök Samtakanna í Svíþjóð, RFSL, hafa áratuga reynslu af sambærilegu verkefni þar í landi og hafa vottað yfir 300 vinnustaði.

Markmið og tilgangur verkefnisins er þrjúþættur:

- Að breyta vinnustaðamenningu í átt að hinseginvænni vinnustað.
- Að nálgast fleiri hópa sem fá fræðsluerindi frá Samtökunum '78.
- Að auka sjálfsaflafé til að þróa áfram almennt fræðslustarf og ráðgjafarþjónustu.

Fljótlega var ákveðið að auglýsa sérstakt stöðugildi verkefnastjóra sem hefur yfirumsjón með verkefninu. Nánar um það undir liðnum skrifstofa og starfsfólk í ársskýrslu þessari.

Ölgerðin tók af skarið og fór í verkefnið, ferlið tók um átta mánuði sem lauk með því að Ölgerðin er fyrsta hinsegin vottaða fyrirtæki landsins. Um tilraunaverkefni var að ræða og Ölgerðinni er sérstaklega þakkað fyrir afar gott samtarf. Að öðrum ólöstuðum vilja Samtökin sérstaklega þakka Jóhönnu Laufdal Friðriksdóttur og Heiðdís Björnsdóttur fyrir samstarfið.

Fleiri vinnustaðir hafa bæst í hópinn og eru komin í það ferli að fá hinsegin vottun. Þau eru Rio Tinto Alcan, Dagar, Forsætisráðuneytið, Þjóðskrá Íslands, Íslandshótel, BHM og Lota. Er þau mislangt komin í ferlinu en gert er ráð fyrir að stór hluti þeirra hljóti hinsegin vottun á starfsárinu sem er í vændum. Aukinheldur eru Samtökin í viðræðum við BYKO, Krónuna, Elko, N1, Íslandsbanka, Eimsskip, Landsbankann og fleiri vinnustaði.

Með nýjum verkefnastjóra verkefnisins má gera ráð fyrir að fleiri fyrirtæki bætist við í nánustu framtíð.

FRÆÐSLA TIL ÍPRÓTTAHREYFINGA

Haustið 2022 fór af stóð nýr fræðslupakki hjá okkur í Samtökunum '78: *Hinsegin og íþróttir*. Hann er sérstaklega ætlaður iðkendum, þjálfurum, starfsfólki og stjórnendum innan íþróttahreyfingarinnar. Fræðslan er blanda af Hinsegin 101, rannsókn Sveins Sampsted, íþróttafræðings og fræðara hjá okkur í Samtökunum '78, á upplifun hinsegin fólks í íþróttum á Íslandi og bæklingnum *Trans börn og íþróttir*. Rannsóknina og bæklinginn má nálgast á vef Samtakanna '78.

Árið 2023 byrjaði með krafti þegar Breiðablik bókaði 10 fyrirlestra fyrir sína þjálfara, starfsmenn og iðkendur. Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar var fyrsti golfklúbburinn til að fá fræðslu og Öspin fyrsta félag fatlaðra. En síðan var lögð meiri áhersla á að halda erindi á landsbyggðinni. Um haustið voru Fjarðabyggð og Múlaping, Laugarvatn og Grindavík heimsótt. Það var bókuð fræðsla á Höfn í Hornafirði sem féll niður vegna veðurs og verður haldin í mars 2024. Það eru virkir fræðslusamningar við Akureyrarbæ, Vesturbyggð, Reykjanesbæ, Snæfellsbæ, Garðabæ og Mosfellsbæ. Þar verða haldnar fræðslur á næstu árum.

Síðan var frumflutt fræðsluefnið Hinsegin og íþróttir - vinnustofa, sem er framhald af fyrirlestrinum sem var þróaður árið 2022. Vinnustofan var fyrst haldin á fræðsludögum hjá ÍBR fyrir hverfafélögin í Reykjavík og síðar fyrir íþróttafræðinema í HR og á UEFA B3 þjálfara námskeiðum hjá KSÍ. Sveinn íþróttafræðari fékk tilnefningu sem framúrskarandi ungur Íslendingur árið 2023 fyrir þá vinnu.

Á hinsegin dögum var haldið pallborð um málefni Hinsegin fólks í íþróttum, þar sem fulltrúar frá ÍSÍ, ÍBR, KSÍ, Trans Ísland, Intersex Ísland og Reykjavíkurborg tóku þátt. Síðan voru haldin tvö pallborð á Reykjavíkurlaikunum með yfirskriftinni *Er pláss fyrir öll í íþróttum?* þar sem hinsegin afreksíþróttafólk og aðrir tengdir almenningssíþróttum sögðu frá sinni upplifun af hinseginleika og íþróttahreyfingunni.

Samhliða þessu er verið að vinna alls konar verkefni. Í apríl kemur út fræðsluefni um stöðu hinsegin barna og ungmenna í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi, sem eru einnig leiðbeiningar fyrir þau sem bera ábyrgð á slíku starfi. Sveinn Sampsted fer fyrir verkefninu sem er gefið út af mennta og barnamálaráðuneytinu og er hluti af aðgerðaráætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025. Þorbjörg verkefnastjóri á skrifstofu tekur einnig virkan þátt í þróun efnisins.

Vinna er hafin við gerð fræðslumyndbands um notkun íþróttabindirs (e. *sport binder*). (Íþróttabandalag Reykjavíkur styrkir það verkefni). Rannís veitti síðan styrk fyrir verkefninu *Sund fyrir öll!* Samtökin '78 í samstarfi við Trans Ísland og Intersex Ísland ætla að gefa út plaköt til þess að hvetja til vitundarvakningar um mismunandi líkama. Plakatinu verður dreift á sundstaði og íþróttafélög um land allt í þeirri von að þau stuðli að öryggi og vellíðan fólks, sérstaklega barna og ungmenna, í sundi og íþróttum.

Loks ber að nefna starfshóp innan íþróttahreyfingarinnar sem vinnur að gerð móttökuáætlunar fyrir trans börn og unglunga, til að aðstoða íþróttafélög við að taka betur á móti trans börnum og unglungum og halda þeim í íþróttum. Rannís veitti styrk fyrir verkefninu og Íþróttabandalag Reykjavíkur fer fyrir því.

GREINASKRIF STARFSFÓLKS OG STJÓRNAR

Á starfsárinu skrifuðu starfsfólk og stjórn fjölda greina og pistla í blöð og vefmiðla. Nánar má lesa um þær greinar í fjölmiðlaskýrslu sem er í viðauka við skýrslu þessa. Nokkrar greinar vöktu meiri athygli en aðrar og má þar nefna: Logið um trans fólk, Fordómar af gáleysi, Heilbrigðisþjónusta trans barna og ungmenna, Hættuleg orðræða, Hinsegin fræðsla í grunnskólum og „Sjáðu mamma, þarna er fáninn okkar!“

HÉRAÐSDÓMUR SNÝR VIÐ ÁKVÖRÐUN KÆRUNEFNDAR

Mikilvægur dómur féll 2. nóvember 2023 sem varðaði skjólstæðing Samtakanna '78. Málsvik eru þannig að hann hefur verið lengi á Íslandi en Útlendingastofnun og Kæruneftnd útlendingamála (KNÚ) efuðust um samkynhneigð hans, og töldu ekki sannanlegt að hann væri hinsegin. Það þarf ekki að eyða frekari orðum í það hve erfitt það getur reynst einstaklingum að sanna sína kynhneigð, og hvað þá manneskju frá landi þar sem hinseginleiki er bannaður og ekki samþykktur, hvorki í lögum né samfélagslega.

Málsvik urðu þannig að héraðsdómur sneri við úrskurði KNÚ, sem hafði úrskurðað svo að manneskjan fengi ekki hæli á Íslandi. Í niðurstöðu dómsins segir meðal annars:

„Almennt ber fólk kynhneigð sína ekki utan á sér og er eðli máls samkvæmt erfiðleikum háð að staðreyna hana [...] Það getur átt sínar eðlilegu skýringar að umsækjendur um alþjóðlega vernd opinberi kynhneigð sína ekki við upphaf málsmeðferðar eða áður en afstaða er tekin til umsóknar. Því getur til dæmis valdið vantraust til yfirvalda í kjölfar flóttu, jafnvel ótti um að kynhneigð spyrjist út [...] Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstæða dómsins að á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga beri að fallast á beiðni stefnanda um endurupptöku máls hans. Því er rétt að fella úr gildi úrskurð kæruneftndar útlendingamála nr. [...] /2021 þar sem því var hafnað. Verður úrskurðurinn því felldur úr gildi.“

Þetta er í annað skipti á stuttum tíma sem Héraðsdómur í raun slær á fingur kæruneftndar útlendingamála og er það mikið fagnaðarefni. Ríkið ákvað þó að áfrýja málinu og getur það tekið allt að heilt ár að vita næstu skref. Á meðan bíður manneskjan.

SAMVINNA MEÐ FÉLAGASAMTÖKUM VEGNA NÝRRRA ÚTLENDINGALAGA

23 félagasamtök, þ.á m. Samtökin '78, héldu neyðarfund vegna nýrra laga um útlendinga. Skýr samstaða var um mikilvægi þess að fresta framkvæmd þjónustusviptingarinnar sem nýju lögini boðuðu þar til mannúðlegri lausn hefði verið fundin. Þá var ljós andstaða framsögufólks við hugmyndir um varðhaldsbúðir, sem viðraðar hafa verið í fjölmiðlum nýlega. Þessi hópur sendi svo frá sér eftirfarandi tilkynningu:

Sögulega stór hópur félagasamtaka auk biskups Íslands stóð saman að neyðarfund til að ræða þá mannúðarkrísu sem upp er komin með framkvæmd nýrra útlendingalaga sem sviptir hóp fólks allri þjónustu. Samtökin höfðu áður gefið út yfirlýsingu þar sem lýst var áhyggjum af afdrifum, öryggi og mannlegri reisn þessa hóps og lýst yfir efasemdum um að framkvæmd laganna standist mannréttindaskuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist. Í framsögu fulltrúa samtakanna komu fram lýsingar á sárri neyð skjólstæðinga þeirra sem og skilaboð frá einstaklingum sem svipt hafa verið allri þjónustu. Skýr samstaða var um mikilvægi þess að fresta framkvæmd þjónustusviptingarinnar þar til mannúðlegri lausn hefur verið fundin. Þá var ljós andstaða framsögumanna um hugmyndir um varðhaldsbúðir, sem viðraðar hafa verið í fjölmiðlum nýlega. Skorað var á að stjórnvöld að nýta þekkingu og reynslu samtakanna sem og

sjónarmið þeirra sem finna sig í þessum aðstæðum við lausn vandans. Samtökin munu áfram ræða saman og freista þess að fá svör stjórnvalda við þeim spurningum sem fram komu á fundinum.

Staðreyndin er þó sú að útlendingalögin náðu fram að ganga með öllum þeim breytingum sem boðaðar voru og í samráðsgátt stjórnvalda eru boðaðar enn harðari breytingar á útlendingalögunum þrátt fyrir varnaðarorð þessara 23 félagasamtaka.

HEILBRIGÐISMÁL TRANS FÓLKS OG SJÚKRATRYGGINGAR

Málefni trans fólks hafa verið sérstaklega ofarlega á verkefnalista ráðgjafa, stjórnar og starfsmanna innan Samtakanna '78 síðustu ár. Samtökin '78 hafa orðið vör við ákveðnar hindranir í lögum og reglugerðum um heilbrigðismál trans fólk, sér í lagi varðandi greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þar af leiðandi óskuðu Samtökin '78 eftir að opna samtal við heilbrigðisráðuneytið um að finna leiðir til að fjarlægja umræddar hindranir í byrjun árs 2024. Samtökin '78 undirstrika mikilvægi þess að eiga samtal við heilbrigðisráðuneytið til að tryggja réttindi hinsegin fólks og aðgengi þeirra að viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

Hér er sérstaklega átt við greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við brjóstauppbyggingu, háreyðingu og úmsar kvengerandi andlitsaðgerðir trans kvenna. Jafnframt greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fyrir fólk með kynhlutlausu kynskráningu. Að auki möguleika trans barna og fullorðinna aðila á að fá niðurgreidda þjónustu hjá Livio varðandi eggheimtu, geymslu/frystingu á kynfrumum og ferli því tengdu.

MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS Á VINNUMARKAÐI

Á starfsárinu kom út lokaskýrsla um hinsegin fólk á vinnumarkaði. Samtökin '78 hafa verið í samstarfi við BHM, félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og fleiri við gerð skýrslunnar en höfuðábyrgð hefur verið hjá BHM. Helstu niðurstöður eru þær að atvinnutekjur hinsegin karla eru 30% lægri en gagnkynhneigðra karla á ársgrundvelli en hverfandi munur mælist hjá hinsegin konum. Aðeins um helmingur hinsegin fólks á vinnumarkaði er að fullu opið með hinseginleika sinn á vinnustöðum og tæplega 60% segja að almennt halli á kjör þeirra og réttindi á vinnumarkaði.

Sterkt ákall er um aukna umfjöllun um málefni hinsegin fólks á vinnumarkaði. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar um hinsegin vinnumarkað sem unnin var fyrir ASÍ, BHM og BSRB og könnun BHM um hinsegin vinnumarkað.

Lesið má helstu niðurstöður í viðauka við ársskýrslu þessa.

MÁLEFNI ELÐRA HINSEGIN FÓLKS

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið styrkti Samtökin '78 fyrir nokkru og var sá styrkur ætlaður til að sinna málefnum hinsegin eldra fólks. Vegna aukinna verkefna og skorts á starfsfólki á starfsárinu þá sat verkefnið á hakanum, en er nú svo sannarlega komið af stað. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri, fer fyrir þessu verkefni. Á starfsárinu ræddi hún við Hrafnistu, Sinnum, dala.care, heimsóknarvini Rauða Kross Íslands og samstarfsnefnd stjórnvalda um málefni aldraðra. Unnið er að því að koma á tengslum við fleiri aðila sem koma að þjónustu við eldri borgara og þróa í framhaldinu fræðsluefni sem hentar þeirra þörfum. Einnig er á dagskrá að koma á fót nýju verkefni á borð við heimsóknarvini, en á vegum Samtakanna '78.

BÆLINGARMEÐFERÐ

Í júní 2023 samþykkti Alþingi einróma bann við bælingarmeðferð. Með samþykkt frumvarpsins er það gert refsivert að láta einstakling undirgangast svokallaða bælingarmeðferð með nauðung, blekkingum eða hótunum, að láta barn undirgangast slíka meðferð hér á landi eða erlendis sem og að framkvæma bælingarmeðferðir, hvetja til eða þiggja fé vegna þeirra.

Hanna Katrín Friðriksson fyrsti flutningsmaður málsins sagði: „Við samþykkt þessa máls staðfestum við að það megi ekki þvinga fólk, skaða og meiða til fá það til að passa inn í heimsmynd sem hentar einhverjum öðrum en því sjálfu. Þvinga, skaða og meiða fólk til að fá það til að vera öðruvísi en það er, til að vera eins og eitthvað annað fólk vill. Eins og einhver fámennur og frekur hópur heimtar. Af því að sá hópur hræðist, einhverra hluta vegna, heim þar sem allir eru frjálsir til að vera eins og þeir eru, hræðist heim þar sem slík mannréttindi eru fyrir alla.“

Bælingarmeðferðir hafa víða verið bannaðar með lögum að viðlagðri refsingu. Í Kanada, Sviss, Brasilíu, Ekvador, á Möltu og Indlandi eru þær bannaðar með öllu. Í ýmsum ríkjum Bandaríkjanna, Albaníu, Úrúgvæ, Argentínu og víðar er heilbrigðisstarfsfólki bannað að framkvæma eða taka þátt í bælingarmeðferðum. Í Þýskalandi er bælingarmeðferð á börnum bönnuð og jafnframt á fullorðnum ef nauðung, blekkingum eða þrýstingi hefur verið beitt. Í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Frakklandi, Nýja Sjálandi, Ísrael og á Írlandi er nú til skoðunar að fylgja þessu fordæmi og leggja bann við þessum skaðlegu meðferðum.

Mikið fagnaðarefni er þó að bælingarmeðferðir á Íslandi eru ekki einungis bannaðar þegar kemur að kynhneigð, heldur einnig kynvitund og kyntjáningu.

KVENNA- OG KVÁRAVERK FALL

Sumarið 2023 hófst gæfuríkt samstarf með öðrum samtökum og stéttarfélögum í undirbúningi allsherjar kvenna- og kváraverkfalls sem haldið yrði á Kvennafrídaginn 24. október. Ákall var frá kvennahreyfingunni að huga að inngildingu og bjóða kynsegin fólk velkomið í verkfall fyrir bættum launakjörum og gegn ofbeldi. Samtökin '78 hafa verið í góðu og virku samstarfi með kvennhreyfingunni undanfarin ár og sú samvinna skilaði sér í þessum viðburði þar sem kynsegin fólk og allar konur sameinuðust um sín baráttumál. Bergrún skrifstofustjóri sat í framkvæmdastjórn Kvennaverkfallsins þetta árið, ásamt fulltrúum annarra félagasamtaka. Þann 24. október buðu Samtökin svo til kaffiboðs áður en lagt var af stað að Arnarhóli, þar sem 100 þúsund konur og kvár söfnuðust saman á einum fallegasta haustdegi sem Reykjavík hefur séð lengi.

AÐGERÐAÁÆTLUN STJÓRNVALDA Í MÁLEFNUM HINSEGIN FÓLKS

Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 var samþykkt á Alþingi í júní 2022. Áætlunin er sú fyrsta sem snýr eingöngu að málefnum hinsegin fólks. Á starfsárinu var það vinna Samtakanna '78 að fylgjast með stöðunni á aðgerðaráætluninni og þrýsta stjórnvöld að sinna henni af heildinum og elju.

Af þeim 21 verkefni eru nú þegar sextán verkefni hafin, komin vel á veg eða lokið. Meðal verkefna sem eru hafin má nefna Framkvæmdasjóð hinsegin málefna, vinnu við að koma Íslandi ofar á regnbogakorti ILGA-Europe, fræðsla um hinsegin málefni fyrir lögreglu, fræðsla fyrir stjórnendur ríkisins um hinsegin málefni, fræðsla um hinsegin málefni fyrir kjörna fulltrúa og

starfsfólk sveitarfélaga og einnig er vinnu að ljúka sem tengist hinsegin börnum og ungmennum í íþrótt-, tólmstunda- og æskulýðsstarfi. Samtökin '78 hafa komið að öllum þessu verkefnum.

Að auki eru spennandi verkefni að fara af stað en þau tengjast meðal annars kortlagningu á líðan og stöðu hinsegin ungmenna og breytingar á reglugerðum um hollustuhætti. Það síðastnefnda er komið ágætlega á veg, enda hafa breytingar verið kynntar á þeirri reglugerð sem miðar að því að fjölga kynhlutlausum klefum við baðstaði.

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM HATURSORÐRÆÐU

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026 sem innbar meðal annars framkvæmdasjóð vegna verkefna sem beinast gegn hatursorðræðu, vitundarvakningarherferð, netnámskeið sem vinnur gegn hatursorðræðu, fræðslu sem vinni gegn hatursorðræðu fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum og starfsfólk sveitarfélaga o.fl. var ekki lögð fram á Alþingi að svo stöddu. Samtökin '78 harma það mjög.

Forsætisráðuneytið hefur þó gripið til þess að fara sjálf í vitundarvakningu um hatursorðræðu og var verkefnið *Orðin okkar* kynnt í febrúar 2024.

UPPLÝSINGAÓREIÐA OG FALSFRÉTTIR

Á starfsárinu urðu Samtökin '78 bæði fyrir barðinu á upplýsingaóreiðu og falsfréttum.

Í apríl fóru á flug myndir af kynfræðsluplakötum frá Reykjavíkurborg sem sagt var að væru á vegum Samtakanna '78, sem var ekki rétt. Þessar fölsku upplýsingar náðu til fremur afmarkaðs hóps, en Þorbjörg verkefnastjóri á opinn fund með félaginu Málfrælsi, útskýrði í hverju fræðsla félagsins fælist og sat fyrir svörum.


Í september var myndum af bæklingi sem Samtökin '78 unnu með Reykjavíkurborð árið 2019 dreift ásamt myndum úr nýju kynfræðsluefni sem Samtökin '78 hafa ekkert með að gera. Látið var líta út fyrir að Samtökin '78 sinntu kynfræðslu í grunnskólum og væru að kenna ungum börnum um BDSM-kynlíf. Hið rétta er að skilgreining á BDSM-hneigð er í bæklingum sem ætlaðir eru unglíngadeild og hljóðar hún svo: að laðast að fólki sem deilir löngunum um samþykki og meðvituð valdaskipti. Ekki er fjallað sérstaklega um kynlíf í fræðslu Samtakanna '78 í grunnskólum.

Fjöldi fólks lét glepjast af þessari framsetningu og hatursorðræða gegn hinsegin fólki – á samfélagsmiðlum og víðar – fór á mikið skrið, sérstaklega í september. Einnig birtust falsfréttir á jaðarmiðlum sem settu Samtökin '78 í samhengi við kynferðislega tilburði barna.

KÖNNUN UM VIÐHORF TIL HINSEGIN FÓLKS


Samtökin '78 lögðu fyrir þrjár spurningar um viðhorf til hinsegin fólks, hinsegin fræðslu í grunnskólum og réttindabaráttu trans fólks í Þjóðarpólssi Gallup í júní 2023. Helstu niðurstöður eru þær að hinsegin fólk býr við mikið samfélagslegt samþykki á einstaklingsgrundvelli, að margt fólk þekkir ekki nægilega vel til baráttu trans fólks og að langflest fólk styður hinsegin fræðslu í grunnskólum.

Íslenskt samfélag hefur ... í að samþykkja fólk sem er trans.




20% tóku ekki afstöðu.

Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu við að grunnskólabörn fái fræðslu í skólanum um hinsegin málefni?



Hversu vel eða illa liði þér með að þín nánasta samstarfsmanneskja væri ...?



Sömu breytur tengdust svörun fólks í öllum spurningum, þ.e. aldur, kyn, búseta og menntun. Það kom á óvart að yngsti aldurshópurinn, undir 30 ára, var alltaf aðeins minna styðjandi en aldurshópurinn 30-39 ára. Stefnt er að því að endurtaka könnunina árlega og markmiðið er fyrst og fremst að fylgjast með stöðu mála, en einnig að fá upplýsingar sem geta nýst í að ná til fleiri hópa með markvissum hætti.

BLÓÐGJAFIR MSM

Samtökin '78 halda áfram að þrýsta á heilbrigðisráðuneytið varðandi blóðgjafir MSM. Lítið sem ekkert hefur áunnist innan heilbrigðisráðuneytisins á starfsárinu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir samtakanna. Samtökin '78 hafa útt á eftir málinu í meira en áratug og hafa átt yfir 50 samráðsfundi með heilbrigðisráðuneytinu, Blóðbankanum, embætti landlæknis, sóttvarnarlækni og ráðgjafanefnd um fagleg málefni í blóðbankaþjónustu.

Stjórnvöld geta heimilað blóðgjafir MSM með einfaldri reglugerðabreytingu og það á ekki að þurfa dýran búnað eða flókna tilburði til að heimila blóðgjafirnar. Eina sem þarf er vilji ráðafólks.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður, spurði heilbrigðisráðherra nákvæmlega út í þessi mál á þingi í sérstakri umræðu um blóðgjafir:

1. Hvað líður vinnu við breytingar á reglugerð nr. 441/2006, um söfnun, meðferð, varðveislu og dreifingu blóðs, og IV. viðauka við sömu reglugerð í því skyni að afnema mismunun gagnvart samkynhneigðum þegar kemur að blóðgjöf?
2. Hvenær áætla ráðherra að ljúka fyrrgreindum breytingum og afnema mismunun sem blóðgjafar hafa sætt á grundvelli kynhneigðar?

Heilbrigðisráðherra svarað því þannig að nýjar reglugerðir ættu að birtast innan nokkurra vikna inn í samráðsgátt og nýtt kostnaðarmat vegna NAT-skimana yrði tilbúið sem allra fyrst.

NIÐURGREIÐSLA Á GEYMSLU OG UPPTÖKU KYNFRUMA HJÁ LIVIO

Hafin er vinna við það að lögfræðingur Samtakanna '78 taki stærri skref þegar kemur að þessum málum. Samtökin hafa einnig átt fundi með þingmönnum og ráðherrum vegna málsins en koma verður þessum málum í formlegra ferli.

REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI OG REGLUGERÐ UM VINNUEFTIRLIT

Það er mikið fagnaðarefni að loksins hefur umhverfis- og loftslagsráðuneytið boðað breytingar á reglugerð nr. 814/2010, um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sem miðar að því að fjölga kynhlutlausum klefum. Eins og segir í reglugerðinni: Í nýju húsnæði eða eftir meiri háttar breytingu á húsnæði skal vera til staðar sérklefi eða sérklefar. Með meiri háttar breytingum er m.a. átt við nýbyggingar, viðbyggingar og umfangsmiklar breytingar á búningaþstöðu eða öðrum sambærilegum rýmum, sem fellur ekki undir venjubundið viðhald húsnæðis.

TRANS FÓLK OG TRYGGINGAFÉLÖG

Á starfsárinu sendu Samtökin '78, ásamt Trans Íslandi og Hinsegin dögum öllum tryggingafélögum eftirfarandi fyrirspurn:

- Eftir hvaða lögum eða reglugerðum er farið þegar trans fólk fær ekki líf- og sjúkdómatryggingu ef það hyggur á kynstaðfestandi aðgerð?
- Telur tryggingafélagið að með því að veita trans fólki ekki líf- og sjúkdómatryggingu þá sé 9. gr laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018, mögulega brotin?
- Er vinna hafin innan tryggingafélagsins við að semja við endurtryggingaaðila og ýta þar af leiðandi á að kynstaðfestandi aðgerðir trans fólks séu teknar út fyrir sviga þegar horft er til þeirra aðgerða sem koma í veg fyrir gildistöku líftryggingar?


Svör tryggingafélaganna voru mjög sambærileg og svar VÍS kjarnar í raun svör þeirra: Allir viðskiptavinir okkar (líka trans fólk) sem eru með gildar líf- og sjúkdómatryggingar eru með virkar tryggingar fari þeir í aðgerð. Það er enginn fyrirvari í tryggingunum þar sem fram kemur að fari viðskiptavinur í kynstaðfestandi aðgerð (eða aðrar aðgerðir) að þá falli tryggingin úr gildi. Það er því mjög skýrt hjá okkur að viðskiptavinir okkar eru tryggðir, óháð því hvað gerist síðar.

Áframhaldandi vinna verður lögð í að skoða sérstaklega þörfina hjá hópnum og meta næstu skref.

SKRÁNING Á ALVARLEGUM ATVIKUM

Á starfsárinu voru skráð 58 alvarleg atvik í skrá Samtakanna '78. Var atvikum safnað saman úr fjölmíðlum og af samfélagsmíðlum, meðal starfsfólks og úr skráningarformi Samtakanna '78 á vefsíðu þeirra. Þorbjörg verkefnastjóri sér um skráninguna.

Atvikin skiptast með eftirfarandi hætti niður á helstu flokka:



Samhliða þessu báru Samtökin '78 kennsl á tvær bylgjur hættulegrar orðræðu bæði í fjölmiðlum og á netinu, en þær áttu sér stað annars vegar í apríl til maí og hins vegar í ágúst til október. Í báðum tilvikum snerust umræður um að Samtökin '78 eða hinsegin fólk væri á einhvern hátt hættulegt börnum. Langflest þeirra alvarlegu atvika sem skráð voru áttu sér stað á sömu tímabilum.

KÆRUR OG LÖGREGLUMÁL

Samtökin '78 kærðu fjóra einstaklinga til lögreglu fyrir hatursorðræðu á starfsárinu. Þegar ákveðið var að kæra var horft bæði til stöðu viðkomandi einstaklinga í samfélaginu (og þar með líkum á að ummæli þeirra hafi samfélagsleg áhrif) og alvarleika ummællanna. Kærurnar eru enn á borði lögreglu.

Samtökin '78 tilkynntu einnig hótanir og einstaklinga sem hvöttu til ofbeldis til Ríkislögreglustjóra.

HIV-JÁKVÆÐ OG TRYGGINGAFÉLÖG

Á þarsíðasta starfsári sendu Samtökin '78 erindi á öll tryggingafélög, en í svörum þeirra kom í ljós að HIV-jákvæðir höfðu nánast engan rétt á sjúkratryggingum og ef þau höfðu það þá var sá réttur afar skertur. Sú breyting hefur orðið á í dag að flest tryggingafélög heimila HIV-jákvæðum að kaupa sjúkratryggingar, en fyrir hærra verð en gengur og gerist - þrátt fyrir að einstaklingar séu á lyfjum sem halda sjúkdómnum algjörlega niðri.

Á starfsárinu settist framkvæmdastjóri Samtakanna '78 í örstuttan tíma á þing og nýtti tækifærið og spurði ráðherra spurninga um málið:

- Eru einhver lagaákvæði eða tilmæli sem kveða á um skyldu tryggingafélaga til að veita einstaklingum sem greinst hafa með langvarandi sjúkdóm, til að mynda HIV eða sykursýki, en eru á lyfjum sem tryggja eðlilegt líf, líftryggingar á sambærilegu verði og gerist almennt?
- Kemur til álita af hálfu ráðherra að setja leiðbeinandi viðmið um verð líftrygginga til einstaklinga sem eru á lyfjum við langvarandi sjúkdómi, svo sem HIV eða sykursýki, til að forðast mismunun í verðlagi líftrygginga?

Svör fjármála- og efnahagsráðherra voru eftirfarandi:

- Fjallað er um persónuþryggingar í III. hluta laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004. Með persónuþryggingum í skilningi laganna er átt við líf- og heilsuþryggingar. Hvorki er í lögum um váttryggingarsamninga né öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra kveðið á um skyldu váttryggingafélaga til að veita persónuþryggingar eða kveðið á um verðlagningu slíkra trygginga. Þá hafa ekki verið gefin út tilmæli sem kveða á um þetta. Um valfrjálsar tryggingar er að ræða og byggist verðlagning þeirra á tryggingafræðilegum útreikningum váttryggingafélags með hliðsjón af áhættumati félagsins á hinum váttryggða. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 156/2006, um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, er fjallað um áhættumat við töku persónuþrygginga. Þar kemur fram að áhættumatið fari m.a. fram með hliðsjón af upplýsingum um heilsufar þess sem á að váttryggja. Mat á áhættu hafi áhrif á iðgjalda-ákvörðun váttryggingafélagsins, enda sé það grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er svo að váttryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.
- Ekki hefur komið til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu að setja leiðbeinandi viðmið um verð líftrygginga til einstaklinga með langvarandi sjúkdóma. Almennt er það ekki hlutverk stjórnvalda að hlutast til um verðlagningu á vörum og þjónustu nema mælt sé fyrir um slíkt í lögum. Slíkar ráðstafanir eru auk þess gjarnan til þess fallnar að hafa óæskileg áhrif á verðmyndun og samkeppni á markaði og geta þannig falið í sér samkeppnishömlur sem myndu kalla á aðgerðir samkvæmt samkeppnislögum.

Samtökin '78 munu að sjálfsögðu halda áfram að vinna í málinu á komandi starfsári.

ÍPRÓTTIR OG ÍPRÓTTAHREYFINGIN

Síðastliðið ár hefur orðið bakslag hjá hinsegin fólki í íþróttum á heimsvísu. Upp á síðkastið hafa verið settar allskyns reglur og takmarkanir í íþróttum á borð við skák, sundi og frjálssum íþróttum sem hafa neikvæð áhrif á trans og intersex fólk. Einnig hefur ríkt mikil upplýsingaóreiða á samfélagsmiðlum og þá sérstaklega um trans konur í íþróttum.

Fánar voru rifnir niður á mörgum stöðum, bæði af fánastöngum en líka límmiðar. Í sumum félögum voru þeir ítrekað rifnir niður. Við fengum tilkynningar um gróf eineltismál. Í sumum tilfellum þurftu börn að flytja einu sinni eða jafnvel tvisvar til að forðast fordóma. En í öðrum þá voru kennarar og þjálfarar ráðþrota þegar tilraunir til að stöðva einelti höfðu engin áhrif, þetta var algengara í smærri bæjum. Einnig höfum við fengið tilkynningar um sjálfsvíg iðkenda frá þjálfurum og einnig fengið ábendingar um að einstaklingar séu sendir í bælingarmedferðir.

Aðstöðumál vefjast fyrir mörgum og dæmi er um að hinsegin fólk hafi neyðst til að skipta um fót inni í gufubaði eða á skrifstofu. En einnig hefur börnum verið boðið að stunda hannyrðir eða smíði í stað skólasunds og skólaíþróttum. Í öðrum tilfellum komu dæmi um að nemendur fái vottorð um að vera með klórofnæmi til að sleppa við að fara í sund (þegar þeir eru ekki með slíkt ofnæmi).

Á fyrirlesturum var almennt jákvæð stemning en það komu upp atvik þar sem að andrúmsloftið gat verið mjög þungt og bakslagið var áþreifanlegt. Í einu tilfalli þurfti fræðari áfallahjálp eftir mjög erfið samskipti á fyrirlestri.

Fordómar í kvennaíþróttum eru að aukast að það hefur nokkrum sinnum komið fyrir að allt karlalið mætir en ekki kvennalið því þær telja sig vera svo umburðarlyndar en það gildir aðeins um lesbíur á meðan fordómar ríkja í garð trans fólks. Það komu nokkur dæmi til okkar um að leikmenn í hópíþróttum kvenna voru reknar úr liðinu vegna fordóma.

Á sama tíma hafa náðst allskyns sigrar. Það hafa náðst framfarir í málefnum kynsegin fólks.

Kynsegin flokkar, kynsegin Íslandsmet og kynsegin verðlaun á borð við Íþróttakvár Reykjavíkur og Íþróttastálp Kópavogs voru afhent í fyrsta skiptið. Félag um allt land hafa sett upp límmiða og fána til stuðnings hinsegin fólks.

Mörg félög fengu fræðslu í fyrsta skiptið og á meðan önnur fengu fræðslu aftur. Við sáum á árinu að leikmenn í stóru deildum Evrópu koma út úr skápnum og halda áfram að spila, sem er mikið framfaraskref í málum samkynhneigðra karla í hópíþróttum, sem er staður sem þeir eru oft taldir vera fjarverandi.

PÍETA SAMTÖKIN

Á starfsárinu héldu Samtökin '78 og Píeta samtökin áfram að efla sitt samstarf og samvinnu. Haldinn var sameiginlegur fundur með markaðsstjóra og fagsstjóra Píeta samtakanna og undir lok starfsársins komu Píeta með fræðsluerindi á starfsmannadag starfsfólks Samtakanna '78. Í þeirri fræðslu kom ýmislegt fram sem snertir bæði samtök og var ákveðið að skipuleggja reglulega fræðsludaga á milli samtakanna og því munu Samtökin '78 fara á næstu vikum og fræða starfsfólk Píeta. Bæði félög hafa beint skjólstæðingum til hvors annars og er það von okkar að þetta efli faglega vinnu fyrir skjólstæðinga beggja samtaka, en bæði samtökin eru lágþröskuldapjónusta þar sem viðurkennt fagfólk sinnir faglegu starfi.

RAUÐI KROSSINN

Það er Samtökunum '78 mikilvægt að vera í góðu samstarfi við önnur félagasamtök sem vinna að mannréttindamálum á Íslandi. Á árinu var gott samráð haft við Rauða krossinn líkt og í fjölda ára. Færri sameiginlegir þættir eru þó á starfsemi félaganna eftir að talsmannapjónusta um alþjóðlega vernd var færð frá Rauða krossinum. Þó halda félögin áfram að vinna saman t.d. þegar kemur að hjálparsíma Rauða krossins, sem og við þjónustu flóttafólks.

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Líkt og síðustu fjögur starfsár þá hafa Samtökin '78 eftt samstarf sitt við umboðsmann barna. Telja Samtökin '78 það afar mikilvægt að vera í góðu samtali og vinna náið með umboðsmanninum þegar kemur að almennum réttindum barna og barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Samtökin '78 áttu stóran samráðsfund með öllu starfsfólki Umboðsmanns á starfsárinu. Þar var farið gaumgæfulega yfir verkferla, áhættur og fleira sem tengist þjónustu við börn. Einnig var það góða samstarf sem Samtökin hafa átt við Umboðsmann Ítrekað og farið yfir helstu þætti í barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA

Á starfsárinu var áframhaldandi áhersla lögð á að styrkja samband milli Samtakanna '78 og barna- og fjölskyldustofu (áður Barnaverndarstofa). Fræðslustýra og framkvæmdastjóri áttu góða samráðsfundi með starfsfólki stofnunarinnar með það að sjónarmiði að auðvelda það að tilkynna ofbeldi gagnvart hinsegin börnum.

Mikilvægt er að þetta sé skráð sérstaklega, það er ef ofbeldinu er beitt á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Eins var stofnunin frædd um það hvað fellur undir hatursáróður og haturstengt ofbeldi, og ofbeldi sem beinist sérstaklega að hinsegin börnum og unglíngum.

EMBÆTTI LANDLÆKNIS

Samtökunum '78 berast reglulega mál um það sem má betur fara innan heilbrigðiskerfisins og eru það oft mál er tengjast trans fólki og trans börnum. Hafa Samtökin '78 farið með þau mál áfram. Flest málanna eru einstaklingsmál sem erfitt er að gera grein frá í ársskýrslu en almennari mál tengjast til dæmis hormónameðferðum, biðlistum, skurðstofutímum og samskiptum við Landspítalann.

Haldinn var samráðsfundur með embættinu á starfsárinu þar sem Sigríður Birna Valsdóttir, teymisstýra ráðgjafa, fór fyrir máli Samtakanna '78. Þar var ítrekuð sú krafa Samtakanna að bæta aðgengi að hormónum fyrir fullorðið trans fólk, en þau mál hafa verið í erfiðri stöðu í of langan tíma.

Öll samskipti við embætti landlæknis hafa einkennst af fagmennsku og virðingu fyrir okkar málstað og er starfsfólki embættisins sérstaklega þakkað fyrir.

SÓTTVARNALÆKNIR

Samtökin '78 og sóttvarnalæknir halda áfram samstarfi, en mikilvægt er fyrir báða aðila að vera í reglulegu samtali. Haldnir voru samráðsfundir um mPox, HIV og kynsjúkdóma með Guðrúnu Aspelund, sóttvarnarlækni. Eins tóku Samtökin '78 þátt í rannsókn er miðar að því að skoða klámnotkun ungmenna og hvernig mega sporna við því að ungmenni leiti sér kynfræðslu í gegnum klámsíður. Sú rannsókn var birt á vefsíðu embættisins á starfsárinu.

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Töluverð samskipti voru milli Samtakanna '78 og heilbrigðisráðuneytisins. Sérstakur fundur var við ráðherra heilbrigðismála þar sem Samtökin '78 úttu á eftir því að eitthvað yrði gert varðandi blóðgjafir MSM, en ráðuneytið hefur dregið lappirnar að hluta og ber fyrir sig skort á búnaði til þess að skima blóð. Samtökin kröfðust þess að ráðuneytið skyldi vinna betur að málinu og efla upplýsingagjöf til Samtakanna '78, enda hafa karlar sem sofa hjá öðrum karlmönnum beðið nógu lengi eftir því að fá að gefa blóð. Einnig voru minni fundir með fulltrúum ráðuneytisins á árinu, voru þeir t.d. tengdir bakslaginu og hormónameðferðum.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið er stærsti einstaki samningsaðili Samtakanna '78, en á sama tíma mikilvægur samstarfsaðili í gegnum skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála.

Forsætisráðuneytið leitaði til Samtakanna '78 þegar kom að uppfærslu á Regnbogakorti ILGA-Europe, við gerð aðgerðaáætlunar í málefnum hinsegin fólks, við gerð Grænbókar um stöðu mannréttinda á Íslandi og einnig við gerð aðgerðaáætlunar til að sporna við hatri og hatursáróðri.

Á árinu héldu Samtökin '78 stóra ráðstefnu í samvinnu við ráðuneytið, en nánar er fjallað um það undir Alþjóðamál í skýrslu þessari.

LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Aukin pressa hefur verið sett á yfirstjórn Landspítala vegna stöðu þeirra sem bíða eftir kynleiðréttandi aðgerðum. Þrjú minnisblöð voru send árið 2022, og Samtökin '78 héldu áfram á þessu ári. Minnisblöðin hafa farið á yfirstjórn spítalans þar sem djúpum áhyggjum er lýst af stöðu mála. Hafa Samtökin '78 ávallt fengið jákvæð viðbrögð frá spítalanum og hefur Landspítali lofað bót og betrun með biðlistaátaki. Þó verður að segja að biðlistar þeir sem snúa að neðanaðgerðum trans kvenna hafa setið á hakanum, og halda Samtökin '78 áfram að þrýsta á raunverulegar aðgerðir í þeim málum.

FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

Þau málefni sem snúa að þjónustu við hinsegin fólk sem leitar að alþjóðlegri vernd og hinsegin flóttafólki falla nú undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Eins málefni er tengjast vinnumarkaðnum, eldra fólki og fleira. Því eru margir snertifletir á samstarfi ráðuneytisins við Samtökin '78. Tveir fundir voru haldnir með ráðuneytinu á starfsárinu, einn þeirra með ráðherra.

SANNGIRNISBÆTUR TIL INTERSEX FÓLKS

Samtökin '78 hafa lagt fram þá hugmynd að stjórnvöld skoði hvort að leita ætti leiða til að intersex fólk sem gert hefur verið aðgerðir á, án þeirra leyfis, fái greiddar sanngirnisbætur. Nú ber svo undir að Andrés Ingi Jónsson áætla að leggja fram þingsályktunartillögu, með fjölbreyttum hópi þingmanna sem miðar að því að ríkið leggi grunn að því að greiða sanngirnisbætur til intersex fólks.

Tillagan í heild sinni:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa starfshóp sem taki til skoðunar umfang aðgerða vegna ódæmigerðra kyneinkenna sem gerðar voru áður en lög um kynrænt sjálfræði voru samþykkt. Jafnframt verði kannað tilefni og grundvöllur þess að einstaklingum sem hlutu slíka meðferð verði bættur skaði sem kann að hafa hlotist af slíkum aðgerðum.

Ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins fyrir árslok 2022.“

Í greinargerð segir:

Á allra síðustu árum hefur fjöldi mannréttindastofnana hvatt ríki heims til að banna með lagasetningu ónauðsynlegar og óafturkræfar aðgerðir á fólki sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni, án upplýsts samþykkis. Hér á landi eru í gildi lög um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem banna slíkar aðgerðir.

Vitundarvakning hefur átt sér stað um réttindi fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni, vegna lagasetningar í anda þeirrar sem nefnd hefur verið en einnig vegna þess fjölda einstaklinga sem stigið hefur fram og sagt sögu sína

á síðustu árum. Fjöldi fólks hefur þurft að þola varanlega skerðingu á lífs-gæðum vegna óafturkræfra og ónauðsynlegra aðgerða sem framkvæmdar voru á árum áður. Þekkt er að slíkar aðgerðir valda alvarlegum heilsufarsvanda sem fylgir fólki ævina á enda, til að mynda sársaukafullri öramyndun, beinþynningu og þvagrásarvandamálum. Víða um heim hafa greiningar á fósturvísu leitt til áhættusamra og óviðurkenndra lyfjameðferða á fósturstigi og langtímaheilsufarsáhrif af meðferðum sem einstaklingar með ódæmigerð kyneinkenni gangast undir eru lítt rannsökuð.

Í sögum þeirra einstaklinga sem stigið hafa fram vegna slíkra aðgerða hefur ítrekað verið lýst þeim alvarlegu sálfræðilegu áhrifum sem þær kunna að hafa. Sýnt hefur verið að inngrip í líkamlega friðhelgi fólks sem fæðst hefur með ódæmigerð kyneinkenni hafa viðvarandi félagsleg og sálræn áhrif. Umræða um málefnið hefur lengi sætt félagslegri bannhelgi með tilheyrandi áhrifum á líf fólks auk félagslegrar einangrunar. Þá eru einstaklingar sem fæðst hafa með ódæmigerð kyneinkenni í aukinni áhættu á brottfalli úr skóla, örðugleikum við að finna atvinnu vegna skorts á menntun, líkamlegra hamlana og félagslegrar skammar. Rannsóknir á jaðarsettum hópum hafa sýnt að líklegt er að einstaklingar innan þeirra verði fyrir félagslegri einangrun, þeir upplifi vanlíðan og þrói með sér geðræn vandamál. Tíðni þunglyndis, kvíða, sjálfskaða og sjálfsvíga er meiri meðal þeirra en almennt í samfélaginu.

Lögin um kynrænt sjálfræði eru nú af nálinni en þau tóku gildi fyrir aðeins tæpum þremur árum. Mikilvægt er að varpa ljósi á umfang aðgerða fyrir lagasetninguna og miska sem kann að hafa hlotist af þeim, með tilliti til bæði andlegrar og líkamlegrar heilsu. Með skipun starfshóps um sanngirnissbætur til handa fólki sem fæðst hefur með ódæmigerð kyneinkenni og aðgerðir voru framkvæmdar á að þeim einstaklingum forspurðum, innan opinberra sjúkrastofnana, gefst stjórnvöldum tækifæri til þess að axla ábyrgð á sínum þætti í því misrétti sem fólk með ódæmigerð kyneinkenni hefur verið beitt.

TRANS TEYMI BUGL

Áframhaldandi gott samstarf hefur verið á milli Samtakanna '78 og trans teymis barna- og unglíngageðdeildar Landspítala. Á árinu áttu Samtökin '78 tvo formlega fundi með teyminu. Samtökin '78 eru afar lukkuleg með það hve gott teymi hefur verið byggt upp á deildinni síðustu misseri og hve góð samskipti hafa skapast á milli Samtakanna '78 og BUGL. Sigríður Birna, teymisstýra ráðgjafa hjá Samtökunum '78, hélt erindi á ráðstefnu BUGL í janúar sem að þessu sinni var tileinkuð málefnum trans barna og ungmenna og var mjög vel heppnuð í alla staði. Vonast er eftir áframhaldandi góðu samstarfi því næg eru verkefni.

TRANS TEYMI LSH

Líkt og með trans teymi BUGL, sem oftast er kallað „yngra teymið“ í daglegu tali þá voru samskipti og samstarf við trans teymi Landspítala - Háskólasjúkrahúss, oft kallað „eldra teymið“ með mjög góðu móti á starfsárinu. Í febrúar 2023 fengum við þær fréttir að Marta Jóns Hjördísardóttir hefði verið ráðin til þess að verkefnastýra undirbúningi trans miðstöðvar á Landspítala og hún óskaði strax eftir samtali við okkur.

Það hafa verið nokkrir formlegir fundir á árinu með Mörtu og trans teymi LSH og þau hafa lagt sig fram við að hlusta á okkur og vera í góðu samtali. Í febrúar á þessu ári var

hafin vinna við að stytta ómannúðlega biðlista eftir hormónameðferð með svokölluðum átaksdögum en því miður fékkst ekki læknir í teymið fyrr en í febrúar á þessu ári og nú bindum við miklar vonir við að biðlistar fari í alvörunni að styttest.

Við höfum gert okkar besta til að hafa áhrif á þessa þróun í samstarfi við Trans Ísland og vonum innilega að þær breytingar sem orðið hafa á árinu leiði af sér enn bættari þjónustu fyrir trans fólk. Við vonumst einnig eftir áframhaldandi góðu samstarfi við eldra teymið. Það hefur haft mjög góð áhrif á samstarf við teymin að nú erum við með ráðgjafa sem sinna verktakavinnu hjá okkur sem starfa einnig í teyminum LSH.

VIÐBRAGÐSAÐILAR

Í samningi við ríkislögreglustjóra er kveðið á um fræðsluerindi til Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra (FMR) og til stendur að starfsfólk neyðarlínunnar fái þá fræðslu líka. Áður hafa Samtökin unnið með neyðarlínunni að fræðsluhluta vefs neyðarlínunnar, 112. is. Einnig fræddum við viðbragðsaðila hjá áfallateymi Landspítalans, slökkviliðsfólk, sérnámslækna og fleiri. Nánar má lesa um þessi fræðsluerindi undir fræðsluhlutanum í ársskýrslu þessari.

SÝSLUMANNSEMBÆTTI

Á starfsárinu hefur allt starfsfólk sýslumannsembætta fengið fræðsluerindi frá Samtökunum '78. Einnig hafa Samtökin '78 verið í sambandi við embættin þegar kemur að viðbragði við til dæmis ofbeldi gagnvart börnum. Áætlað er að Samtökin '78 komi með áframhaldandi fræðsluerindi til sýslumannsembættanna á komandi starfsári.

LÖGREGLAN OG NÁM Í LÖGREGLUFRÆÐUM

Samtökin '78 og embætti ríkislögreglustjóra skrifuðu á árinu undir samstarfssamning um áframhaldandi hinsegin fræðslu, ráðgjöf við rannsóknir og þróun á verklagi og nýju fræðsluefni fyrir lögreglu. Unnið hefur verið að verkþáttum samnings á starfsárinu og rafrænt fræðsluefni fyrir lögreglu er langt komið. Einnig hafa Samtökin '78 sinnt fræðsluerindum til varðstjóra og fyrir nema í lögreglufræðum.

FANGELSISMÁLASTOFNUN

Samtökin '78 héldu áfram að fræða starfsfólk fangelsismálastofnun skv. fræðsluáætlun sem kynnt var í upphafi síðasta starfsárs. Aukinheldur hefur starfsfólk Samtakanna '78 ráðlagt starfsfólki stofnunarinnar í ýmsum málum.

HÝRYRÐI 2023

Félagsfundur að hausti árið 2023 var tileinkaður hýryrðum. Hýryrði 2023 voru byggð á sömu hugmynd og fyrri hýryrðakeppnir Samtakanna '78, en þær voru haldnar árið 2015 og 2020. Í þeim keppnum urðu m.a. til orðin *eikynhneigð*, *dulkynja*, *flæðigerva*, *kvár* og *stálp*. Á átta árum hefur ýmislegt breyst og nýjar aðstæður krefjast nýrra orða. Því var leitað aftur til samfélagsins til að aðstoða við að þróa tungumálið.

Dómnefnd hýryrða árið 2023 skipuðu: Ásta Kristín Benediktsdóttir, lektor í íslenskum samtímabókmenntum við Háskóla Íslands, Einar Freyr Sigurðsson, rannsóknarlektor á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reyn Alpha Magnúsar, varaformaður Trans Íslands og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, meðstjórnandi í stjórn Samtakanna '78.

Leitað var að kynhlutlausu orði yfir foreldri foreldris (sbr. *amma/afi*). Skammstöfun fyrir *kynsegin* vantar (sbr. *kvk/kk*). Eins var leitað að kynhlutlausu ábendingarfor nafni (sbr. *sá/sú*). Svo var leitað að þremur þýðingum: Fyrir *allosexual*, *masc* og *femme*.

Líflegar umræður um samkeppnina og orðin sem leitað var að fóru fram á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum í sumar. Þær sýndu og sönnuðu að fólki stendur ekki á sama um tungumálið og sá áhugi birtist einnig í þátttökunni sem fór fram úr björtustu vonum – alls sendu tæplega 300 manns inn tillögu að einu eða fleiri orðum áður en frestur rann út 15. september sl.

Eftir langa yfirlegu var það samhljóða niðurstaða dómnefndar að mæla með tveimur nýyrðum og nýrri skammstöfun:

stórforeldri: kynhlutlaust orð yfir foreldri foreldris

aðkynhneigð: þýðing á enska orðinu *allosexual*

ks.: skammstöfun á *kynsegin*, hliðstæð *kk*. og *kvk*.

Rökstuðning dómnefndar má lesa á vef Samtakanna '78 og enn fremur umfjöllun um tillögur sem ekki var mælt með að þessu sinni. Rétt er að undirstrika að líkt og í fyrri Hýryrðakeppnum eru niðurstöðurnar ekki hugsaðar sem endanlegt val eða liður í málstýringu heldur tillögur sem hér með eru lagðar í hendur málnotenda. Hvort þær hljóti hljómgrunn og komist í almenna notkun verður framtíðin að leiða í ljós.

SKJALASAFN SAMTAKANNA, FRAMTÍÐ VEGNA LOKUNAR BORGARSKJALASAFNS

Á árinu fór fram umræða um framtíð skjalasafns Samtakanna '78 sem hýst er í borgarskjalasafninu. Reykjavíkurborg hefur tilkynnt um lokun þessa skjalasafns og hefur stjórn samtakanna strax hafið umræðu um framtíð skjalasafns Samtakanna '78. Nokkrar hugmyndir hafa komið upp um framtíðartilhögun skjalasafnsins en ekkert fastmótað enn sem komið er. Umræða um skjalasafnið verður áberandi á landsþingi hinsegin fólks í ár.

ALMENNT UM RÁÐGJAFARÞJÓNUSTUNA

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að koma á staðinn eða fá viðtalstíma í gegnum síma eða yfir netið, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hægt er að panta ráðgjöf í gegnum heimasíðu Samtakanna '78 eða með því að senda skrifstofu tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergjum í húsnæðum Samtakanna '78 á Suðurgötu 3 og á Suðurgötu 8 og í einstaka tilfellum á einkastofum sínum. Skjólstæðingum stendur til boða ráðgjöf án endurgjalds en geta ef þess er óskað styrkt Samtökin '78, gerst regnbogavinir og/eða félagar í Samtökunum '78. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við, sem og ef fólk leitar eftir því.

Sigríður Birna Valsdóttir hefur sinnt starfi teymisstýru ráðgjafa frá því í september 2022. Auk þess að sinna ráðgjöf og sálrænum stuðningi í viðtölum hefur teymisstýra yfirsýn yfir verkefni ráðgjafarþjónustu, heldur utan um þá verktaka sem sinna ráðgjöf og býður upp á handleiðslu fyrir verktaka sem sinna ráðgjöf og fræðslu.

MARKMIÐ RÁÐGJAFARSTARFSINS

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp, auka lífsgæði hans og bjóða upp á hinsegin staðfestandi ráðgjöf. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsfólki jafnt sem öðrum. Flest sem leita til ráðgjafa samtakanna eru hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flest eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð, kynvitund og/eða kyntjáningu á einhvern hátt. Mörg eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins heldur það áfram að aukast að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna eftir fræðslu, ráðgjöf og upplýsingum.

RÁÐGJAFATEYMI

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þau eiga það sameiginlegt að hafa mikla þekkingu á hinsegin málum og eru því vel í stakk búin til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og/eða kyneinkenna einstaklinga.

Ráðgjafar geta boðið upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og pólsku en ef um annað tungumál er að ræða er boðið upp á túlkajónustu. Einnig er í boði að fá viðtöl hjá hjúkrunarfræðingi og lögfræðiráðgjöf.

Teymisstýra ráðgjafa er Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (ráðgjafi frá vori 2009, teymisstýra frá september 2022).

Önnur í teyminu eru:

Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi (frá janúar 2022)

Ástrós Erla Benediksdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2020)

Elín Margrét Ólafsdóttir, barna- og unglingasálfræðingur (frá maí 2022)

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)

Ivana Golánová, sálfræðingur (frá mars 2022)

Margrét Nilsdóttir, sálfræðingur (frá október 2022)

Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi (frá september 2018).

Sigurður Ýmir Sigurjónsson, hjúkrunarfræðingur (frá ágúst 2020), hefur sinnt fyrirspurnum og ráðgjöf er varðar heilbrigðisþjónustu hinsegin fólks, bæði til einstaklinga og fagaðila í heilbrigðisþjónustu.

Wieslaw Kaminski, meðferðarfræðingur sinnir afmörkuðum verkefnum, sérstaklega ef þörf er á pólskumælandi ráðgjafa.

Í lok ársins bættist í ráðgjafahópinn Hattie Rose Pacheco listmeðferðarfræðingur. Hún er enskumælandi og mun eingöngu sinna hópmeðferð.

Lögfræðiráðgjöf sinna:

Ingibjörg Ruth Gulin (frá janúar 2023)

Krísturín Elsa Harðardóttir (frá september 2022)

NOTENDUR ÞJÓNUSTUNNAR

Fólk leitar til ráðgjafa af ýmsum ástæðum. Mörg leita til okkar vegna hinsegin mála sem snerta þau beint eða einhvern nákominn þeim á meðan önnur leita vegna annarra mála vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni. Mál sem koma ítrekað upp í ráðgjöf eru t.d. kvíði, félagskvíði, einangrun, sambandserfiðleikar, sjálfsskaði, sjálfsvígshugsanir og svo að sjálfsögðu önnur mál sem tengjast beint kynvitund, kynhneigð, kyneinkennum og/eða kyntjáningu.

Ætla má að um 2/3 þess hinsegin fólks sem leitar í þjónustuna sé að taka sín fyrstu skref í að skilgreina hinseginleika sinn á meðan um 1/3 hafi verið með hinseginleika sinn á hreinu í fleiri ár. Þau leita þá frekar vegna annarra mála er ekki snerta hinseginleikann beint. Fólk getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og/eða kyntjáningu án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum.

Samtökunum '78 berast of oft fregnir af því að félagsfólk hafi leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og að þau hafi jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneigingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og/eða kyntjáningar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við hinseginleika einstaklings og gera þessar breytur að aðalræðuefni þótt fólk sé að leita sér ráðgjafa til að ræða allt önnur mál.

Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að leita í hinsegin staðfestandi ráðgjöf, þar sem kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og/eða kyntjáningu þeirra er tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við. Árið 2023 jókst það til muna að fólk leitaði í ráðgjöf vegna áhrifa haturs-orðræðu og fordómafullrar umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS 2023

Umfang ráðgjafapjónustunnar hefur aukist mikið á undanförunum árum en árið 2019 voru viðmælendur 345 og viðtölin 905, síðan þá hefur viðmælendum fjölgað töluvert og árið 2022 voru viðtölin um 1060 og viðmælendur í kringum 800. Árið 2023 voru viðtölin hins vegar um 1622 og viðmælendur í kringum 634. Viðtölum hefur fjölgað töluvert á milli ára en þeim sem sækja í ráðgjöf hefur fækkað á milli ára.

Þetta stafar m.a. af því að það hefur aukist að viðmælendur koma í lengri tíma, að viðmælendur okkar þurfi meiri aðstoð frá ráðgjöfum en eitt viðtal. Þetta má m.a. rekja til þeirra áhrifa sem bakslagið undanfarið ár hefur valdið.

Fagfólk sem starfar með hinsegin fólki t.d. kennarar, námsráðgjafar og starfsfólk velferðar- og heilbrigðisþjónustu sækja hins vegar yfirleitt ráðgjöf eingöngu í eitt skipti.

Þau sem sækja ráðgjöfina eru af öllum kynjum og er dreifing á milli kynja nokkuð jöfn þó að konur séu í töluverðum meirihluta þegar kemur að þeim aðstandendum og fagaðilum sem leita ráðgjafar.

Aldur viðmælenda er frá 5 ára og upp í 85 ára, flestir viðmælendur eru á aldrinum 20–45 ára eða um 70%. Um 20% viðmælenda eru yngri en 18 ára, og um 42% eru á aldrinum 20–45 ára.

Að meðaltali sækja viðmælendur tvo til þrjá ráðgjafatíma þó verður að hafa í huga að aðstandendur og fjölskyldur koma mögulega í einn ráðgjafatíma á meðan þeim fjölgar sem koma í viðtöl mánaðarlega eða oftar yfir lengri tíma og þó nokkur dæmi eru um að einstaklingar komi í yfir 25 viðtöl. Á það t.d. oft við um einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd en þau sækja sér oft ráðgjöf mánaðarlega á meðan á ferlinu stendur.

Því er erfitt að festa fingur á það hve oft einstaklingar koma þar sem hópurinn sem sækir sér ráðgjöf er fjölbreyttari en nokkru sinni.

Langflestir aðstandendur sem sækja ráðgjöf eru að óska eftir fræðslu og upplýsingum til að geta stutt börn og ungmenni sem eru að velta fyrir sér kynvitund sinni og/eða kynhneigð og eru að stíga sín fyrstu skref í að koma út fyrir fjölskyldu/vinum og samfélagi. Við finnum fyrir auknum áhyggjum aðstandenda síðasta árið á hvernig samfélagið tekur á móti börnum þeirra hvort sem um er að ræða kynhneigð, kynvitund eða kyntjáningu.

Vert er að taka fram að tölur um fjölda viðmælenda taka ekki með fjölda þeirra sem sækja stuðningshópa Samtakanna '78 sem eru níu talsins og yfirleitt haldnir mánaðarlega hver.

STUÐNINGSHÓPAR OG NÁMSKEIÐ

Níu reglulegir stuðningshópar voru starfandi á starfsárinu og eru yfirleitt vel sóttir, um 40–70 manns nýta sér þessa þjónustu í hverjum mánuði. Nú í upphafi árs 2024 erum við einnig að fara gang með fjögur námskeið sem hafa verið í undirbúningi undanfarna mánuði.

STARF FYRIR 13–17 ÁRA

Sigríður Birna leiddi hóp fyrir trans börn og ungmenni 13–17 ára ásamt öðrum ráðgjöfum. Aðsókn í hópinn fór dvínandi með árinu og það var ljóst að þörfin er önnur fyrir þennan hóp. Í lok árs var tekin sú ákvörðun að gera hlé á hópnum og bjóða reglulega næsta árið upp á styttri og lengri fræðslur og/eða námskeið sem eru auglýst sérstaklega og þarf að skrá sig á.


Fjöldi viðmælenda sem sótt hafa ráðgjafabjónustu




Kynvitund fólks sem sækir ráðgjafabjónustu




Kynhneigð fólks sem sækir ráðgjafabjónustu



Ástæður þess að fólk sækir ráðgjafabjónustu



Fólk sem sækir ráðgjafabjónustu hefur upplifað



Aldur viðmælenda – frá 5 ára upp í 85 ára



TÓNSMÍÐJA

Fyrsta verkefnið fór í gang í janúar, tónsmíðja fyrir trans ungmenni 13–17 ára sem Mara Birna Jóhannsdóttir tónlistarkona leiðir. Við fengum aðstöðu í rými Læti (áður Stelpur rokka) í Breiðholti og við stefnum á að halda áfram samstarfi við þau. Tónsmíðjan verður í 12 vikur og í lok smíðju mun hópurinn taka þátt í tónleikum hjá Læti.

SJÁLSTYRKING OG JÓGA

Nú í febrúar auglýstum við 10 vikna sjálfstyrkingarnámskeið fyrir hinsegin ungmenni 15–18 ára þar sem áherslan er á sjálfsþekkingu í gegnum úmsar líkamlegar og huglægar æfingar. Við náðum ekki nægri skráningu á það námskeið en munum reyna aftur í mars.

FRÆÐSLUFUNDIR

Stefnt er á að bjóða upp á nokkra fræðslufundi á ári fyrir aldurshópinn 13–17 ára þar sem umfjöllunarefni munu tengjast þeirra reynsluheimi. Fyrsti fundurinn verður í mars og verður auglýstur síðar.

STARF FYRIR 18 ÁRA OG ELÐRA TRANS FÓLK

Sigríður Birna ásamt öðrum ráðgjöfum leiðir hóp fyrir trans fólk 18 ára og eldra einu sinni í mánuði. Þessir fundir eru mjög vel sóttir og það skapast oft góðar umræður um ýmislegt sem viðkemur trans ferlinu, samfélaginu, fordómum og fleiru. Þessir fundir hafa stundum verið á ensku þar sem við fáum oft fólk í hópinn sem ekki talar íslensku og það hefur gengið vel.

Við bjóðum einnig upp á hóp einu sinni í mánuði fyrir fullorðnar trans konur. Þessir fundir eru einnig vel sóttir og þörfin á þeim hefur virkilega sýnt sig.

Eins hefur jafningjahópur lengra komins trans fólks 18+ hist einu sinni í mánuði og verið leiddur af sjálfboðaliðum hjá Samtökunum '78 sem sjálf eru trans.

STUÐNINGSHÓPAR Á ERLENDUM TUNGUMÁLUM FYRIR HINSEGIN FÓLK

Gerð var tilraun til að bjóða upp á stuðningshóp á ensku fyrir erlent hinsegin fólk á árinu en aðsókn var ekki næg til að halda honum gangandi. Hins vegar vitum við að þörfin er fyrir hendi og athuga þarf hvernig má betur ná til þessa hóps.

Á árinu bættist við lokaður stuðningshópur á spænsku sem Ivana Golánová leiðir. Hópurinn er vel sóttur og markhópurinn er hælisleitendur frá Venesúela. Við finnum fyrir aukinni þörf fyrir hópa og félagsstarf á spænsku.

STUÐNINGUR FYRIR AÐSTANDENDUR

Sigríður Birna hefur leitt fund fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna einu sinni í mánuði í mörg ár, það hefur margsýnt sig að þörfin er mikil og aðstandendur eru duglegir að nýta sér þessa fundi. Undanfarið ár höfum við einnig svarað þörf og boðið upp á stuðningsfundi fyrir aðstandendur eldra trans fólks, kvenna, karla og kvára. Guðbjörg Ottósdóttir hefur leitt þessa fundi.

Við höfum reglulega boðið upp á fræðsluerindi á fundum fyrir aðstandendur og það hefur reynst vel og verið mjög vinsælt og við stefnum að því að halda áfram að gera það nokkrum sinnum á ári.

REGNBOGASTUND

Við buðum upp á nýtt verkefni á árinu sem við köllum Regnbogastund en það er starf fyrir trans börn og kynjakönnuði á aldrinum 4 - 10 ára og aðstandendur þeirra. Hópurinn er opinn og hittist einn laugardag í mánuði. Þar hittast börnin, fönndra, teikna og leika sér með leiðbeinendum á meðan aðstandendur fá tækifæri til að spjalla saman.

Þau sem halda utan um Regnbogastund eru Sigríður Birna, Elín Margrét og Alexander Björn ráðgjafar en auk þeirra fengum við til liðs við okkur Sólveigu Rós foreldra- og uppeldisfræðing og Móberg Ordal nema í félagsráðgjöf sem hefur mikla reynslu af því að vinna með börnum. Eins komu að starfinu á árinu Arna Magnea Danks kennari og leikkona og Gabriela María leikskólalastarfsmaður.

Við lögðum upp með það að fá fullorðið trans fólk með okkur í barnastarfið og að starfið væri leitt af fagfólki og munum halda því áfram. Þetta starf hefur verið mjög gefandi og gengið vel.

LISTMEÐFERÐ

Í janúar fórum við einnig í gang með lokaðan listmeðferðarhóp í 10 vikur fyrir trans fólk á aldrinum 18–25 ára sem Hattie Rose Pacheco listmeðferðarfræðingur leiðir. Markmið hópsins er að vinna að aukinni sjálfsþekkingu, meðvitund og styrkingu. Stefnan er að Hattie haldi áfram að vinna með okkur og bjóði upp á fleiri hópa í styttri eða lengri tíma.

HEILSA OG STYRKUR

Nú í febrúar fór í gang hjá okkur verkefni sem kallast Heilsa og styrkur, heilsuhvetjandi námskeið fyrir fullorðið trans fólk. Við fengum í lið með okkur Ragnheiði Silju sjúkraþjálfara og Thelmu Rut Grímsdóttur og Ingunni Ingvarsdóttur næringarfræðinga, ásamt þeim munu Sigríður Birna, Alexander Björn og Ástrós Erla ráðgjafar koma að verkefninu.

Markmiðið er að ná til trans fólks sem ekki hefur treyst sér til að sækja í heilsuhvetjandi þjónustu sökum kynama. Námskeiðið verður tvisvar í viku í 12 vikur og samanstendur af hreyfingu, næringarráðgjöf, fræðslu og sálrænni ráðgjöf. Þetta er tilraunaverkefni og stefnan er að þróa þetta námskeið þannig að það henti sem best hópnun og halda verkefninu áfram.

LÖGFRÆDIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks og annarra hinsegin einstaklinga sem leita aðstoðar samtakanna. Krístrún Erla Harðardóttir, lögmaður og Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur hafa sinnt lögfræðiráðgjöfinni saman frá byrjun árs 2023.

Krístrún Elsa Harðardóttir, lögmaður sinnir eingöngu ráðgjöf til félagsins sem felst í því að vera ráðgefandi til stjórnar og starfsfólks félagsins vegna ýmissa vandamála sem upp kunna að koma í starfi félagsins. Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur sinnir frumathugun mála og metur hvort og þá hvenær þurfi að kalla lögmann félagsins að borðinu í samráði við framkvæmdastjóra samtakanna.

Ingibjörg Ruth Gulin, lögfræðingur, býður upp á hvers konar lögfræðilega ráðgjöf til félagsmanna auk þess að vera ráðgefandi við starfsfólk og stjórn. Ingibjörg vinnur

jafnframt náði með öðrum ráðgjöfum innan Samtakanna og hefur sinnt viðtölum með öðrum ráðgjöfum í viðeigandi tilfellum.

Málefni útlendinga, hvort sem er umsækjenda um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi almennt, voru áberandi í lögfræðiráðgjöfinni árið 2023. Lögfræðingur Samtakanna veitti þeim aðilum sem óskuðu eftir lögfræðilegri ráðgjöf viðeigandi upplýsingar um ferli umsókna um alþjóðlega vernd sem og um önnur álitafni því tengdu ef upp komu. Þá vann lögfræðingur Samtakanna mikið með öðrum ráðgjöfum innan Samtakanna og skrifaði fjölda stuðningsbréfa með þeim ráðgjöfum til stuðnings máls þeirra og gætti að samstarfi við talsmenn umsækjendanna.

Á síðustu árum hefur átt sér stað mikil réttarbót fyrir hinsegin fólk, sér í lagi trans og intersex með tilliti til lögfestingar laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Á sama tíma hefur orðið bakslag og hatursorðræða aukist verulega. Þetta hefur endurspeglast í lögfræðiráðgjöf Samtakanna, bæði hjá einstaklingum og innan samtakanna árið 2023. Aukin hatursorðræða hefur borið með sér aukið áreiti, ofbeldi og mismunun gagnvart hinsegin einstaklingum sem hafa jafnframt leitað eftir lögfræðiráðgjöf hjá Samtökunum.

Helstu málaflokkar ársins 2023:



ÞRÓUN RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Starf ráðgjafapjónustu er í stöðugri þróun og það er mikill hugur og metnaður í ráðgjöfum fyrir komandi ári. Stöðugildi teymisstýru hefur haft það í för með sér að haldið hefur verið betur utan um ráðgjafa og betri yfirsýn höfð yfir þjónustuna og þörfina á þjónustu.

Við erum með mjög öflugt og hæft ráðgjafateymi og höfum lagt áherslu á að ráða fólk með sem víðtækasta reynslu bæði er kemur að hinsegin málum og þekkingu af sálrænum stuðningi og vinnu með fólki í margs konar vanda. Eins reynum við alltaf að vera með ráðgjafa í okkar röðum sem hafa góða þekkingu á málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Við leggjum áherslu á að öll geti sótt í ráðgjöf og að tungumál sé ekki hindrun. Við bjóðum upp á ráðgjöf á íslensku, ensku, spænsku, tékknesku og getum boðið upp á ráðgjöf á pólsku sé þess óskað. Þegar þess þarf leggjum við áherslu á að finna öfluga túlka sem helst hafa einhverja þekkingu/áhuga á hinsegin málefnum og hafa Samtökin '78 verið afar heppin með túlka fram að þessu.

Við leggjum áherslu á endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa og höfum reynt að bjóða upp á reglulega fræðslufundi þar sem bæði er markmiðið að deila þeirri þekkingu sem er til staðar í hópnum og fá viðeigandi utanaðkomandi fræðslu. Við stefnum á að halda því áfram og halda áfram að efla endurmenntun og fræðslu til ráðgjafa. Eins hefur verið lögð áhersla á að ráðgjafar fái handleiðslu og teymisstýra býður uppá reglulega handleiðslu til ráðgjafa sem þeir hafa verið duglegir að nýta sér undanfarið ár.

Stuðningshópum og fundum fjölgar og þörfin á slíkum stuðningi hefur virkilega sýnt sig en við höfum líka fundið fyrir þörf á meiri fræðslu og upplýsingum til félagsfólks og aðstandenda þeirra um afmörkuð mál. Við stefnum á að halda fleiri fræðslufundi og styttri námskeið um afmörkuð mál á árinu. Eins hefur þörfin fyrir lokuð virkninámskeið

virðilega sýnt sig og við erum stolt af þeim námskeiðum sem eru að fara í gang í upphafi þessa árs og stefnum á að þróa þau og finna leiðir til að ná til stærri hóps innan hinsegin samfélagsins.

Lögð hefur verið áhersla á gott starfsumhverfi ráðgjafa síðasta árið og herbergi í rými á Suðurgötu 8 hefur reynst mjög vel og gert það m.a. verkum að fleiri en einn ráðgjafi geta starfað á sama tíma og tveir stuðningshópar geta verið í gangi í einu. Rýmið á Suðurgötu 8 er því miður ekki með hjólastólaaðgengi þannig að þegar aðgengi er nauðsynlegt er þjónustan á Suðurgötu 3.

FRAMTÍÐ RÁÐGJAFAPJÓNUSTUNNAR

Framtíðarsýn ráðgjafarþjónustunnar er að á árinu 2024 verði haldið áfram að styrkja ráðgjafarþjónustuna og haldið verði áfram að fara yfir ferla og verklag og yfirfara komu- skýrslur og gera notkun þeirra markvissari. Við erum með ótrúlega öflugan og færán hóp ráðgjafa sem mörg búa yfir þekkingu á hinsegin málum sem er vandfundin annars staðar og mjög mikilvægt að halda vel utan um teymið og gera allt til þess að starfsumhverfi þeirra sé þannig að þau vilji vera áfram og að þau geti þróast enn frekar í starfi. Við höldum áfram að efla endurmenntun og gefa ráðgjöfum færi á að sækja námskeið og/ eða ráðstefnur erlendis, bæði til að sækja þekkingu sem er vandfundin annars staðar og til að efla tengsl við aðra sem vinna við hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu. Eins er mikilvægt að handleiðsla sé alltaf aðgengileg þar sem mál halda áfram að þyngjast og álagið hefur aukist verulega.

Mikilvægt er að halda áfram að greina þörfina og halda áfram að gera ráðgjafarþjónustuna sýnilegri og reyna að ná til víðari hóps. Eins höldum við áfram að leggja áherslu á mikilvægi hinsegin- og kynstaðfestandi þjónustu (e. *queer and gender affirming care*) sérstaklega meðal annarra fagaðila innan velferðar og heilbrigðisþjónustu, með samtölum, samvinnu og fræðslu.

Við munum halda áfram að efla stuðningshópana okkar, bæta við hópum og eins halda áfram að bæta við virknihópum/námskeiðum í styttri eða lengri tíma. Við erum spennt að sjá hvernig heilsuhvetjandi námskeið fer af stað og berum mikla von til þess að það eigi eftir að verða mjög góð viðbót í þjónustu við trans fólk.

Að lokum er það draumur teymisstýru ráðgjafa að á árinu 2024 verði ráðinn ráðgjafi í hlutastarf sem muni aðstoða hana við yfirsýn og greiningu á þörf og að koma í gang öllum þeim verkefnum sem okkur langar að koma í gang.

SKJÓLSTÆÐINGAR SAMTAKANNA '78 SEM LEITA AÐ ALÞJÓÐLEGRI VERND

Eins og staðan er í dag þá þjónusta Samtökin '78 milli 60-70 einstaklinga sem leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi, eða hafa fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Okkar fólk er mislangt komið í ferlinu, sum þeirra eru nýkomin til landsins, önnur hafa verið lengi, sum hafa fengið sjálfkrafa viðbótarvernd og önnur dvalarleyfi af mannúðarástæðum.

Sú breyting varð á starfsárinu að mun fleiri manneskjur frá Venesúela reiddu sig á þjónustu Samtakanna '78. Eftir að lögmannarþjónustukerfinu var breytt, þ.e. að nú er ekki lengur teymi hjá Rauða krossinum til staðar, hefur það torvelt vinnu Samtakanna því nú getur hvaða lögmaður sem er sótt um að vera talsmanneskja fyrir einstakling sem leitar að alþjóðlegri vernd. Langflestir lögmennt sem Samtökin '78 hafa unnið með eru virkilega fagleg í sinni nálgun og hafa mannúð að leiðarljósi.

Eftir að ríkisstjórnin tilkynnti þeim einstaklingum sem komu hingað frá Venesúela að sú sjálfkrafa viðbótarvernd sem þau fengu væri ekki lengur til staðar hefur starfsfólk Samtakanna '78 þurft að hafa hraðar hendur við að kortleggja hvert öll eru komin í ferlinu og bregðast við öllum málum á einstaklingsgrunni.

Svo ber undir að þegar þessi texti er skrifaður þá eru að minnsta kosti átta manneskjur sem hafa fengið neitun um vernd, en öll eiga þau sameiginlegt að vera búin að festa hér rætur, jafnvel eiga vini, fjölskyldu og fleira. Á sama tíma og þessum einstaklingum er vísað frá landi hefur ríkisstjórnin kynnt vísi að heildarstefnumótun í málaflokknum, og það kann að hljóma kaldhæðnislega en þar er sérstaklega talað um að taka á móti hinsegin fólki sem leitar að vernd.

Aukinheldur hafa Samtökin þjónustað fólk frá Afríku, Mið-Austurlöndum, Úkraínu og fleiri stöðum á starfsárinu. Efla þarf þennan hluta starfseminnar mikið á komandi árum.

SAMSKIPTI VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Fyrir nokkrum misserum var lögum og reglum breytt þannig að Vinnumálastofnun tekur að sér alla þjónustu sem kemur að fólki sem leitar að alþjóðlegri vernd og er því Útlendingastofnun nú einungis úrskurðunar- og rannsóknaraðili og ekki þjónustuaðili á sama tíma. Þetta hefur auðveldað samskipti og eins auðveldað okkar fólki að tjá sig og segja frá þegar þau skortir þjónustu, en áður var töluverð hræðsla við það að tjá sig um þjónustuna af ótta við það að eyðileggja fyrir framgöngu málsins.

Eins og fyrri ár er svo annað stjórnsýslustigið Kæruneftnd Útlendingamála.

NEYÐARAÐSTOÐ

Samtökin '78 hafa áfram veitt nokkrum einstaklingum fjárhagslega aðstoð til lyfjakaupa og til að komast leiðar sinnar. Í örfáum tilfellum hafa Samtökin '78 þurft að styrkja einstakling til matarakaupa. Þetta er vitaskuld til marks um að fólk sem leitar að alþjóðlegri vernd fær ekki nándar nægilega mikið af fjármunum til að geta lifað sínu daglega lífi.

Einstaklingar sem leita að alþjóðlegri vernd geta ekki lengur sótt þjónustu Samtakanna '78 og fengið strætófangjöld greidd, nema að samtökin láti Vinnumálastofnun hafa upplýsingar um hver eru í þjónustu. Það munu samtökin aldrei gera, enda um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Því hafa samtökin sjálf styrkt fólk til miðakaupa í strætó.

Eins hafa Samtökin '78 skotið skjólhúsi yfir einstaklinga sem telja sig óörugga í núverandi aðstæðum og þurfa tíma og frið. Þetta er að sjálfsögðu ekki til langs tíma en getur reynst fólki vel að komast frá. Samtökin '78 hafa lent í því á starfsárinu að vera síðasta úrræði fólks, hvort sem önnur félagasamtök hafa ekki getað veitt aðstoð eða hið opinbera. Samtökin þurfa að móta sér stefnu til framtíðar varðandi þessi mál.

SAMNINGUR VIÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Samtökin '78 hafa samið við forsætisráðuneytið síðustu árin. Nýr samningur fyrir árið 2024-2027 var undirritaður 14. febrúar 2024 af Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, og Álfi Birki Bjarnasyni, formanni. Eftir mikla vinnu síðustu ár við að hækka framlag til Samtakanna '78 vegna fjölbreyttari, stærri og umfangsmeiri verkefna þá skilaði sú vinna sér sannarlega með þessum samningi. Nýr samningur er til fjögurra ára og hljóðar upp á 40 milljónir króna á ári. Þessi samningur er ein af grunnstoðunum í rekstri Samtakanna og er um 22,6% af áætluðum heildartekjum til félagsins á árinu 2024. Skv. samningum skulu Samtökin '78 sinna eftirfarandi verkefnum:

Fræðsla um málefni hinsegin fólks sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem sinna þjónustu við almenning. Skal fræðslan veitt án endurgjalds og vara a.m.k. í klukkustund í hvert sinn. Viðmið um fjölda fræðsluerinda á ári: 30 fundir

Eiga fulltrúa í nefndum, ráðum og starfshópum um jafnréttis- og mannréttindamál á vegum stjórnvalda sé þess óskað.

Virk þátttaka í árlegu kynjapingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála og tryggja að raddir hinsegin fólks heyrist á þinginu.

Þátttaka í alþjóðasamstarfi, þ.m.t. vestnorrænu og norrænu samstarfi, með það að markmiði að byggja upp tengsl við systursamtök og miðla af reynslu hér á landi.

Samtökin '78 hlakka til samstarfs við forsætisráðuneytið og er Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Guðjóni Birni Guðbjartssyni sérstaklega þakkað fyrir gott samstarf við samningagerðina.

SAMNINGUR VIÐ MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Síðustu misseri hefur mikil vinna verið lögð í það að Samtökin '78 semji um verkefni við fleiri ráðuneyti en forsætisráðuneytið, enda samtökin ekki einungis jafnréttis- og mannréttindasamtök, hagsmunasamtök og frjáls félagasamtök heldur einnig fræðslusamtök og ráðgjafamiðstöð. Mennta- og barnamálaráðherra svaraði kallinu og taldi mikilvægt að efla fræðslustarf Samtakanna '78 og 5. febrúar undirritaði hann nýjan samning með Álfi Birki Bjarnasyni, formanni, við Samtökin '78. Samningurinn hljóðar upp á 25 milljónir á ári og skv. honum skulu samtökin sinna eftirfarandi verkefnum:

- Þróa og framleiða vandað námsefni um hinseginleikann fyrir alla aldurshópa.
- Gefa út fræðsluefni um hinsegin málefni sem beinist sérstaklega að fagaðilum í skólastarfi.
- Þróa aðgengilegt fræðsluefni á netinu, sem er m.a. sett fram á barnvænan máta.
- Koma upp tengiliðaneti í grunn- og framhaldsskólum landsins um hinseginleikann.
- Veita fræðslu og ráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum um hinsegin málefni.
- Sinna þróunarstarfi á landsbyggðinni.

Samtökin eru afar þakklát ráðuneytinu fyrir að taka svo vel í samstarfið og sérstaklega er Lilju Katrínu Ólafsdóttur og Teiti Erlingssyni þakkað fyrir gott samstarf.

SAMNINGUR VIÐ FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSRÁÐUNEYTIÐ

Líkt og sagt er í kaflanum hér að ofan þá hefur töluverð vinna farið í að breikka samningsgrundvöll Samtakanna og fá fleiri ráðuneyti í samningagerð. Félags- og vinnumarkaðsráðherra tók mjög vel í þær hugmyndir að koma inn með fjármagn, og þá sérstaklega er varðar ráðgjöf og stuðningshópa.

4. janúar undirrituðu Bjarndís Helga Tómasdóttir, varaformaður, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, nýjan samning sem skuldbindur Samtökin '78 til að sinna eftirfarandi verkefnum:

- Einstaklingsráðgjöf
- Stuðningur- og félagshópar
- Sértækur stuðningur við flóttafólk
- Sértækur stuðningur við eldra fólk
- Virkniþópar
- Samþætting þjónustunnar

Samtökin '78 hafa nú þegar hafið vinnu í öllum þessum málaflokkum sem lesa má nánar um í ársskýrslu þessari. Sérstakar þakkir fyrir gott samstarf fær Lovísa Lilliendahl hjá ráðuneytinu.

SAMNINGUR VIÐ ALÞINGI

Síðustu þrjú ár hefur fjárlaganefnd Alþingis komið með sértækan styrk til Samtakanna '78. Á síðasta ári var 15 milljóna króna styrkur veittur vegna bakslags í réttindabaráttu hinsegin fólks. Fyrir árið 2024 ákvað fjárlaganefnd þingsins að veita Samtökunum '78 tímabundinn 12 milljóna styrk en markmið þessa og tilgangur er að styðja almenn við rekstur Samtakanna '78 og skjóta styrkari stoðum undir almenna starfsemi.


Forsætisráðuneytið hefur yfirsýn yfir þennan sértæka styrk.

Samtökin '78 munu verja styrknum, skv. fjárhagsáætlun, til að bregðast við óvæntum verkefnum t.d. vegna bakslags í baráttunni.

MÖGULEGIR SAMNINGAR

Skoðaðir voru möguleikar á fleiri samningum við fleiri ráðuneyti fyrir árið 2024 og voru m.a. skoðaðir samningar við dómsmálaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Samtökin '78 hafa sinnt víðtækri vinnu sem snertir á málaflokkum þessara ráðuneyta. Hjá dómsmálaráðuneytinu hafa Samtökin '78 unnið með sýslumannsembættum, dómstólum og lögreglu- og viðbragsaðilum. Samningur við menningar- og viðskiptaráðuneytið myndi að öllum líkindum snúa að hinsegin menningu og sögu, 50 ára afmæli Samtakanna '78 og viðburðum er snúast um sögulega þætti. Verkefni á sviði alþjóðamála féllu undir utanríkisráðuneytið en Samtökin vilja efla alþjóðatengsl við fleiri heimsálfur heldur en einungis Evrópu og hefur t.a.m. verkefni verið skoðað í Úganda og víðar í Afríku. Þessi mál eru öll á skoðunarstigi en vonast er til þess að víkka enn frekar verkefnasvið Samtakanna '78.

ÞRÓUN SAMNINGA FRÁ 2016



SAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG

Samtökin '78 eru ekki einungis með öfluga þjónustusamninga við ríkið heldur einnig sveitarfélög. Unnið hefur verið að því að einfalda alla samninga við sveitarfélög og samræma þá, bæði er varðar fjölda fræðsluerinda sem og til hverra fræðsluerindin fara. Allir samningarnir eiga það sameiginlegt að samið er um eftirtalda þætti:

- Fræðsla til starfsfólks grunnskóla
- Fræðsla til nemenda grunnskóla
- Fræðsla til stjórnenda
- Fræðsla til starfsfólk leikskóla
- Fræðsla til félags- og frístundamiðstöðva
- Fræðsla til þjálfara íþróttafélaga

Sveitarfélögin hafa svo heimild til að auka við suma þætti eða draga úr þeim, allt eftir þeirra hentugleika. Sama verð er fyrir öll fræðsluerindi og er það skv. gjaldskrá Samtakanna '78 nema að samningsbundin sveitarfélög fá um 20% afslátt á sín fræðsluerindi. Þau sveitarfélög sem eru með virkan samning við Samtökin '78 árið 2024 eru: Hafnarfjarðarkaupstaður, Grindavíkurbær, Snæfellsbær, Garðabær, Fjarðabyggð, Húnaþing vestra, Reykjanesbær, Vesturbyggð, Grundarfjarðarbær, Múlaþing, Akureyrarbær, Skagafjörður, Mosfellsbær, Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra og Ásahreppur.

Samningur við þrjú síðustu sveitarfélögin er nýr, en skrifað var undir hann við upphaf ársins 2024. Samningur við Hafnarfjarðarkaupstað er elstur, en Samtökin hafa samið við Hafnarfjörð frá árinu 2015 óslitið. Ekki náðust samningar við Reykjavíkurborg, sem var það sveitarfélag sem samdi fyrst við samtökin, eða árið 2005, og er það því í fyrsta skipti í tæp 20 ár að Reykjavíkurborg og Samtökin '78 eru ekki í formlegu samstarfi.

SAMNINGAR VIÐ AÐRAR STOFNANIR

Samtökin '78 eru einnig með þjónustusamninga við stofnanir ríkisins. Ber þar hæst samningur við Ríkislögreglustjóra en hann kveður á um eftirtalin verkefni:

- Fræðsla til starfsfólks fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra
- Þróun á fræðsluefni fyrir lögregluna á landsvísu
- Rannsókn á afbrotum gegn hinsegin fólki.
- Verklag ríkislögreglustjóra vegna beinnar og óbeinnar mismunar, kynbundins áreitiss, kynferðislegs áreitiss, kynbundins ofbeldis og einelti innan lögreglunnar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, verkefnastýra, hefur unnið með Ríkislögreglustjóra að markmiðum samningsins.

Einnig eru Samtökin með sértækan samning við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sá samningur gerir ráð fyrir að Samtökin '78 skuli:

- Eiga árlegan samráðsfund (2 klst.) með kennurum á Menntavísindasviði um tilhögun og áherslur í kynja- og jafnréttisfræðum í námi þeirra fagstétta sem sviðið menntar.
- Skipuleggja grunnfræðslu (2 kennslustundir) fyrir grunnema á Menntavísindasviði um hinsegin fræði, orðanotkun og hugtök, kyneinkenni og kynþjáningu.
- Vera nemendafélögum á Menntavísindasviði til ráðgjafar þegar kemur að því að skapa félags- og menningarlegan vettvang fyrir hinsegin nemendur og skilning meðal nemenda á jafnréttis- og kynjafræðum. Ráðgjöfin felur að jafnaði í sér tvo samráðsfundi (alls 4 klst.) á hverju skólaári með stjórnnum nemendafélaga og sviðsráði Menntavísindasviðs.

Einnig bjóða Samtökin upp á sértæka fræðslu inn í námskeið, eftir því sem við á. Kennarar geta óskað eftir slíkri fræðslu sérstaklega.


Fræðslustýra hefur sinnt erindum til Menntavísindasviðs. Samningurinn er á lokaári og mun vera endurskoðaður á starfsárinu sem nú tekur við.

REGNBOGAVINIR SAMTAKANNA '78

Á síðustu fjórum árum hafa Samtökin '78 fjárfest töluverðu fé í að stækka og sinna mánaðarlegum styrkjendum sem kallast Regnbogavinir. Verkefnið hefur gengið afar vel á síðustu misserum og gera Samtökin ráð fyrir að annað árið í röð greiði verkefnið umtalsverðan hluta þegar kemur að félagsstörfum, hagsmunabaráttu, almennum rekstri og öðrum afleiddum starfsmannakostnaði. Þróunin hefur sannarlega verið í rétta átt en Regnbogavinir hafa komið inn með tekjur til Samtakanna '78 sem svo segir:

| | |
|------|------------|
| 2023 | 42.630.444 |
| 2022 | 19.001.032 |
| 2021 | 10.697.200 |
| 2020 | 146.850 |

Fjöldi Regnbogavina er sem hér segir:



AÐRIR STYRKIR

Líkt og síðustu ár þá eru Samtökin '78 rík af velunnurum og vinum sem reglulega styrkja samtökin með einum eða öðrum hætti. Hvort sem um er að ræða styrkir með peningagjöfum, afsláttum eða vörum þá er fjöldi fyrirtækja sem gerir rekstur Samtakanna '78 auðveldari. Má þar helst nefna Bílaleigu Akureyrar sem leigir samtökunum bíla á miklum afslætti, Te & Kaffi sem sjá skrifstofunni fyrir tei og kaffi, Ölgerðin sem fyllir á ísskáp skrifstofunnar, InfoCapital sem hefur komið inn með lausafé á ögurstundu og Pink Iceland sem hefur verið duglegt við að vekja athygli á samtökunum og styrkt þau reglulega.

Er öllum þessum fyrirtækjum, ásamt fleirum, þakkað innilega fyrir stuðninginn.


KOMANDI REKSTRARÁR

Rekstrarárið 2024 hefur aldrei verið stærra. Með ört fjölgandi verkefnum, faglegri þjónustu og fjölgun stuðnings-, félags- og virkniþópa þarf að gera ráð fyrir töluvert meira fjármagni í ráðgjafa- og fræðslustarfið, sem og starfsmannakostnað sem því fylgir.

Skv. fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 176 milljónum í tekjur og á árinu 2024 og um 160 milljónir í gjöld. 85,8% af rekstrarfé Samtakanna '78 fer í fræðslu, ráðgjöf, hagsmunabaráttu, ungmennastarf og félagsstarf. 4% fer í húsnæðiskostnað og um 3,5% í alþjóðamál, stjórn, ráð og nefndir. 6,8% fara í skrifstofu- og stjórnunarkostnað og auglýsinga- og kynningarkostnað.

Allt fé frá hinu opinbera er bundið í samningum sem lesa má nánar um hér að ofan og því hefur verið lögð rík áhersla á að stækka hlut sjálfsaflafés til að sinna fjölbreyttari verkefnum en einungis þau sem falla undir samninga. Það hefur tekist með miklum ágætum og hefur haldið í við aukningu opinbers fés. Sjálfsaflafé hefur verið á bilinu 35-45% á tímabilinu 2018–2024. Fjárhagsáætlun Samtakanna '78 er opinber á aðalfundarvefnum.

REKSTRARTEKJUR SAMTAKANNA '78 FRÁ 2017



BÓKHALDSLYKLAR OG KOSTNAÐARSTAÐIR

Áætlað er að skipta ársreikningum, bókhaldslyklum og kostnaðarstöðum upp til að gefa enn skýrari mynd af fjárhagsáætlunum og ársreikningum samtakanna. Síðasta breytingin átti sér stað árið 2020, en þá voru allir bókhaldslyklar endurskoðaðir. Þá var velta Samtakanna '78 rúmar 60 milljónir en gert er ráð fyrir að velta fjórum árum seinna verða rúmar 160 milljónir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skipta fjármálum Samtakanna '78 niður á kostnaðarstaði, frekar en einungis að reiða sig á bókhaldslykla. Markmið þessara breytinga er að gera alla ársreikninga, fjárhagsáætlanir, sjóðstremisáætlanir og fleira gagnsærri til framtíðar.

BÓKHALDSREGLUR- OG FERLAR

Með stækkandi félagi þurfa að vera skýrar reglur og ferlar um meðferð fjár. Framkvæmdastjóri hefur lagt reglur og ferla fyrir stjórn er lúta að endurgreiddum ferðakostnaði, gistikostnaði, aksturskostnaði, risnukostnaði, gjöfum, mannfögnum og fleiri atriðum. Það er Samtökunum '78 mikilvægt að vera með bókhald sitt sem skýrast og opnast og eru með alla ársreikninga og stefnur opinberar á vef sínum.

STARFSFÓLK

Starfsmannahald Samtakanna '78 hefur tekið nokkrum breytingum á starfsárinu. Daníel E. Arnarsson er enn framkvæmdastjóri og hefur sinnt þeirri stöðu síðan í júlí 2017. Bergrún Andradóttir hefur gegnt stöðu skrifstofustýru frá 2022, var hún upphaflega ráðin í apríl 2021. Sigríður Birna Valsdóttir hefur verið teymisstýra ráðgjafa frá september 2022 og Þorbjörg Þorvaldsdóttir hefur verið verkefnastjóri frá apríl 2023. Hefur Þorbjörg sinnt verkefnum tengdum hatursorðræðu, fræðslu til lögreglunnar og eldra hinsegin fólki. Íris Tanja Flygenring er fræðari í fullri stöðu frá febrúar 2023 en var í tímabundnu leyfi yfir vetrarmánuði ársins 2023 til að sinna öðrum verkefnum.

Tóttla I. Sæmundsdóttir sem hefur verið fræðslustýra síðan í desember 2020 sagði starfi sínu lausu undir lok septembermánaðar 2023 og hætti hún hjá samtökunum í desember sama ár. Tóttla kom inn á krefjandi tímum og stækkaði fræðslustarfið svo um munaði, eflði trúverðugleika og fagmennsku félagsins á sama tíma og að bregðast við bakslaginu sem sérstaklega miðaðist að fræðslustarfinu um tíma. Er Tóttla þakkað hjartanlega fyrir sín störf.

Villi Ósk Vilhjálms sem ráðið var í stöðu fulltrúa á skrifstofu í október 2022 sagði einnig starfi sínu lausu á haustmánuðum 2023. Vildi hán snúa sér að öðrum verkefnum og er háni óskað velfarnaðar í þeim verkefnum. Villi setti rækilegan svip sinn á starf og skrifstofu Samtakanna með dugnaði, gleði og hugmyndaauðgi. Er Villa Ósk einnig þakkað hjartanlega fyrir sín störf.

Undir lok októbermánaðar var auglýst eftir rekstrarstýri Samtakanna '78. Eftir umtalsverðar skipulagsbreytingar var ákveðið að færa nokkur verkefni á milli stöðugilda og úr varð staða rekstrarstýris. Í byrjun nóvember 2023 var svo Magnús Bjarni Gröndal ráðinn í starf rekstrarstjóra.

Í desember var svo auglýst eftir tveimur stöðum á skrifstofu Samtakanna '78, fræðslustýri og verkefnastýri hinsegin vottunar. Snemma ársins 2024 var ráðið í báðar stöðurnar. Edda Sigurðardóttir var ráðin ný fræðslustýra og mun hún hefja störf í mars 2024. Hjalti Vigfússon var svo ráðinn í starf verkefnastjóra hinsegin vottunar og hóf hann störf nú í febrúar.

Eru þau öll innilega boðin velkomin til starfa fyrir Samtökin '78.

Ásamt því að ráða inn nýtt fólk þá varð sú skipulagsbreyting á að eftir uppsögn Tóttlu I. Sæmundsdóttur var Bergrúnu Andradóttur boðin staða aðstoðarframkvæmdastýru. Hefur hún sinnt því frá nóvember 2023.

Þetta þýðir að átta stöðugildi fylla skrifstofu Samtakanna '78 og hafa aldrei verið fleiri.

ÁLAG Á STARFSFÓLK

Mikið álag var á starfsfólk Samtakanna '78 vegna samfélagslegrar umræðu á árinu. Hótanir bærust skrifstofu og grípa þurfti til aukinna öryggisráðstafana vegna þeirra. Starfsfólk skrifstofu hefur fengið reglulega handleiðslu sálfræðings, bæði hóphandleiðslu og einstaklingstíma.

VERKTAKAR

Líkt og með starfsfólk þá hefur verktökum einnig fjölgað á starfsárinu. Verktökum má skipta í tvennt, þau sem vinna í fræðslustarfi Samtakanna '78 og svo þau sem vinna í ráðgjafateymi.

Á síðasta starfsári fór töluverð vinna í breytt fyrirkomulag fræðslustarfsins til að byggja upp sterkt fræðsluteymi. Litlar breytingar hafa orðið á fræðsluteyminu á starfsárinu nema það að Kristmundur Pétursson og Bjarndís Helga Tómasdóttir hafa komið öflug inn í fræðsluteymið. Ástrós Erla Benediktsdóttir sem sinnt hefur bæði fræðsluerindum og ráðgjöf hætti hjá Samtökunum '78 í febrúar 2024. Er henni þakkað innilega fyrir sín störf fyrir félagið. Nýráðin fræðslustýra, Edda Sigurðardóttir, er yfir fræðsluteyminu sem kemur til með að stækka frekar á árinu.

Ráðgjafateymi Samtakanna '78 hefur eftst til muna á árinu. Engar breytingar eru á því flotta teymi en í því eru Ivana Goláňová, sálfræðingur, Elín Margrét Ólafsdóttir, sálfræðingur, Margrét Nilsdóttir, sálfræðingur, og Alexander Björn Gunnarsson, félagsráðgjafi, Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi, Guðrún Häsler, sálfræðingur, Ragnar Skúlason, félagsráðgjafi, Sigurður Ýmir, hjúkrunarfræðingur og Wiesiek Kaminski, meðferðarfræðingur. Sigríður Birna Valsdóttir er teymisstýra ráðgjafanna.

Samtökin '78 eru afskaplega rík af mannauði og vilja þakka öllu sínu fólk fyrir óeigingjarna og mikilvæga vinnu á degi hverjum.

STARFSNEMAR Á SKRIFSTOFU – EUROPEAN SOLIDARITY CORPS

Samtökin '78 hafa síðasta árið verið þátttakandi í evrópskum samráðsvettvangi, European Solidarity Corps (ESC) sem snýr að samstöðu, inngildingunni og þjálfun ungs fólks og stuðlar að aukinni þátttöku í lýðræðislegu samfélagi í Evrópu. Undanfarið ár hafa samtökin fengið til sín tvo sjálfboðaliða og einn starfsnema á vegum verkefnisins, þau Anna Buttice, Marvin Leisner og Robin Lubbers. Anna var sjálfboðaliði í þrjú mánuði yfir sumartímann og reyndist góð viðbót við teymið auk þess að geta sinnt mikilvægu hlutverki í samstarfi samtakanna og Hinsegin daga í ágúst. Marvin var hér í starfsnámi sem hluti af meistaranámi hans í kynjafræði í tvo mánuði og sinnti mikilvægu hlutverki í samskiptum við önnur félög og í málefnum flóttafólks. Er þeim þakkað innilega fyrir sín störf. Tamara Kocan frá AUS viljum við líka senda kveðju fyrir frábært samstarf á síðustu árum.

Robin Lubbers verður áfram ESC sjálfboðaliði til loka ágúst og er dásamleg viðbót við skrifstofuna, en verkefni hans eru, ásamt því að sinna almennri móttöku, umsjón með gagnagreiningu úr fræðsluerindum, hinsegin kaupfélaginu, bókun ráðgjafatíma, útbúa efni fyrir samfélagsmiðla, taka virkan þátt í starfi aðildarfélaga og svo mætti lengi telja. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs með Robin.

HÚSNÆÐISMÁL

Líkt og síðustu fjögur starfsár þá er það staðreynd að húsnæðiskostur Samtakanna '78 sem vinnustaður er ekki eins og best verður á kosið. Suðurgata 3 er komin að þolmörkum sem skrifstofa en nú eru átta manns sem starfa í gluggalausum og litlu kjallararými undir Regnbogasalnum.

Hluti Suðurgötu 8 hefur verið á leigu síðan síðla árs 2022 og í notkun síðan 1. mars 2023, í tilraun til þess að geta annað eftirspurn ráðgjafarþjónustunnar. Stór hluti ráðgjafarinnar hefur farið fram í rýminu síðasta árið, auk þess að nýtast vel í minni fundi þeirra fjölmörgu hópa sem sækja í Samtökin '78. Húsnæðið hefur því nýst gríðarlega vel og mun gera það áfram í einhvern tíma. Um það bil 490 ráðgjafatímar fóru fram í rýminu árið 2023. Suðurgata 8 er mikill fengur fyrir Samtökin en það dugar skammt til því nú þarf ekki einungis að fjölga ráðgjafarýmum heldur vönduðu skrifstofuhúsnæði. Eins og staðan er í dag þá eru nokkrir valkostir í boði, en svo skammt eru þær skoðanir komnar að ekki er hægt að greina frá þeim í ársskýrslu þessari. Þó er að vænta fréttu á vormánuðum.

Samtökin '78 búa þó svo vel að eiga góða granna sem lána gjarnan rými og herbergi til að hlaupa undir bagga og er starfsfólki skrifstofu Vinstri grænna þakkað sérstaklega fyrir að koma til móts við samtökin.

HEIMASÍÐA

Á heimasíðunni birta Samtökin '78 helstu fréttir og hægt er að beina öllum erindum í gegnum vefsíðuna, hvort sem það er almenn fyrirspurn, skráning í félagið, beiðni um ráðgjafatíma, bókun á fræðsluerindi, upplýsingar um stuðningshópa og ungmennastarfið ásamt því að vera fyrsti viðkomustaður þeirra sem leita sér upplýsinga um Samtökin '78 erlendis frá. Allar fyrirspurnir fá greiðan farveg í gegnum síðuna.

Heimasíðan er líka hlaðin efni um samtökin og því sem viðkemur samtökunum. Þar er yfirgripsmikið Spurt & svarað sem svarar öllu mögulegu sem viðkemur hinseginleika og starfi samtakanna. Stöðugt er unnið að viðbótum en á árinu var birt kennsluáætlun hinsegin fræðslunnar í skólum. Enn er stefnt að því að setja ennþá meira efni til upplýsinga fyrir hinsegin samfélagið og aðra, ásamt því að unnið er að þýðingu mikilvægra upplýsinga á þýsku og spænsku. Vefsíðan er til upplýsinga fyrir almennar fyrirspurnir en nýtist einnig til þess að koma beiðnum í réttan farveg og sem tæki fyrir starfsfólk til að halda utan um beiðnir og skráningar og nýtist þannig starfi samtakanna vel.

Í apríl var tekin í gagnið ný og endurbætt samfélagsmiðlastefna Samtakanna sem leggur áherslu á samfélagsmiðla sem mikilvægt tæki út á við. Stefnan greinir á milli ólíkra samfélagsmiðla og markar stefnu Samtakanna á skýran hátt.

FACEBOOK

Samtökin '78 nýta sér Facebook til að deila viðburðum, fréttum, skoðanapistlum stjórnar og starfsfólks, auglýsingar og efni í tilefni hinna fjölmörgu daga hinsegin fólks. Facebook er einn helsti vettvangur til þess minna á baráttumál okkar og hvað er framundan í félagsstarfi. Í dag eru fylgjendur samtakanna 10.446, en voru 9626 í fyrra. Það er því 8,5% aukning í fylgjendum. Flestir fylgjendur okkar eru staðsett á Ísland, en einnig fylgist fólk með frá Bandaríkjunum, Danmörku, Bretlandi og Noregi, svo eitthvað sé nefnt.

INSTAGRAM

Á árinu urðu urðu nokkrar áherslubreytingar á Instagram, en miðillinn fékk samræmt útlit og Miðvikudagsmolinn var kynntur til leiks. Einhver breyting verður á molanum á komandi starfsári, en unnið er markvisst að stefnu samtakanna að auka fræðsluefni sem sé tiltækt á netinu. Sýnileiki á samfélagsmiðlum er virkilega mikilvægur og Instagram er stór liður í því, en dreifing á efni samtakanna er töluverð á miðlinum. Instagram hringrásin (e. *story*) er líka tæki til þess að koma á framfæri félagsstarfi samtakanna og aðildarféлага, til dæmis ungmennastarfinu og viðburðum sem við koma samfélaginu, sem og fréttum erlendis frá. Fylgjendafjöldi á Instagram er 4100 þegar þetta er skrifað.

TWITTER

Samtökin voru nokkuð virk á miðlinum meginpart starfsársins, þar voru birtar fréttir af starfinu, tilkynningar, fræðsluefni, pistla starfsfólks og tengdra féлага. Twitter var ágæt leið til þess að fylgjast með starfi erlendra hinsegin féлага. Á starfsárinu urðu þó breytingar á miðlinum í takt við nýtt eignarhald og samtökin því ekki virk á miðlinum frá hausti. Í sumar urðu einnig breytingar á nafni miðilsins. Fylgjendur Samtakanna á miðlinum eru 2355.

AÐALFUNDUR 2023

Aðalfundur ársins 2023 var haldinn í hátíðarsal Iðnó, föstudaginn 10. mars 2023. Sá háttur var á að fundurinn var síðdegis á föstudegi, en ekki á sunnudagshádegum líkt og árin áður. Voru félagar sammála um að þessi tímasetning væri betri. Nýkjörið stjórnarfolk var einnig ánægt með þennan nýja tíma en það gaf því gott tækifæri til að taka virkan þátt á landsþingi hinsegin fólks sem vanalega er haldið á laugardegi sömu helgi og aðalfundur.

Fundinn sóttu rúmlega 60 félagar, en langflest höfðu greitt atkvæði sín rafrænt fyrir fund. Fundarstjóri var Snærós Sindradóttir, fjölmiðlakona, og fundarritari Gísli Garðarson, dómritari. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf, dagskrá samkvæmt lögum félagsins, kjör stjórnarfólks og fleira. Álfur Birkir Bjarnason var endurkjörinn formaður til eins árs.

Fimm voru í framboði til stjórnar, en kosið var um þrjú laus sæti til tveggja ára. Fór svo að Kristmundur Pétursson, Jóhannes Þór Skúlason og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir voru kjörin í stjórn. Ellefu voru í framboði til félagaráðs og var kosið í sjö sæti. Fór svo að Hrönn Svansdóttir, Móberg Ordal, Alex Diljar Birkisbur Hellsing, Björgvin Ægir Elisson, Guðrún Úlfarsdóttir, Ragnar Pálsson og Erlingur Sigvaldason voru kjörin í félagaráð.

Ásamt kjöri til stjórnar lágu fyrir sjö lagabreytingatillögur frá lagabreytinganefnd stjórnar. Voru þær allar samþykktar með örfáum breytingum.

Ítarleg fundargerð aðalfundar er opinber á vef Samtakanna '78.

FÉLAGSFUNDIR

Samkvæmt lögum Samtakanna '78 er gert ráð fyrir tveimur lögbundnum félagsfundum á ári. Sá fyrri var haldinn að vori, nánar tiltekið þann 20. maí og sá síðari 16. nóvember.

Félagsfundur að vori var tileinkaður hinsegin sjálfsmynd í 45 ár. Þorbjörg Þorvaldsdóttir, verkefnastýra, var með fyrirlestur um bakslagið. Sköpuðust góðar umræður um stöðuna. Vera Illguadóttir ræddi svo við Hörð Torfason en hann fjallaði um stofnun Samtakanna '78 og þróun þeirra fyrstu árin sérstaklega í samhengi við stöðuna í dag. Hinsegin foreldrar spjölluðu svo saman en það voru þau Arna Magnea Danks, Jóhannes Þór Skúlason, Lilja Torfa, Arndís Pétursdóttir og Roald Viðar sem ræddu það hvað það er að vera hinsegin foreldri. Hanna Katrín Friðriksson, Orri Páll Jóhannsson, Einar Thor Jónsson og Bjarni Snæbjörnsson fluttu svo öll örerindi og ræddu sjálfshatur, sjálfsmynd og áhrif gagnkynja heims á hinsegin sjálfsverund. Að lokum komu Tatjana Latinovic, Johanna Haile, Sunna Dögg Ágústsdóttir og Alex Diljár og fluttu erindi og spjölluðu sín á milli undir stjórn Tóttlu I. Sæmundsdóttur. Ræddu þau inngilding og samstöðu þvert á hópa innan hinsegin samfélagsins. Er öllum þeim þakkað innilega fyrir kröftugan og góðan fund.

Félagsfundur að hausti var svo tileinkaður Hýrýrðum 2023. Samkvæmt lögum var kjörnefnd fyrir aðalfund 2024 einnig kjörin. Þrjú voru í framboði og voru þau kjörin með öllum atkvæðum. Kjörnefnd skipa því Alexandra Briem, Hilmar Hildar-Magnússon og Derek T. Allen. Rekstrarstaða Samtakanna '78 var einnig rædd, en blikur voru á lofti í rekstrinum, en Samtökin hafa stækkað ört á síðustu árum en á fundinum voru ræddar leiðir til að stækka þjónustusamninga og semja við nokkur ráðuneyti.

Aðalefni fundarins, Hýrýrði 2023, má lesa sérstaklega um í kafla í þessari ársskýrslu. Eins er bent á að fundargerðir félagsfunda eru opinberar á vef Samtakanna '78.

STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 2023-2024 var skipuð eftirfarandi aðilum:

Álfur Birkir Bjarnason, formaður
 Bjarndís Helga Tómasdóttir, varaformaður
 Vera Illugadóttir, ritari
 Jóhannes Þór Skúlason, gjaldkeri
 Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, meðstjórnandi
 Kristmundur Pétursson, meðstjórnandi
 Mars M. Proppé, meðstjórnandi

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 10. mars 2023. Stjórn fundaði formlega 14 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi. Allar fundargerðir stjórnar má finna á vef Samtakanna '78, samtokin78.is.

FÉLAGARÁÐ

Félagaráð Samtakanna '78 2022-2023 var skipað eftirfarandi aðilum:

Erlingur Sigvaldason, oddviti
 Hrönn Svansdóttir, áheyrnarfulltrúi í stjórn
 Alex Diljar Birkisbur Hellsing, varaáheyrnarfulltrúi í stjórn
 Björgvin Ægir Elisson
 Guðrún Úlfarsdóttir
 Móberg Ordal
 Ragnar Pálsson

Félagaráð hélt aðeins einn fund í upphafi starfsárs þar sem þau skiptu með sér verkum. Stjórn boðaði félagaráð á einn vinnufund en mætti aðeins hluti félagaráðs á þann fund.

HAGSMUNARÁÐ

Hagsmunafélög Samtakanna '78 mega skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í hagsmunaráði og hafa rétt til fundarsetu á öllum fundum félagaráðs.

Hagsmunafélög starfsárið 2023–2024 og fulltrúar þeirra voru:

Þorbjörg Bergmann, Ásar á Íslandi
 Harald Schaller, Bangsafélagið
 Sindri Freyr Bjarnason, BDSM á Íslandi
 Jórunn Þórkötludóttir, FAS – félag aðstandenda og foreldra
 Bríet Finnsdóttir, Intersex Ísland
 Hermann Kristinn, HIN – Hinsegin norðurland
 Natalia Ýr Jóhannsdóttir Wróblewska, Hinsegin Austurland

Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hinsegin dagar
Atli Björn Helgason, Hinsegin kórin
Vallý Hirst Baldurs, Q-félag hinsegin stúdenta
Ólöf Bjarki Antons, Trans Ísland
Birna Björg Guðmundsdóttir, Trans vinir

UNGMENNARÁÐ

Á aðalfundi 2021 var samþykkt að stofna nýtt ungmennaráð. Tilgangur ungmennaráðs er að þau sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í Samtökunum '78.

Ungmennaráðið er starfrækt hvert skólaár undir handleiðslu forstöðustýris og starfsfólks Hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir 13–15 ára hjá Samtökunum '78 og Tjörninni. Fulltrúar eru kosnir á vettvangi félagsmiðstöðvarinnar í upphafi skólaárs. Ungmennaráð skipar áheyrnarfulltrúa í stjórn Samtakanna '78 og varafulltrúa. Nýtt ungmennaráð var fyrst fullskipað í byrjun árs 2022 og þau sem það skipa frá september 2023 eru:

Leo
Neo
Max
Koda

FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Á aðalfundi 2023 voru þau Bjarni Þóroddsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir kjörin kjörin félagslegir skoðunarmenn reikninga fyrir starfsárið 2023–2024. Tóku þau við af Rósönnu Andrésdóttur og Villa Ósk Vilhjálms. Villi Ósk hafði verið skoðunarmaður reikninga í fjölda ára og er háni sérstaklega þakkað fyrir sín störf. Þau Bjarni og Svanhildur hafa undirritað ársreikninga ársins 2023.

STARFSHÓPAR OG NEFNDIR INNAN SAMTAKANNA '78

Á starfsárinu 2022–2023 voru hvorki nefndir né starfshópar, fyrir utan það sem hefur áður komið fram í skýrslu þessari, skipaðar eða starfandi á árinu. Stjórn starfsársins 2022–2023 hefur hafið vinnu við það að endurskipuleggja þessa hópa með það að markmiði að virkja einstaklinga innan hinsegin samfélagsins til að taka þátt og/eða skipa slíka hópa.

FAGRÁÐ SAMTAKANNA '78

Aðalfundur Samtakanna '78 sem haldinn var í mars 2018 samþykkti siðareglur samtakanna. Í siðareglunum er gert ráð fyrir því að fylgja aðgerðaráætlun gegn ofbeldi. Vinna við aðgerðaráætlunina hófst í nóvember 2018 en þá var óskað eftir fulltrúum til að skipa hóp um aðgerðaráætlun gegn ofbeldi (HAGO). Aðgerðaráætlunin var kynnt á félagsfundi 25. maí 2019 og kallað eftir athugasemdum. Hún var síðar samþykkt á félagsfundi 9. nóvember 2019.

Samkvæmt aðgerðaráætluninni ber Samtökunum að starfrækja fagrað, en stjórn skipaði

í fagráðið stuttu eftir félagsfund og hafa þau unnið að verklagsreglum og ferlum.

Hafdís Inga Hinriksdóttir og Karitas Hrund Harðardóttir skipa fagráð Samtakanna '78 frá árinu 2022.

HAGSMUNAFÉLÖG

HINSEGIN DAGAR – REYKJAVÍK PRIDE

Hinsegin dagar halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Þá eru Hinsegin dagar í tengslum við erlendar hreyfingar hinsegin hátíða og eiga í samstarfi við þær. Hinsegin dagar hafa verið ein af borgarhátíðum Reykjavíkur frá árinu 2017 og gildir núverandi útnefning þess efnis til ársloka 2025. Hinsegin dagar 2023 fóru fram í Reykjavík 8–13. ágúst. Yfirskrift hátíðarinnar var *Baráttan er ekki búin*, sem vísar í bakslagið sem hinsegin fólk hefur gengið í gegnum síðustu ár innan samfélagsins. Helsta nýlunda frá því á árunum áður héldu áfram, en það voru regnbogaráðstefna, heildstæð ungmennadagskrá og starfsemi Pride Center í Iðnó. Þá var framkvæmdarstjóri ráðinn í fast starf frá og með febrúarmánuði.

Örugg höfn fyrir hinsegin fólk

Hinsegin dagar voru með húsnaði í Iðnó þar sem starfræktar voru höfuðstöðvar Hinsegin daga í aðdraganda og yfir hátíðina. Í Pride Center gat hinsegin fólk og stuðningsfólk þess sest niður, fengið sér að borða og spjallað saman. Þá var Hinsegin kaupfélagið starfrækt í sama húsnaði og jafnframt boðið upp á fjölbreytta menningartengda viðburði, svo sem fræðsluviðburði, fatamarkað, spilakvöld og fleira. Það er ljóst að þetta mæltist vel fyrir og munu Hinsegin dagar leita allra leiða til að halda svipuðu fyrirkomulagi áfram.

Eignarhald unga fólksins

Það hefur verið skipuleggjendum Hinsegin daga keppikefli seinustu ár að efla dagskrá fyrir hinsegin ungmenni. Með öflugum ungu hinsegin fólki var skipulögð metnaðarfullri ungmennadagskrá heldur en áður hefur verið. Var sú dagskrá í heild sinni betur sótt en við höfðum þorað að vona.

Uppbygging innra starfs

Þó að á hátíðinni hafi starfað starfsfólk í tímabundnum verkefnum og verktakavinnu, hefur hátíðin ekki ráðið starfsfólk í fast starf fyrr en á vordögum árið 2022. Markmiðið með ráðningunni er að auka fagleika í starfsemi og létta á herðum sjálfbóðaliða, en hátíðin er eftir sem áður nánast eingöngu rekin á óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða. Með slíkri ráðningu skapast einnig meiri samfella á milli ára. Við tókum upp aftur samstarfsnefndir og gerðum tilraun til þess að gera skipulag Hinsegin daga skýrara og að fá einnig fleiri aðila að borðinu til þess að taka þátt í skipulagningu hátíðar.

Fjölbreytt hátíð

Hátíð ársins var víðfeðm og fjölbreytt og ómögulegt að telja upp alla viðburði og verkefni, auk þeirra sem hér er getið að ofan. Almenn tókust hátíðarhöld vel; Hið árlega tímarit í ritstjórn Bjarndísar Helgu Tómasdóttur var stærra en nokkru sinni fyrr, Gleðigangan var fjölmenn og fjölbreytt, Opnunarhátíðin í Gamla bíói vel sótt, tvær erlendar drag-

drottningar komu til landsins á stærsta dragviðburði ársins DragDjók. Lag Hinsegin daga, Stormur, sungið af Unu Torfadóttur fékk mikla spilun. Stjórn Hinsegin daga þakkar öllum þeim frábæru sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg við að gera hátíðina jafn fjölbreytta og raun bar vitni. Það er ómetanlegt. Hinsegin dagar verða næst haldnir í Reykjavík dagana 6–11. ágúst 2024 en nánar má lesa um hátíðina á hinsegindagar.is og facebook.com/reykjavikpride.

TRANS VINIR

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Trans Vina var 1. mars 2023. Á fundinum var kosið í stjórnina. María Gunnarsdóttir var kosin formaður, Hrafnhildur Faulk varaformaður, Þórhildur Ósk Halldórsdóttir gjaldkeri og Birna Björg Guðmundsdóttir sem ritari. Heidi Didriksen og Júlía Garðarsdóttir sitja í stjórninni og hafa tekið að sér ýmis verkefni. Hildur Embla Ragnheiðardóttir og María Bjarnadóttir byrjuðu í stjórninni, en létu af störfum vegna tímaleysis.

Trans Vinir tóku þátt í Landsþingi Samtaka 78. Það var heitið á Trans Vini í Reykjavíkur maráponinu og vorum við mjög þakklát fyrir það. Hinsegin dagarnir voru mjög fræðandi og skemmtilegir. Gleðigangan var öflug og það hafa aldrei eins margir gengið undir Trans Vina fánanum og í ár. Bókin *Ég er Jazz* er komin úr prentun og erum við ennþá að kanna hvaða leið hentar best til þess að dreifa henni um landið í leik- og grunnskóla án verulegs kostnaðar.

Við ætluðum í vitundarvakningu og birta ljósmyndir með fallegum slagorðum. Við vorum komin með sönglag fyrir vitundarvakninguna og fengum ljósmyndara og módel til að sitja fyrir. Því miður þá þurftum við að fresta vitundarvakningunni vegna ýmissa hindranna, en mögulega verður hægt að taka upp þráðinn við betra tækifæri.

Við höfum aðeins verið að skoða tryggingarmál trans fólks og eigum eftir að skoða þau mál betur. Einnig höfum við verið að skoða skráningar í Heilsuveru frá transteymunum og aðgang skjólstaðinga trans teymisins að upplýsingum sínum.

BANGSAFÉLAGIÐ

Bangsafélagið er félagslegur vettvangur bangsa, vina og aðdáenda þeirra. Staður þar sem hinsegin menn og kynsegin fólk getur komið saman og notið sín án líkamsfordóma og smánunar.

Þó að meginverkefni félagsins sé að halda utan um og halda Reykjavík Bear hátíðina sem haldin er árlega í kringum mánaðarmót ágúst og september hefur félagið í auknum mæli getað sinnt öðrum verkefnum eins og smærri viðburðum sem miðaðir eru að fólki sem býr á Höfuðborgarsvæðinu og skapa þannig félagslegan vettvang fyrir bangsa-samfélagið til að finna sig og vaxa. Félagið hefur sett á stofn nefnd til að halda utan um og skipuleggja minni viðburði og á árinu hafa verið haldin partý, videoviðburðir og okkar árlega kökuskiptakvöld sem verður vinsælla með hverju ári.

Einnig hefur Bangsafélagið stofnað Facebook hóp sem heitir Bangsasamfélagið sem vettvangur þar sem allt fólk sem hefur áhuga á málefnum bangsa getur takið þátt í samræðum og fengið upplýsingar um viðburði og annað sem er að ske í samfélaginu.

Á liðnu ári stóð Bangsafélagið fyrir fræðsluviðburði á Hinsegin dögum sem bar heitið *Queer in all Shapes and Sizes* þar sem nokkrir meðlimir bangsasamfélagsins deildu sinni reynslu og tóku samtal við gesti. Gríðarlega vel tókst til og mjög áhugaverðar og uppbyggilegar samræður áttu sér stað. Það er von stjórnar að félagið fái fleiri tækifæri til

að taka þátt í slíkum samræðum í framtíðinni. Einnig tók félagið þátt í Gleðigöngunni eins og ávallt og tókst það með eindæmum vel og svo var boðið í partý eftir á eins og venja er.

Reykjavík Bear er alþjóðleg hátíð sem er þungamiðja starfsemi félagsins. Helgina fyrir fyrsta mánudag september ár hvert bjóðum við fjölda bangsa og aðdáendum þeirra að koma til Íslands og njóta náttúrunnar með okkur og skemmta sér. Við höldum þrjú partý á skemmtistöðum bæjarins og förum með þá í ferð um gyllta hringinn. Hingað til höfum við farið með þá í Bláa lónið og boðið upp á valkvæða ferð í Sky Lagoon en í ár neyðumst við til að snúa því við sökum jarðhræringa við Bláa lónið en svo ljúkum við helginni með kveðjubróns. Íslenskum böngsum, vinum og aðdáendum er að sjálfsögðu velkomið að taka þátt og það er engin skylda að upplifa sig sem bangsa til að vera velkominn. Það eina sem við krefjumst er að fólk skilji líkamsskömm eftir fyrir utan.

Árið 2023 mættu um 100 erlendir gestir auk fjölda íslendinga sem tóku þátt, bæði sem sjálfboðaliðar og sem gestir. Í ár höfum við bætt við miðafjölda og miðasala er þegar hafin og nú þegar hefur yfir 30% hátíðarpassa selst og fleiri partýpassar þegar selst en heildarsala þeirra á síðasta ári. Því reiknum við með metmætingu í ár.

Stjórn félagsins tók breytingum með breyttum lögum félagsins sem gefa nú færi á sveigjanleika á fjölda meðstjórnenda svo að stjórn félagsins getur nú verið skipuð á bilinu þremur til sjö stjórnarliðum. Allir meðlimir fyrrverandi stjórnar buðu sig fram til áframhaldandi setu en það voru þeir Sigurður Júlíus Guðmundsson, formaður, Höskuldur Sylvain Dutilh, gjaldkeri, og Adam Zimmer, ritari. Þrír nýir meðstjórnendur voru einnig kjörnir í stjórn á aðalfundi í október, þeir Andrés Pelaez, Gregory K Farrant og Harald Schaller.

Frá aðalfundi hefur félagið haldið nokkra opna stjórnarfundi þar sem félögum er boðið að koma og taka virkan þátt í skipulagningu og starfsemi félagsins og er það von okkar að með aukinni þátttöku aukist félagsauðurinn enn meira og að fleiri bangsar og aðdáendur þeirra sláist í hópinn með okkur.

Bangsafélagið er spennt fyrir framtíðinni og möguleikanum að halda fleiri viðburði fyrir nærsamfélagið og halda áfram að vaxa og dafna í þágu bangsasamfélags og vera hvetjandi afl innan hinsegin samfélagsins sem berst af krafti fyrir því að við fáum öll að vera eins og við erum og skiljum alla okkar fordóma eftir í fortíðinni.

HIN – HINSEGIN NORÐURLAND

Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi.

Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi.

HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi, einstaka hópa og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Almennir fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri fimmtudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Félagið er einnig með facebook-like síðu undir nafninu HIN – Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólki um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman. Nánar á: facebook.com/hinsegin eða í netfanginu hinsegin@hinsegin.net.

HINSEGIN VESTURLAND

Hinsegin Vesturland tók þátt í jafnréttisdögum Háskólanna og fór í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri á vordögum. Þar vorum við með fræðslu bæði fyrir jafnréttisnefnd og svo nemendur á jafnréttisdögum. Eins vorum við með léttu leiki og stemningu.

Uppbrotsdagar í Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi voru í sömu viku og mættum við þar og gátu nemendur spurt hinna ýmsu spurninga.

Hinsegin hátíð Vesturlands fór fram með pompi og prakt á Akranesi í júlí. Þar buðum við upp á leiksýninguna Guð leitar að Salóme, myndlistarsýningu hinsegin listamanna sem og annarra með hinsegin ívafi í myndlist sinni. Við fórum í samstarf við Icedocs sem sýndu hinsegin kvikmynd. Ungmennasmiðjurnar voru á sínum stað í dagskránni hjá okkur og lokadagurinn var svo gangan eftir lengstu regnbogagötu landsins og skemmtidagskrá á Akratorgi.

Á haustdögum fórum við svo í Menntaskóla Borgarfjarðar og tókum þátt í lífsnámsviku. Þar vorum við með fræðslu og leiki fyrir bæði nemendur, foreldra, kennara og aðra gesti.

Allan ársins hring vorum við að svara spurningum og leiðbeina fólki sem til okkar leitar sem og að dreifa fánum og öðru sem eykur sýnileika okkar hinsegin fólks.

HINSEGIN KÓRINN

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Hinsegin kórinn mismunar ekki á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna eða annarrar stöðu og er öllum opinn að undangengnum raddprufum sem að jafnaði eru haldnar við upphaf haust- og vorannar. Kórinn er blandaður kór sem leggur ríka áherslu á fjölbreytt lagaval, allt frá íslenskum þjóðlögum til erlendra popplaga. Virkir meðlimir kórsins eru um 70 talsins, ólíkir einstaklingar á ýmsum aldri sem eiga það sameiginlegt að elska að syngja og skemmta sér saman.

Hinsegin kórinn hefur ekki setið auðum höndum síðastliðið ár, en hefðbundnir tónleikar að vori voru haldnir ásamt jólatónleikum með vel völdum gestum: Barbrefellas frá London, Elínu Ey og Tvíhöfða. Nokkur gigg yfir Hinsegin daga og svo stærsta jólatörn sem kórinn hefur séð með Tvíhöfða, Julevenner og sameiginlegum jólatónleikum með Olga Vocal Ensemble, Hljómfélaginu og Spectrum. Það sem stóð uppúr var Various Voices í Bologna, sem er stærsta kóramót Evrópu. Þar kom Hinsegin kórinn fram við húsfalli, en kórnum var úthlutaður stærsti tónleikastaðurinn sem tekur rúm 1200 manns. Hinsegin kórinn hefur skapað sér gott orðspor á þessum mótum og er með vinsælli kórnum til að fara að hlusta á.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Sigrún Baldursdóttir. Nánar á: hinsegin.korinn.is og facebook.com/hinsegin.korinn

ÁSAR Á ÍSLANDI

Ásar á Íslandi er félag eikynhneigðra og eirómantískra (e. *asexual* and *aromantic*) og var stofnað árið 2018. Tilgangur félagsins er að fræða gegn fordómum, vera til staðar fyrir eikynhneigða og eirómantíska og vinna gegn einangrun þeirra. Mikilvægt er að þau sem finna lítið eða ekkert fyrir kynferðislegri og/eða rómantískri aðlöðun séu viðurkennd og að þau njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Félagið hefur tekið þátt í Gleðigöngunni og gefið út fræðslubæklinga. Einnig eru reglulega haldnir hittingar í húsnæði

Samtakanna '78 þar sem öll þau sem láta sig málefnið varða eru velkomin. Heimasíða samtakanna er asaraislandi.is en einnig er félagið með Instagram og Facebook síðu þar sem alltaf er opið fyrir spurningar og athugasemdir.

TRANS ÍSLAND

Trans Ísland eru hagsmuna- og baráttusamtök trans fólks á Íslandi. Félagið var stofnað árið 2007 og hefur frá stofnun beitt sér fyrir bættum réttindum trans fólks, ásamt því að standa vörð um málefni trans fólks í samfélaginu.

Félagið hefur átt þátt í að skapa ýmsar lagabreytingar í íslensku samfélagi, t.a.m. lög um kynrænt sjálfræði, breytingar á hegningarlögum og öðrum lögum er lúta að málefnum trans fólks. Félagið er virkt í lagalegri réttindabaráttu og skilar reglulega inn umsögnum við frumvörp og situr fundi með nefndum Alþingis.

Starfsár Trans Íslands hefur verið annasamt. Félagið hélt þrjá árlega viðburði, minningardag trans fólks, grillveislu Trans Íslands og fyrstu kváradagsgleðina, sem er nýr árlegur viðburður. Einnig hélt félagið staka viðburði bæði eitt og sér og í samvinnu við önnur félög. Félagið tók þátt í Gleðigöngunni eins og vanalega og var með tvö atriði í göngunni. Trans Ísland ásamt góðum hópi fólks hélt utan um vikulega íþróttatíma fyrir trans fólk sem ganga undir nafninu Sterkari saman.

Trans Ísland lagði á starfsárinu mikla áherslu á að tekið yrði á biðlistum vegna hormónameðferðar og skurðaðgerða innan Landspítalans og leitaði eftir úrlausnum á því vandamáli í samstarfi við Samtökin '78 og ýmsar stofnanir innan heilbrigðiskerfisins.

BDSM Á ÍSLANDI

BDSM á Íslandi er stuðnings- og hagsmunafélag BDSM-fólks. Hlutverk þess er að berjast gegn fordómum í samfélaginu með því að auka sýnileika, sinna fræðslu og vera opinber málsvari BDSM- og blætishneigðra.

Að venju var félagið með atriði í Gleðigöngunni. Þetta árið var þema göngunnar BDSM-hneigð og sá rauði þráður sem það er í fjölbreyttu lífi okkar allra þvert á annars konar hinseginleika.

Félagið stóð fyrir nokkrum námskeiðum á starfsárinu þar sem hvert námskeið tók fyrir ólíka þætti BDSM-iðkunar. Félagið festi í sessi reglulega umræðu- og fræðsluviðburði með afslöppuðu yfirbragði undir yfirskriftinni "Kaffi&kink". Umræða hvers viðburðar var miðuð að því að betrubæta og efla öryggi innan BDSM samfélagsins ásamt því að auka skilning á grundvallarstoðum BDSM.

Í haust var tilvist BDSM-fólks innan hinsegin samfélagsins notuð til að ráðast á allt hinsegin fólk. Villandi staðalímynd af BDSM-fólki var nýtt til að skapa hræðslu við allt sem er hinsegin og tilraun gerð til að reka fleyg í samstöðu hinsegin hópa. Heilt yfir stóð hinsegin samfélagið með okkur, þannig að þegar upp er staðið er okkur þakklæti efst í huga.

Verkefni næstu ára er skýrt, við höldum ótrauð áfram að fræða og styrkja tengslin við hinsegin samfélagið.

Q-FÉLAGIÐ

Q – félag hinsegin stúdenta er hagsmunafélag fyrir hinsegin stúdenta og ungt hinsegin fólk á Íslandi. Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og beitir sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks á Íslandi, innan og utan háskólasamfélagsins. Markmið félagsins eru fjölbreytt, en þau má lista sem eftirfarandi: að gefa hinsegin stúdentum og ungmennum tækifæri til að hittast í öruggara rými; vera sýnilegt þrústiafl innan háskólasamfélagsins og stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, með því að auka fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknir um hinsegin málefni innan deilda allra háskóla, bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Auk þess leggur Q-félagið áherslu á að styðja við baráttu annarra jaðarsettra hópa með því að mæta á mótmæli og nota þann vettvang sem félagið hefur til þess að hefja upp raddir annarra hópa.

Á starfsárinu hélt Q-félagið meðal annars árlegan hinsegin listamarkað í sumar og á Þorláksmessu, fjáröflunarbingó og tók þátt í gleðigöngu Hinsegin daga. Q-félagið tók þátt í pallborðsumræðum um hvernig er hægt að tryggja jafnrétti innan íslenskra háskóla ásamt Landssamtökum íslenskra stúdenta og fleiri félögum á Jafnréttisdögum háskólanna. Auk þess var haldinn fjöldi Q-kvölda og fjölmargar vísindaferðir fyrir háskólanema úr ólíkum háskólum, sem haldnar eru í samstarfi við Samtökin '78.

Öll eru velkomin á viðburði Q-félagsins. Félagið er ætlað háskólanemum og ungu fólki á aldrinum 18–30 ára og er ekki skylda að vera í háskólanámi til að taka þátt í starfi félagsins. Allar upplýsingar má finna á Facebook-síðu félagsins, facebook.com/Qfelag eða á Instagram reikningnum [@qfelag](https://instagram.com/qfelag). Félagið heldur einnig úti heimasíðunni queer.is.

INTERSEX ÍSLAND

Intersex Ísland var stofnað árið 2014 með því markmiði að auka meðvitund um málefni fólks sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni og stuðla að því að fræðsla um málefni intersex fólks aukist á Íslandi. Félagið hefur unnið að lagabreytingum sem tryggja intersex fólk, og þá sérstaklega intersex börnum, vernd fyrir óafturkræfum inngrípum inn í líkama þeirra sem byggjast á félagslegum, sálfélagslegum eða útlitslegum gildum og þjóna ekki brýnum heilsufarslegum tilgangi.

Árið 2020 voru samþykkt lög á Alþingi sem veita hluta barna með ódæmigerð kyn-einkenni vernd fyrir inngrípum sem þjóna ekki heilsu barnsins en hluti barna með ódæmigerð kyneinkenni er ekki tryggð sú sama vernd. Á næstu árum er því mikil vinna fyrir höndum til þess að tryggja öllum börnum sömu vernd ásamt því að tryggja rétt intersex barna og foreldra þeirra aðgengi að sálfélagslegum stuðningi byggðum á mannréttindasjónarmiðum.

ÖNNUR FÉLÖG

Auk þeirra félaga sem hér hafa verið talin upp eru Hinsegin austurland, FAS-félag aðstandenda og Styrmir – íþróttafélag hagsmunafélög Samtakanna '78.

10–12 ÁRA STARF

Pökk sé fyrirtækjum þá getum við haldið 10–12 ára starfinu okkar gangandi. Ekkert fjármagn kom frá hinu opinberu í starfið en þrátt fyrir það erum við vongóð um að 10–12 ára starfið muni festa sig í sessi rétt eins og 13–15 ára starfið. Sólrún Klara leiðir starfið ásamt starfsfólki Tjarnarinnar. Aðsókn hefur verið góð og greinilega mikil þörf fyrir þetta starf.

Á vorönn 2024 langar okkur fyrst og fremst að haldið áfram með 10–12 ára starfið og hafa opið alla fimmtudaga í stað annars hvers en til þess þarf meira fjármagn. Einnig langar forstöðumann að leggja áherslu á fræðslu til sjálfboðaliða og að auka færni þeirra í félagsmiðstöðvastarfi, en nú er virkilega þéttur og góður hópur sem starfar sem sjálfboðaliðar í félagsmiðstöðinni.

Einnig langar okkur að ná til þeirra einstaklinga sem eiga kannski erfitt með að mæta á nýjan stað. Við fundum mikið fyrir því, eftir að eldri krakkarnir hættu að mæta, að feimnir einstaklingar sáu sér loks fært að mæta. Það var virkilega gott að sjá þar sem markmiðið okkar var að búa til öruggt rými fyrir alla krakka þar sem þau þorðu ekki að mæta fyrr á haustönninni.

Andrúmsloftið hefur gjörbreyst til hins betra og finnum við mikið fyrir því frá krökkunum að þeim líði vel.

13–15 ÁRA STARF

13–15 ára starfið okkar, sem venjulega er kallað 'Félagsmiðstöðin', hélt áfram starfsemi sinni og nú undir forstöðu Sólrúnar Klöru, en Hrefna Þórarinsdóttir fór í fæðingarorlof á starfsárinu. Starfsólk félagsmiðstöðvarinnar eru þau Sólrún Klara forstöðukona, Vigfús Karl Steinsson frístundaleiðbeinandi, Luca Moi Forte frístundaleiðbeinandi, Iðunn Gígja Kristjánsdóttir frístundaleiðbeinandi og Bára Guðmundsdóttir frístundaráðgjafi.

Án öflugra sjálfboðaliða væri erfitt að halda félagsmiðstöðinni opinni. Hinsegin félagsmiðstöðin er ekki eins og aðrar félagsmiðstöðvar því hún þarf að reiða sig á sjálfboðaliða. Er þeim þakkað innilega fyrir sitt framlag á starfsárinu. Þau eru: Áslaug Lárusdóttir, Glóey Þóra Eyjólfsdóttir, Jóhann Kristian Jóhannsson, Kristmundur Pétursson, Magnús Dagur Gottskálksson, Máni Emeric Primel, Sólveig Johnsen og Yrsa Björt.

Í byrjun vetrar var þátttakan góð. Við lentum sjaldan í vandræðum við að manna opnanir þar sem við fengum fjármagn til að bæta við tveimur starfsmönnum alla þriðjudaga. Við vorum því alltaf fimm á vakt auk sjálfboðaliða. Tjörnin og aðrar frístundamiðstöðvar komu til aðstoðar til að auka fagmennsku á opnunum miðað við fjölda og reyndist það vel. Fólk úr öðrum félagsmiðstöðvum skráðu sig í reynslunám en Tjörnin, Miðberg, Brúin og Kringlumýri voru mjög dugleg að senda einn til fjóra starfsmenn á vakt til okkar á hverri opnun.

Við prófuðum að vera með Nýliðaklúbb fyrstu tvær opnanir frá 17:30–19:00 til að gefa þeim sem voru að mæta í fyrsta skipti tækifæri á að kynnast starfsfólki, húsnæðinu og starfsemiinni á þægilegan máta. Einnig má nefna að töluverður fjöldi einstaklinga sótti starfið á tímabili, mörg undir áhrifum og með það eitt að markmiði að angra þátttakendur í starfinu. Vel var tekið í taumana á því vandamáli og hafði það þau áhrif að mætingartölur lækkuðu örlítið sem er jákvætt, því við náðum að fjarlægja þá einstaklinga sem komu einungis í neikvæðum tilgangi.

Ákveðið var að taka fyrir það að krakkar eldri en 16 ára (í 10. bekk) myndu mæta í 13–15 ára starfið og var þeim bent á Hinsegin opnanir fyrir 16–17 ára á Suðurgötu. Það var erfitt fyrir sum að færa sig um stað en það gekk á endanum þar sem Luca og Vigús fóru með þeim niður á Suðurgötu fyrstu tvö kvöldin til að gera breytinguna þægilegri fyrir eldri krakkana. Mörg börn voru ósátt við styttingu opnunartíma félagsmiðstöðva og vildu þau oft vera lengur en til 21:45. Við náðum aftur á móti að útskýra aðstæður og skildu þau stöðuna.

Nánar má lesa um starfsemi 10–12 ára starfsins og 13–15 ára starfsins í viðauka við ársskýrslu þessa.

16–17 ÁRA STARF

Ungmennahús Samtakanna '78 hélt sínu striki þetta starfsárið. Líkt og áður þá fjármagna Samtökin '78 starfið, ráða inn verkefnastýri og útvega húsakost. Starfið er hugsað sem framhaldsvettvangur fyrir þau sem get ekki nýtt sér Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar vegna aldurs en einnig til að koma til móts við þau sem koma út seinna eða eru í hinsegin þælingum. Starfið á sér stað öll þriðjudagskvöld frá 19:30–22:00 eða á sama tíma og hinsegin félagsmiðstöðin er.

Verkefnastýri ungmennahússins 2023–2024 var Andrea Rói Sigurbjörns en einnig standa reynslumikil hinsegin ungmenni vaktina í sjálfbóðaliðastarfi. Andrea Rói er með BA í tómtunda- og félagsmálafræði og starfar hjá embætti umboðsmanns barna sem sérfræðingur í þátttöku barna og í forstöðuhlutverki í sumarbúðunum Reykjadal.

Markhópur ungmennahússins, 16–17 ára starfs samtakanna, eru ungmenni sem eru byrjuð í framhaldsskóla eða eru á aldrinum 16 til og með 17 ára. Markmið starfsins er það sama og gildir fyrir hinsegin félagsmiðstöðina, að skapa vettvang fyrir hinsegin ungmenni til að vera þau sjálf, vera til staðar fyrir hópinn og bjóða upp á skemmtilega og uppbyggjandi dagskrá. Starfsfólk og sjálfbóðaliðar eru ávallt til taks, eru með varlega yfirsýn og eru með verkferla til að vinna með samhliða öllum atvikum og samtölum.

Dagskrá ungmennahússins er auglýst á Instagram og er gerð í samvinnu við þau ungmenni sem nýta sér opnanirnar. Hugmyndavinna á sér stað í byrjun hvern annar sem er nýtt í dagskrárgerð hverju sinni. Þetta starfsárið einkenndist af skemmtilegum dagskrárlíðum, nýjum vináttuböndum og mikilli fjölgun í aðsókn starfsins. Að jafnaði mæta um 20–30 ungmenni í hús alls staðar af höfuðborgarsvæðinu.

Andrúmsloftið er gott og ný ungmenni boðin innilega velkomin. Dagskráin stýrir stemningunni en fastur liður opnananna er nafna- og fornafnahringurinn sem hefur verið mikilvægur þáttur í ungmennastarfi Samtakanna '78 síðustu ár. Að vera í húsnaði Samtakanna '78 og hitta starfsfólkið sem vinnur þar skiptir ungmennin miklu máli til þess að efla tengingu þeirra við hinsegin samfélagið. Upp á veggjum hangir samskiptasáttmáli þeirra sem mæta og reglulega er minnt á hann.

Samtal við skrifstofu Samtakanna '78 er stór hluti af starfinu, bæði til að fara yfir það sem á gengur sem og til að koma með hugmyndir fyrir framhald starfsins og bætingar. Gott samstarf er á milli ungmennastarfa Samtakanna '78 og hefur það reynst verkefnastýri vel. Sjálfbóðaliðar hinsegin félagsmiðstöðvarinnar voru ungmennahúsinu mikilvægur hlekkur í tengingu við ungmenni sem voru að koma yfir í starfið fyrir elstu krakkana, í sameiginlegri vinnu við atriði á Hinsegin dögum sem og ef upp komu veikindi og starfskraft vantaði.

Fram undan eru frábærir hittingar öll þriðjudagskvöld í Samtökunum '78 og sumarið sem býður upp á svo marga möguleika.

18–30 ÁRA STARF

Hinung er hópur fyrir 18–30 ára hinsegin ungmenni. Hópurinn hefur það markmið að hinsegin fólk á þessum aldri hafi stað til að hitta fólk í sömu stöðu og þau, en ákveðinn skortur er á hópum fyrir þennan aldur. Mæting á viðburðina er rokkandi eftir kvöldum, og mögulega eftir því hvað er að gerast, en frá 10 til 30 manneskjur mæta á hverju kvöldi.

Fjöldi fjölbreyttra viðburða hafa verið í boði á starfsárinu allt frá kvikmyndakvöldum til make-up námskeiða. Markmiðið er að öllum líði vel og finni sig sem hluta af heildarhópnum. Hópurinn hittist annan hvern sunnudag, en von er á því að geta fjölgað hittingum með tíð og tíma.

Fjölmiðlaskýrsla árið 2023


Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi



CREDITINFO HF.
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Tel: +354 550 9600
www.creditinfo.is


| | |
|---------------------|---|
| Nafn | Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi |
| Kennitala | 450179-0439 |
| ISAT-flokkur | Starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka |
| Rekstrarform | Félagasamtök |
| Heimilisfang | Suðurgötu 3 |
| Póstnúmer | 101 |

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2023



Þróun fjölda fréttanna árið 2023 samanborið við 2022

Línuritíð hér fyrir neðan sýnir þróun fjölda birtra fréttanna um fyrirtækið hjá öllum miðlum. Í töflunni má svo sjá niðurbrot á gögnumunum.



| | 2022 | 2023 |
|-----------------|------------|------------|
| Netmiðlar | 225 | 293 |
| Prentmiðlar | 25 | 44 |
| Sérvefir | 46 | 64 |
| Sjónvarp/Útvarp | 35 | 47 |
| Samtals | 331 | 448 |

Þróun fjölda fréttu um fyrirtækið eftir fjölmiðlum árið 2023


| | Jan | Feb | Mar | Apr | Maí | Jún | Júl | Ágú | Sep | Okt | Nóv | Des | Hlutdeild |
|--------------------------------|----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------|-----------|-----------|----------|-----------|
| Visir.is | 0 | 4 | 9 | 7 | 7 | 6 | 6 | 12 | 30 | 14 | 4 | 0 | 34% |
| Mbl.is | 1 | 2 | 0 | 4 | 0 | 4 | 5 | 8 | 20 | 5 | 2 | 1 | 18% |
| Ruv.is | 0 | 2 | 3 | 5 | 3 | 2 | 2 | 4 | 13 | 2 | 1 | 0 | 13% |
| Heimildin.is | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 13 | 0 | 3 | 0 | 8% |
| DV.is | 0 | 1 | 0 | 3 | 1 | 1 | 0 | 1 | 7 | 4 | 1 | 0 | 6% |
| Fréttablaðið.is | 0 | 5 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4% |
| vb.is | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4% |
| ruv.is - Menning | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2 | 2 | 2 | 0 | 0 | 3% |
| Austurfrett.is | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2% |
| Fréttatíminn.is | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 2% |
| Hringbraut.is | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Eyjan.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1% |
| Bbl.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1% |
| Huni.is | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1% |
| Miðjan.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1% |
| vf.is | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1% |
| BB.is | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Dfs.is | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Feykir.is | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Kjarninn.is | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| vikudagur.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Vísir- Innherji | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Netmiðlar samtals | 5 | 25 | 26 | 27 | 14 | 14 | 18 | 30 | 90 | 30 | 11 | 3 | |
| Morgunblaðið | 1 | 1 | 1 | 5 | 3 | 1 | 0 | 2 | 3 | 2 | 2 | 1 | 50% |
| Heimildin | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 9 | 0 | 2 | 1 | 34% |
| Fréttablaðið | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7% |
| Viðskiptablaðið | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7% |
| Bændablaðið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Prentmiðlar samtals | 1 | 3 | 4 | 6 | 3 | 1 | 3 | 3 | 12 | 2 | 4 | 2 | |
| Mannlíf.is | 0 | 3 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 7 | 6 | 2 | 0 | 0 | 31% |
| Akureyri.net | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 1 | 13% |
| Miðlar Sveitafélaga og stofnan | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 13% |
| Samstöðin | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 9% |
| Útvarpsaga.is | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 9% |
| Kaffið.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3% |
| Smartland.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3% |
| Trólli.is | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3% |
| Viljinn.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 3% |
| ASÍ.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2% |
| Daivikurbyggð.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Gardabaer.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Hagstofan.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| kgp.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Reykjanesbaer.is | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Skagafjörður.is | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Sudurnes.net | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2% |
| Sérvefir samtals | 3 | 4 | 4 | 4 | 7 | 1 | 0 | 12 | 17 | 10 | 1 | 1 | |
| Rás 1 og 2 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 | 3 | 6 | 4 | 0 | 0 | 0 | 36% |
| Stöð 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 4 | 4 | 0 | 1 | 0 | 26% |
| Bylgjan | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | 0 | 0 | 21% |
| Sjónvarpið | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 4 | 1 | 0 | 0 | 17% |
| Ljósvalki samtals | 0 | 2 | 2 | 3 | 4 | 2 | 5 | 13 | 13 | 2 | 1 | 0 | |
| Alls | 9 | 34 | 36 | 40 | 28 | 18 | 26 | 58 | 132 | 44 | 17 | 6 | |

Fréttaskor

Fréttaskor gefur raunsæja mynd af því hversu mikið vægi fréttin hefur fyrir ímynd fyrirtækisins. Það segir til um hvort fréttin sé virkilega um fyrirtækið, eða hvort umfjöllunin sé um annað en fyrirtækið, og hversu mikla athygli fréttin fær. Fréttaskorið er á bilinu 1-5 þar sem 1 er mjög lítið vægi og 5 er mjög mikið vægi.


Fréttaskor fyrir Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi

Meðaltal: 3.0




Fréttaskor fyrir viðkomandi atvinnugrein

Meðaltal: 2.9




Þróun fréttaskors



Þróun tenginga við Facebook

Línuritíð hér að neðan sýnir heildarfjölda Facebook-tenginga sem vísuðu í nafnið Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi á árinu 2023.



| | Jan | Feb | Mar | Apr | Maí | Jún | Júl | Ágú | Sep | Okt | Nóv | Des | Alls |
|--------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|--------|-------|-------|--------|--------|-------|-----|---------|
| Heildar-tengingar við Facebook | 1,307 | 6,170 | 5,586 | 6,844 | 2,963 | 10,323 | 7,154 | 7,529 | 33,778 | 17,726 | 3,186 | 866 | 103,432 |

15 vinsælustu fréttirnar um fyrirtækið á Facebook 2023

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Nafn fjölmíðils | Heildartengingar |
|-----|------------|--|-----------------|------------------|
| 1 | 10/8/23 | Þegar menn verða hænsn | Visir.is | 8,914 |
| 2 | 10/4/23 | Leyfum börnum að vera börn | Visir.is | 3,550 |
| 3 | 6/30/23 | Leita að kynhlutlausu „amma og afi“ | Mbl.is | 3,113 |
| 4 | 6/7/23 | Regnboginn verður til frambúðar | Mbl.is | 3,016 |
| 5 | 8/11/23 | Eignaðist ungan kynjakönnuð: „Það ert þú sem ert ekki að skilja að ég er stelpa“ | Visir.is | 2,502 |
| 6 | 9/21/23 | Er samtalið búið? | Visir.is | 2,152 |
| 7 | 4/24/23 | Samtökin 22: Ekki í okkar nafni | Visir.is | 2,007 |
| 8 | 7/13/23 | Mála regnbogagötu í Vestmannaeyjum | Mbl.is | 1,981 |
| 9 | 9/27/23 | Ráðist á ráðstefnugest á vegum Samtakanna '78 | Visir.is | 1,763 |
| 10 | 4/15/23 | Fordæma viðhorf Helgu | Mbl.is | 1,619 |
| 11 | 9/8/23 | Reykjavíkurborg tilkynnir Samtökin 22 til lögreglu | Heimildin.is | 1,529 |
| 12 | 9/12/23 | Kynfræðsla- hvað felst í henni? | Visir.is | 1,501 |
| 13 | 6/7/23 | Mosfellsbær og Samtökin 78 semja | Mbl.is | 1,476 |
| 14 | 9/22/23 | Að hræðast allt nema raunveruleikann | Heimildin.is | 1,357 |
| 15 | 6/20/23 | Hinsegin fræðsla í grunnskólum | Visir.is | 1,289 |

Algengustu fyrirtækin í umfjöllun fjölmiðla árið 2023

| Sæti | Nafn | Fjöldi fréttar |
|------|--|----------------|
| 1 | Sjálfstæðisflokkurinn | 14,982 |
| 2 | Vinstrihreyfingin-Grænt framboð | 11,652 |
| 3 | Alþingi | 9,315 |
| 4 | Reykjavíkurborg | 9,172 |
| 5 | Framsóknarflokkurinn | 8,668 |
| 6 | Árvakur hf. | 8,018 |
| 7 | Ríkisútvarpið ohf. | 7,321 |
| 8 | Forsætisráðuneyti | 6,749 |
| 9 | Háskóli Íslands | 6,657 |
| 10 | Seðlabanki Íslands | 5,992 |
| 11 | Fjármála- og efnahagsráðuneyti | 5,374 |
| 12 | Ungmennafélagið Breiðablik | 4,918 |
| 13 | Veðurstofa Íslands | 4,474 |
| 14 | Ríkislögreglustjóri | 4,472 |
| 15 | Samfylkingin - jafnaðarmannaflokkur Íslands | 4,465 |
| 16 | Matvælaráðuneyti | 4,138 |
| 17 | Dómsmálaráðuneyti | 3,932 |
| 18 | Samtök atvinnulífsins | 3,782 |
| 19 | Íslandsbanki hf. | 3,649 |
| 20 | Efning stéttarfélag | 3,621 |
| 21 | Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu | 3,548 |
| 22 | Landspítali | 3,509 |
| 23 | Isavia ohf. | 3,497 |
| 24 | ÍBV-Íþróttafélag | 3,472 |
| 25 | Knattspyrnudeild F.H. | 3,358 |
| 26 | Akureyrarbær | 3,278 |
| 27 | Fjárýsla ríkisins | 3,240 |
| 28 | Myllusegur ehf. | 3,221 |
| 29 | SagaNet - Útvarp Saga ehf. | 3,078 |
| 30 | Útanríkisráðuneyti | 2,949 |
| ... | ... | |
| 176 | Arctic Fish ehf. | 450 |
| 178 | KPMG ehf. | 447 |
| 175 | Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. | 451 |
| 177 | Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi | 448 |
| 179 | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 446 |

Samanburður við önnur fyrirtæki í sömu atvinnugrein árið 2023


Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi (2%)




Önnur félög (98%)

| Nr. | Nafn | Fjöldi fréttu |
|-----|---|---------------|
| 1 | Rauði krossinn á Íslandi | 1,463 |
| 2 | Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands | 463 |
| 3 | Neytendasamtökin | 462 |
| 4 | Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi | 448 |
| 5 | Öryrkjabandalag Íslands | 393 |
| 6 | Stígamót | 335 |
| 7 | Menningarfélagið Tjarnarbió (MTB) | 318 |
| 8 | Krabbameinsfélag Íslands | 275 |
| 9 | Pieta samtökin, félagasamtök | 270 |
| 10 | Hinsegin dagar í Reykjavík - Reykjavík Pride | 260 |
| 11 | Félag kvenna í atvinnulífni | 252 |
| 12 | Unicef Ísland | 231 |
| 13 | KFUM og KFUK á Íslandi | 228 |
| 14 | Íslandsdeild Amnesty International | 217 |
| 15 | Samhjálp, félagasamtök | 210 |
| 16 | Landssamtökin Þroskahjálp | 206 |
| 17 | Félag íslenskra bifreiðaeigenda | 205 |
| 18 | Náttúruverndarsamtök Íslands | 193 |
| 19 | Félag eldri borgara í Reykjavík | 192 |
| 20 | Sviðslistasamband Íslands | 191 |
| 21 | Geðhjálp | 188 |
| 22 | Samtök um kvennaathvarf | 187 |
| 23 | Fiskidagurinn Mikli | 177 |
| 24 | Hagsmunasamtök heimilanna | 174 |
| 25 | Ferðafélag Íslands | 165 |
| 26 | UN Women Ísland | 165 |


Kynjaskipting viðmælanda í öllum fréttum ljósvakamiðla



Kynjaskipting viðmælanda í öllum fréttum ljósvakamiðla í atvinnugreininni „starfsemi annarra ótalinna félagasamtaka“



Samtökin '78 - Félag hinsegin fólks á Íslandi: Kynjaskipting viðmælanda í fréttum ljósvakamiðla



Yfirlit fréttu og/eða greina árið 2023

| Dagsetning | Fyrirsögn | Nafn fjölmiðils |
|------------|--|---------------------------------|
| 1/1/23 | Eftir ræðumar göngum við í verkin | Kjarninn.is |
| 1/4/23 | Samstarfssamning um reglubundna fræðslu um hinsegin málefni | Huni.is |
| 1/5/23 | Húnaþing vestra og Samtökin '78 gera samstarfssamning | Feykir.is |
| 1/6/23 | Samstarfssamningur við Samtökin '78 | Tröll.is |
| 1/18/23 | Hinseginveisla Miðbars og Sviðsins | Dfs.is |
| 1/19/23 | „Ég var að opna fyrir fjandann“ | Morgunblaðið |
| 1/19/23 | Kallaður „kynvillingurinn í Keflavík“ | Mbl.is |
| 1/19/23 | Stuðningur við heyrnarlaut flóttafólk, fötlud börn af erlendum uppruna og hinsegin flóttafólk | Miðlar Sveitafélaga og stofnana |
| 1/20/23 | Styðja sérstaklega við heyrnarlaut flóttafólk, fötlud börn af erlendum uppruna og hinsegin flóttafólk | Útvarpsaga.is |
| 2/2/23 | Sannaðu að þú sért hinsegin | Fréttablaðið |
| 2/2/23 | Sannaðu að þú sért hinsegin | Frettabladid.is |
| 2/6/23 | Iva klippt út úr myndbandi um gott aðgengi vegna skoðana sinna | Visir.is |
| 2/6/23 | Iva Marín klippt út vegna skoðana sem hún kannast ekki við | Frettabladid.is |
| 2/6/23 | Klipptu Ivu úr auglýsingu vegna skoðana sem hún kannast ekki við | Hringbraut.is |
| 2/7/23 | Ekki hatur heldur óvinsæl hlíð á viðkvæmu málefni | Frettabladid.is |
| 2/8/23 | Hættu málfófi um útlendingafrumvarpið | Visir.is |
| 2/11/23 | Kyn þátttakenda skipti ekki öllu máli | Frettabladid.is |
| 2/16/23 | Forsætisráðuneytið veitir Samtökunum '78 aukinn fjárstyrk | Miðlar Sveitafélaga og stofnana |
| 2/16/23 | Forsætisráðuneytið veitir Samtökunum '78 samtals 55 milljónir | Frettatiminn.is |
| 2/16/23 | Samtökin '78 fá aukinn styrk | Mbl.is |
| 2/17/23 | Árlegt framlag til Samtakanna '78 hátt í þrefaldað | vb.is |
| 2/17/23 | Fyrum dómsmálaráðherra kennir Samtökunum 78 um verðbólgu: Felix skellihlæer | Hringbraut.is |
| 2/17/23 | Klofningur innan hinsegin samfélagsins | Sjónvarpið |
| 2/17/23 | Múlaþing líka í fræðslusamstarf við Samtökin '78 | Austurfrett.is |
| 2/17/23 | Óttaslegin og sorgmædd vegna morðs á trans stúlku | Ruv.is |
| 2/18/23 | Sögð grýla sem hatar homma – Sigríður kennir Samtökunum 78 um verðbólgu | Mannlíf.is |
| 2/18/23 | Upplýsingaóreiða og hatursfull orðræða | Sjónvarpið |
| 2/18/23 | Upplýsingaóreiða og hræðsluáróður grasserar á samfélagsmiðlum | Ruv.is |
| 2/20/23 | „Afstaða kirkjunnar í heiminum til samkynhneigðar er ein af stóru syndum hennar í samtímanum“ | DV.is |
| 2/20/23 | Jafnrétti til að elska | Visir.is |
| 2/21/23 | „Ég fæ mig ekki til að tigna hómófóbiskan Guð“ | Mannlíf.is |
| 2/22/23 | Hin gagnrýna hugsun deyr | vb.is |
| 2/23/23 | Hin gagnrýna hugsun deyr | Viðskiptablaðið |
| 2/24/23 | Hin gagnrýna hugsun deyr | vb.is |
| 2/27/23 | Byður sig fram í stjórn Samtakanna '78 | Mbl.is |
| 2/27/23 | Jóhannes býður sig fram í stjórn: „Bakslagið gagnvart hinsegin fólki að undanförmu hefur vakið hjá mér brennandi þörf“ | Hringbraut.is |
| 2/27/23 | Jóhannes vill komast í stjórn Samtakanna 78: „Ég er minna leiðinlegur en margir halda“. | Mannlíf.is |
| 2/27/23 | Jóhannes þór vill í stjórn Samtakanna '78 | Visir.is |
| 2/28/23 | Jóhannes þór stefnir í stjórn '78 | Morgunblaðið |
| 2/28/23 | „Það er ástæða fyrir því að fólk er ósammála þér“ | Frettabladid.is |
| 3/2/23 | Verður opið hjá ykkur á föstudaginn? | Visir.is |
| 3/3/23 | Reykjanesbær gerir samstarfssamning við Samtökin 78 | vf.is |
| 3/6/23 | Samstarfssamningur við Samtökin 78 | Reykjanesbaer.is |
| 3/7/23 | Undirrituðu samstarfssamning við Samtökin 78 | Sudurnes.net |
| 3/9/23 | Þau vilja berjast fyrir samtökin | Frettabladid.is |
| 3/9/23 | Þau vilja berjast fyrir Samtökin '78 | Frettabladid.is |
| 3/10/23 | Jóhannes og Kristmundur nýir í stjórn Samtakanna '78 | Visir.is |
| 3/11/23 | Konurnar sem breyttu íslenskum stjórnmálum | Fréttablaðið |
| 3/11/23 | Konurnar sem breyttu íslenskum stjórnmálum | Frettabladid.is |

| Dagsetning | Fyrirsögn | Nafn fjölmíðils |
|------------|---|---------------------------------|
| 3/11/23 | Rosalegt taktleysi hjá óperunni | Frettabladid.is |
| 3/12/23 | „Öll okkar tilvera er baráttu við bakslagið“ | Ruv.is |
| 3/16/23 | „Konan mín er líka tvíkyndneigð“ | Frettabladid.is |
| 3/16/23 | Reykjanesbær í samstarfi við Samtökin 78 | Frettabladid.is |
| 3/16/23 | Varaþingmaður hættur í VG vegna útlendingafrumvarps | Samstöðin |
| 3/16/23 | Varaþingmaður VG segir sig úr flokknum | Ruv.is |
| 3/16/23 | Varaþingmaður VG segir sig úr flokknum vegna útlendingafrumvarpsins | Heimildin.is |
| 3/16/23 | Varaþingmaður VG tekur þung skref og segir sig úr flokknum | Bylgjan |
| 3/16/23 | Varaþingmaður VG tekur þung skref og segir sig úr flokknum | Visir.is |
| 3/17/23 | Bjartur Steingrímsson einn af þrjátíu sem hafa kvatt VG | Visir.is |
| 3/17/23 | Get ekki kennt mig við hreyfingu sem samþykkir mannréttindabrot | Samstöðin |
| 3/17/23 | Hættir í VG vegna útlendingafrumvarps | Morgunblaðið |
| 3/17/23 | þarf að segja eitthvað meira? | Visir.is |
| 3/18/23 | Boð og bönn í heimi lista og bókmennna | Fréttablaðið |
| 3/19/23 | Boð og bönn í heimi lista og bókmennna | Frettabladid.is |
| 3/19/23 | Halda þurfi áfram að endurskoða kerfið | Visir.is |
| 3/20/23 | Guðni Th. Jóhannesson: Ekki lögfesta mannréttindabrot í þínu nafni! | Visir.is |
| 3/21/23 | „Meirihlutfinn af samfélaginu er alveg tilbúinn í þetta“ | ruv.is - Menning |
| 3/21/23 | Reykjanesbær skrifar undir samstarfssamning við Samtökin 78 | Visir.is |
| 3/21/23 | Samstarfssamningur ríkislögreglustjóra og Samtakanna '78 undirritaður | Visir.is |
| 3/22/23 | Aukin hinsegin fræðsla á landsbyggðinni | Huni.is |
| 3/22/23 | Hinsegin fræðsla og ráðgjöf í sveitirnar | Rás 1 og 2 |
| 3/22/23 | Samstarfssamningur ríkislögreglustjóra og Samtakanna '78 undirritaður | Frettatiminn.is |
| 3/22/23 | Semja um aukna hinsegin fræðslu á landsbyggðinni | Ruv.is |
| 3/24/23 | Útlendingar og íslensk lög – þrættuepli samtímans | Heimildin |
| 3/29/23 | Útlendingar og íslensk lög – þrættuepli samtímans | Heimildin.is |
| 3/29/23 | Þegar Alþingi lögleiddi mannréttindabrot | Heimildin.is |
| 4/8/23 | Spilasjúkar mæðgur sem byrja daginn á spili og spjalli | Visir.is |
| 4/11/23 | Fræðslufundur fyrir sveitarstjórnarm fólk um hinsegin málefni | Frettatiminn.is |
| 4/11/23 | Fræðslufundur fyrir sveitarstjórnarm fólk um hinsegin málefni naldnir að nýju | Miðlar Sveitafélaga og stofnana |
| 4/11/23 | Kallað eftir gögnum | Morgunblaðið |
| 4/11/23 | Sveitarstjórnarm fólk fær fræðslu um hinsegin málefni | BB.is |
| 4/12/23 | Heimsókn á vegum Samtakanna 78 í Grunnskóla Fjallabyggðar | Tröll.is |
| 4/12/23 | Réttaróvissa og mismunun felist í lögum um tæknifrjógungun | Ruv.is |
| 4/13/23 | Alþingiskona birtir fordómfull skilaboð netniðings | DV.is |
| 4/13/23 | Ragnar segir Jódísi þingkona stunda öfugugahátt: „Láttu annara manna börn í friði“ | Mannlíf.is |
| 4/14/23 | Gerasí Samtökin '78 brotleg við 99. gr. barnaverndarlaga? | Morgunblaðið |
| 4/14/23 | Helga segir að Samtökin '78 ljúgi að grunnskólabörnum – „Alveg ljóst er að ef samtökin ræða þetta í fræðslunni stefna þau heilsu barna í hættu“ | DV.is |
| 4/14/23 | Þau sem þora | Visir.is |
| 4/15/23 | Bæjarstjórn tjáir sig vegna skrifa kennara | Akureyri.net |
| 4/15/23 | Bæjaryfirvöld tjá sig vegna pistils kennarans | Mbl.is |
| 4/15/23 | „Fólk sem veit ekkert um hvað það er að tala“ | Mbl.is |
| 4/15/23 | Fordæma viðhorf Helgu | Mbl.is |
| 4/15/23 | Harna viðhorf í grein grunnskólakennara | Visir.is |
| 4/15/23 | Kennarasambandið og móðir trans barns ósátt við skrif kennara | Rás 1 og 2 |
| 4/15/23 | Kennarasambandið og móðir trans barns ósátt við skrif kennara | Ruv.is |
| 4/15/23 | Kennarasambandið og móðir transbarns ósátt við skrif kennara | Ruv.is |
| 4/16/23 | Bæjarstjórn Akureyrar vill tryggja jafnan rétt allra og fagnar fjölbreytileikanum | Ruv.is |
| 4/17/23 | Getur ekki tjáð sig um mál kennarans í Síðuskóla | Rás 1 og 2 |
| 4/17/23 | Getur ekki tjáð sig um mál kennarans í Síðuskóla | Ruv.is |
| 4/17/23 | Trans-stríðið: Tekist á um fræðslu Samtakanna 78 | DV.is |
| 4/18/23 | Heilbrigðisþjónusta trans barna og ungmenna | Morgunblaðið |
| 4/18/23 | Hvað fæst fyrir 1.800 milljónir? | vb.is |
| 4/18/23 | Látum kennara um kennsluna | Morgunblaðið |

| Dagsetning | Fyrirsögn | Nafn fjölmiðils |
|------------|---|---------------------------------|
| 4/19/23 | Hvað fæst fyrir 1.800 milljónir? | Viðskiptablaðið |
| 4/20/23 | Hvað fæst fyrir 1.800 milljónir? | vb.is |
| 4/21/23 | „Ástin er forréttindi“ | Morgunblaðið |
| 4/24/23 | Samtökin 22: Ekki í okkar nafni | Visir.is |
| 4/24/23 | „Samtökin 22 eru ekki í okkar nafni“ | Visir.is |
| 4/24/23 | Samtökin 22 eru ekki í okkar nafni | Visir.is |
| 4/25/23 | Fordæmði áróður þessara nýju samtaka | Stöð 2 |
| 4/25/23 | Fræðsla gegn fordómum | Visir.is |
| 4/26/23 | Gagnrýnir samning Múlapings við Samtökin 78 | Austurfrett.is |
| 4/28/23 | Ungt fólk hammar neysluvenjur landsmanna | Mbl.is |
| 4/29/23 | Gríðarleg mistök sem gætu haft alvarlegar afleiðingar fyrir fræði og vísindi | ruv.is - Menning |
| 5/2/23 | Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig | Austurfrett.is |
| 5/4/23 | „Kennari var boðaður á fund skólastjóra fyrir að tjá opinberlega þá skoðun að kyn sé líffræðileg staðreynd“ | DV.is |
| 5/4/23 | „Kennari var boðaður á fund skólastjóra fyrir að tjá opinberlega þá skoðun að kyn sé líffræðileg staðreynd“ | Eyjan.is |
| 5/4/23 | Um tjáningarfrelsi kennara | Visir.is |
| 5/5/23 | Akureyrarbær semur við Samtökin '78 | Ruv.is |
| 5/5/23 | Samið við Samtökin 78 um hinseginfræðslu | Akureyri.net |
| 5/5/23 | Samstarfssamningur Akureyrarbæjar og Samtakanna '78 var undirritaður í dag | Kaffið.is |
| 5/5/23 | Samstarfssamningur Akureyrarbæjar og Samtakanna '78 var undirritaður í dag | Miðlar Sveitafélaga og stofnana |
| 5/5/23 | Samstarfssamningur Akureyrarbæjar og Samtakanna '78 var undirritaður í dag | vikudagur.is |
| 5/6/23 | Akureyri semur við Samtökin '78 | Morgunblaðið |
| 5/8/23 | Kynfræðsla sem gengur of langt – Fjögurra ára börnum kennd sjálfsfróun | Útvarpsaga.is |
| 5/8/23 | Við getum verið stolt | Visir.is |
| 5/9/23 | Fagna 45 ára afmæli | Stöð 2 |
| 5/9/23 | Kvöldfréttir Stöðvar 2 | Visir.is |
| 5/12/23 | Blönduð kynjasamsetning í yfir 90% stórra hlutafélaga með þrjú stjórnarmenn | Hagstofan.is |
